

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) nr. 1316/2013

32013R1316

frá 11. desember 2013

um að koma á fót sjóði fyrir samtengda Evrópu, um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 913/2010 og um niðurfellingu á reglugerðunum (EB) nr. 680/2007 og (EB) nr. 67/2010 (*)

EVROPUÞINGIÐ OG RAÐ EVROPUSAMBANDSINS
HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 172. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum svæðanefndarinnar⁽²⁾,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Til þess að ná upp snjallhagvexti, sjálfbærum hagvexti og hagvexti fyrir alla og örva atvinnusköpun í samræmi við markmið áætlunarinnar Evrópa 2020 þarf Sambandið nýstárleg og afkastamikil grunnvirki í flutninga-, fjarskipta- og orkugeirunum sem stuðla að því að tengja saman og samþætta Sambandið og öll svæði þess. Þessar tengingar ættu að auðvelda fjálsa för fólks, vara, fjármagns og þjónustu. Samevrópska netkerfið ætti að auðvelda tengingar yfir landamæri, hlúa að aukinni efnahagslegri og félagslegri samheldni og samheldni milli svæða og stuðla að samkeppnishæfara félagslegu markaðshagkerfi og berjast gegn loftslagsbreytingum.
- 2) Markmiðið með stofnun sjóðs fyrir samtengda Evrópu, sem er komið á fót með þessari reglugerð, er að hraða fjárfestingum í samevrópskum netkerfum og virkja fjármagn, jafnt frá opinbera geiranum og einkageiranum, og efla á sama tíma réttarvissu og virða meginregluna um tæknilegt hlutleysi. Sjóðurinn fyrir samtengda Evrópu ætti að stuðla að því að unnt verði að ná fullum samlegðaráhrifum milli flutninga-, fjarskipta- og orkugeiranna og auka þannig skilvirkni aðgerða Sambandsins og gera kleift að nýta sem best kostnað við framkvæmdir.

- 3) Samkvæmt framkvæmdastjórninni er áætluð fjárfestingarþörf vegna samevrópskra netkerfa í flutninga-, fjarskipta- og orkugeirunum á tímabilinu fram til 2020 970 000 milljónir evra.
- 4) Í þessari reglugerð er, að því er varðar að hrinda í framkvæmd sjóði fyrir samtengda Evrópu á tímabilinu frá 2014 til 2020, mælt fyrir um fjárhagsgramma sem nemur 33 242 259 000 evrum á núvirði, sem á að vera helsta viðmiðunarfjárhæðin í skilningi 17. liðar samstarfssamningsins milli stofnana Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar frá 2. desember 2013 um aga í stjórn fjármála, samstarf við fjárlagagerð og trausta fjármálastjórn⁽⁴⁾ fyrir Evrópuþingið og ráðið við árlega fjárlagagerð.
- 5) Til þess að nýta sem best fjárveitingar til sjóðsins fyrir samtengda Evrópu ætti framkvæmdastjórnin að geta lagt til flutning á fjárveitingum milli flutninga-, fjarskipta- og orkugeiranna í kjölfar áfangaúttektar á sjóðnum. Slík tillaga ætti að vera með fyrirvara um árlega fjárlagagerð.
- 6) Fjárhæð, sem nemur 11 305 500 000 evrum á núvirði og er flutt frá Samheldnisjóðnum, sem er komið á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1301/2013⁽⁵⁾, ætti að nota til að mæta skuldbindingu um fjárveitingu til fjármögnunarleiða samkvæmt þessari reglugerð einungis frá 1. janúar 2017.
- 7) Að koma á skilvirkum netkerfum flutninga- og orku-grunnvirkja er ein af tólf lykilaðgerðum sem framkvæmdastjórnin tilgreindi í orðsendingu sinni frá 13. apríl 2011 undir heitinu: „Stefna um innri markað: Tólf leiðir til að stuðla að vexti og efla traust — „Vinnum saman í þágu vaxtar““.
- 8) Framkvæmdastjórnin hefur skuldbundið sig til að fella aðgerðir vegna loftslagsbreytinga inn í útgjaldaáætlanir Sambandsins og beina að lágmarki 20% af fjárlögum Sambandsins til markmiða er tengjast loftslagsbreytingum. Mikilvægt er að tryggja að við undirbúning, mótun og framkvæmd verkefna sem þjóna sameiginlegum hagsmunum sé lögð áhersla á að draga úr loftslagsbreytingum og á aðlögun að þeim, svo og á forvarnir og stjórnun áhættu. Fjárfestingar í grunnvirkjum, sem falla undir þessa reglugerð, ættu að greiða fyrir umbreytingu yfir í hagkerfi og samfélag sem losa lítið af kolefnum og búa yfir þöli gegn loftslagsbreytingum og hamförum með hliðsjón af sérkennum svæða sem standa höllum fæti í ljósi náttúrulegra og lýðfræðilegra

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 348, 20.12.2013, bls. 129. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 154/2014 frá 9. júlí 2014 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 143, 22.5.2012, bls. 116.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 277, 13.9.2012, bls. 125.

⁽³⁾ Afstaða Evrópuþingsins frá 19. nóvember 2013 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum).

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB C 420, 20.12.2013, bls. 1.

⁽⁵⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1301/2013 frá 17. desember 2013 um Samheldnisjóðinn og niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 1084/2006 (Stjtið. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 289).

annmarka, einkum ystu svæða og eysvæða. Sjóðurinn fyrir samtengda Evrópu ætti að stuðla að markmiðum til meðallangs og langs tíma um að minnka kolefnislosun, einkum í flutninga- og orkugeirunum.

- 9) Í ályktun sinni frá 8. júní 2011 „Fjárfesting í framtíðinni: nýr fjárhagsrammi til margra ára fyrir samkeppnishæfa og sjálfbæra Evrópu fyrir alla“⁽⁶⁾ lagði Evrópuþingið áherslu á mikilvægi þess að tryggja skjóta framkvæmd Stafrænnar áætlunar Sambandsins og að halda áfram að vinna að því að ná eigi síðar en 2020 þeim markmiðum að háhraðanet standi öllum borgurum Sambandsins til boða, einnig á þeim svæðum sem eru á eftir í þróun. Evrópuþingið lagði áherslu á að fjárfesting í skilvirkum samgöngugrunnvirkjum gegndi lykilhlutverki í því að gera Evrópu kleift að verja samkeppnishæfni sína og greiða götu langtímahagvaxtar í kjölfar fjármálakrisunnar og að samevrópskt flutninganet (TEN-T) væri afar þýðingarmikið við að tryggja eðlilega starfsemi innri markaðarins og legði til mikilvægan evrópskan virðisauka. Evrópuþingið lýsti einnig yfir því álitu sínu að samevrópskt flutninganet ætti af þeim sökum að vera helsta forgangsverkefni fjárhagsrammans til margra ára og að nauðsynlegt væri að auka fjármagn til samevrópska flutningans innan þessa fjárhagsramma til margra ára. Enn fremur lagði Evrópuþingið áherslu á að nauðsynlegt væri að hámarka áhrif af fjármögnun Sambandsins og því tækifæri sem býðst með Samheldnisjóðnum og Uppbyggingar- og fjárfestingarsjóðum Evrópu og fjármögnunarleiðum við fjármögnun helstu forgangsverkefna aðildarríkja og yfir landamæri á sviði orkugrunnvirkja og undirstrikaði að nauðsynlegt væri að verulegir fjármunir færu til fjármögnunarleiða á þessu sviði af fjárlögum Sambandsins.
- 10) Efla ætti samlegðaráhrif milli fjármögnunarleiða á vegum sjóðsins fyrir samtengda Evrópu og annarra sjóða Sambandsins hvað varðar fjármögnun grunnvirkja á landamærasvæðum sem þáttar í heildrænni þróun netkerfanna.
- 11) Hinn 28. mars 2011 samþykkti framkvæmdastjórnin hvítbók undir heitinu „Áætlun um eitt samevrópskt flutninga-svæði — í átt að samkeppnishæfu og auðlindanýtnu flutningakerfi“ („hvítbókin“). Í hvítbókinni er stefnt að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í flutningageiranum um a.m.k. 60% fyrir 2050, borið saman við 1990. Hvað grunnvirki varðar er í hvítbókinni stefnt að því að koma á fjölbættu samevrópsku grunnflutninganeti sem er starfshæft að fullu og nær til alls Sambandsins eigi síðar en 2030. Efla ætti rekstrarsamhæfi með nýjum lausnum sem bæta samrýmanleika milli viðkomandi kerfa. Í hvítbókinni er einnig stefnt að því að hámarka afköst keðja vöruferilsstjórnunar innan fjölbættra flutninga, þ.m.t. með því nýta betur orkunýtna flutningsmáta. Af þeim sökum eru sett fram í henni eftirfarandi viðeigandi markmið hvað varðar stefnu um samevrópskt flutninganet: Færa ætti 30% af vöruflutningum á vegum sem

fara meira en 300 km leið yfir á aðra flutningsmáta eigi síðar en 2030 og yfir 50% eigi síðar en 2050. Núverandi háhraðajárnbrautakerfi ætti að þrefaldast að lengd fyrir 2030 og eigi síðar en 2050 ætti meginhluti farþegaflutninga á meðallöngum leiðum að fara fram með járnbrautum. Eigi síðar en 2050 ættu allir flugvellar á grunnneti að vera tengdir við járnbrautakerfi og allar hafnir við sjó tengdir kerfi vöruflutninga með járnbrautum og, þar sem unnt er, við kerfi skipgengra vatnaleiða.

- 12) Í ályktun sinni frá 6. júlí 2010 um sjálfbæra framtíð í flutningum⁽⁷⁾ lagði Evrópuþingið áherslu á að setja þyrfti fjárhagsramma fyrir skilvirka stefnu í flutningamálum sem hæfir þeim viðfangsefnum sem upp koma og á að auka ætti við núverandi fjármagn til flutninga og hreyfanleika í því skyni. Það taldi enn fremur að fyrir hendi væri þörf á að setja fram kerfi til að samræma og hámarka nýtingu fjármagns til flutninga frá mismunandi aðilum og allra þeirra leiða og kerfa til fjármögnunar sem fyrir liggja á vettvangi Sambandsins.
- 13) Ráðið ítrekaði, í niðurstöðum sínum frá 11. júní 2009 um endurskoðun stefnunnar um samevrópskt flutninganet, þörfina á því að halda áfram fjárfestingum í samgöngugrunnvirkjum í því skyni að tryggja viðeigandi þróun samevrópska flutningansins hvað alla flutningsmáta varðar, sem grundvöll fyrir innri markaðinn og samkeppnishæfni, efnahagslega og félagslega samheldni og samheldni milli svæða í Sambandinu og tengingar þess við nágrannalönd, með áherslu á þann evrópska virðisauka sem þetta myndi hafa í för með sér. Ráðið lagði einnig áherslu á þörfina á því að Sambandið legði til nauðsynlegt fjármagn til að örva fjárfestingar í verkefnum tengdum samevrópska flutninganetinu og þá einkum þörfina á því að samræma viðeigandi fjárhagsstuðning af fjárhagsáætlun samevrópska flutningansins til forgangsverkefna, sem varða viðeigandi kafla sem liggja yfir landamæri, og framkvæmd þessa sem myndi vara lengur en til ársins 2013 innan ramma takmarkana stofnana innan áætlunarinnar um fjárhagsramma til margra ára. Ráðið er á þeirri skoðun að í þessu samhengi ætti, þegar við á, að þróa enn frekar og styðja nálgun sem byggir á samstarfsverkefnum opinberra aðila og einkaaðila.
- 14) Á grundvelli markmiðanna, sem eru sett fram í hvítbókinni, ætti að tilgreina grunnvirki samevrópska flutningansins, kröfur sem uppfylla skal og setja fram ráðstafanir til framkvæmdar þeim í viðmiðunarreglum um samevrópska flutninganetið, eins og mælt er fyrir um þær í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1315/2013⁽⁸⁾. Í viðmiðunarreglunum er einkum litið til þess að koma grunnnetinu á fyrir 2030 með gerð nýrra grunnvirkja og með verulegri endurnýjun og endurbótum á fyrirbyggjandi grunnvirkjum.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB C 351E, 2.12.2011, bls. 13.

⁽⁸⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1315/2013 frá 11. desember 2013 um viðmiðunarreglur Sambandsins varðandi uppbyggingu samevrópska flutningansins og um niðurfellingu á ákvörðun nr. 661/2010/ESB (Stjtið. ESB L 348, 20.12.2013, bls. 1).

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB C 380E, 11.12.2012, bls. 89.

- 15) Það er mat framkvæmdastjórnarinnar, byggt á greiningu á áætlunum aðildarríkja um samgöngugrunnvirki, að fjárfestingarþörf í flutningum nemi 500 000 milljónum evra á öllu samevrópska flutninganetinu á tímabilinu 2014–2020, þar af er áætlað að fjárfesta þurfi 250 000 milljónir evra í grunnneti samevrópska flutninganetsins.
- 16) Tryggja ætti, þar sem við á, landfræðilega aðlögun leiðareina fyrir vöruflutninga með járnbrautum, eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 913/2010⁽⁹⁾, og leiðareina grunnnetsins skv. I. hluta I. viðauka við þessa reglugerð, með hliðsjón af markmiðum viðkomandi fjármögnunarleiða, til þess að draga úr stjórnsýslubyrði og einfalda þróun og notkun járnbrautargrunnvirkja. Leiðareinar fyrir vöruflutninga með járnbrautum ættu einungis að falla undir ákvæði reglugerðar (ESB) nr. 913/2010, einnig að því er varðar breytingar á aðlögun þeirra.
- 17) Innan ramma endurskoðunar á stefnu um samevrópskt flutninganet, sem sett var af stað í febrúar 2009, var komið á fót sérstökum sérfræðingahópi til stuðnings framkvæmdastjórninni og til að fjalla um fjármögnunar-áætlun og fjármögnunarsjónarmið í tengslum við samevrópska flutninganetið. Sérfræðingahópur nr. 5 byggði á reynslu utanaðkomandi sérfræðinga á ýmsum sviðum: stjórnenda grunnvirkja, skipuleggjenda grunnvirkja, fulltrúa aðildarríkja, svæða og staða, sérfræðinga í umhverfismálum, háskólafélks og fulltrúa einkageirans. Í lokaskýrslu sérfræðingahóps nr. 5⁽¹⁰⁾ sem var samþykkt í júlí 2010 eru sett fram 40 tilmæli og hefur tillit verið takið til sumra þeirra í þessari reglugerð. Í þeirri skýrslu er m.a. lagt til að framkvæmdastjórnin setji fram staðlaðan ramma varðandi blöndun styrkja frá Sambandinu og samstarfsverkefna opinberra aðila og einkaaðila um samevrópskt flutninganet, sem tekur bæði til fjármagns innan ramma samhaldnistefnunnar og fjármagns til samevrópska flutningsnetsins.
- 18) Reynslan af fjárhagsramma til margra ára (2007–2013) sýnir að sum aðildarríki, sem uppfylla skilyrði fyrir fjármögnun úr Samhaldnisjódnum, standa frammi fyrir verulegum hindrunum við að ljúka í tæka tíð flóknum verkefnum á sviði samgöngugrunnvirkja sem ná yfir landamæri og fela í sér mikinn evrópskan virðisauka og að sjá til þess að fjármunir sjóðsins séu nýttir með skilvirkum hætti. Til þess að ljúka megi samgönguverkefnum, einkum þeim sem ná yfir landamæri, er fela í sér mikinn evrópskan virðisauka, ætti þess vegna að setja hluta af úthlutunum Samhaldnisjóðsins (11 305 500 000 evrur) til fjármögnunar samgönguverkefna fyrir grunnflutninganetið eða samgönguverkefna er varða þverlæg forgangsverkefni í þeim aðildarríkjum sem teljast uppfylla skilyrði fyrir fjármögnun úr Samhaldnisjódnum innan ramma sjóðsins fyrir samtengda Evrópu. Á upphafsstiginu ætti við val á verkefnum, sem uppfylla skilyrði fyrir fjármögnun, að virða úthlutanir aðildarríkja innan ramma Samhaldnisjóðsins. Framkvæmdastjórnin ætti að styðja þau aðildarríki, sem uppfylla skilyrði fyrir fjármögnun úr Samhaldnisjódnum, í viðleitni þeirra við að þróa röð viðeigandi verkefna, einkum með því að styrkja stofnanalega getu viðkomandi opinberrar stjórnsýslu og skipuleggja fleiri auglýsingar eftir tillögum, jafnframt því að tryggja gagnsætt ferli við val á verkefnum.
- 19) Ekki ætti að nota fjárhæðina 11 305 500 000 evrur, sem er flutt frá Samhaldnisjódnum til nota einungis í aðildarríkjum sem hafa uppfyllt skilyrði fyrir fjármögnun úr Samhaldnisjódnum, til þess að fjármagna aðgerðir með samlegðaráhrif milli flutninga-, fjarskipta- og orku-geiranna, sem stuðla að verkefnum sem þjóna sameiginlegum hagsmunum sem verða til í kjölfar auglýsingar eftir tillögum sem tekur til marga geira.
- 20) Stofnanabundin og stjórnsýsluleg geta er nauðsynleg forsenda þess að unnt sé að ná markmiðum sjóðsins fyrir samtengda Evrópu með skilvirkum hætti. Framkvæmdastjórnin ætti, eftir því sem unnt er, að bjóða viðeigandi stuðningsleiðir til þess að unnt sé að skipuleggja verkefni í hlutaðeigandi aðildarríkjum og koma þeim til framkvæmda.
- 21) Í orðsendingu sinni frá 17. nóvember 2010, undir heitinu „Forgangsverkefni á sviði orkugrunnvirkja fyrir árið 2020 og þar eftir – Áætlun um samþætt evrópskt orkunet“, tilgreindi framkvæmdastjórnin þær forgangsleiðareinar sem eru nauðsynlegar til þess að Sambandið geti náð metnaðarfullum markmiðum sínum í orku- og loftslagsmálum fyrir 2020 í því skyni að koma að fullu á innri orkumarkaði, tryggja afhendingaröryggi, gera kleift að fella inn endurnýjanlega orkugjafa og búa netkerfi undir að draga enn frekar úr losun kolefna í orkukerfinu eftir 2020.
- 22) Fyrir liggur þörf á meiriháttar fjárfestingu til þess að nútímavæða og stækka orkugrunnvirki Evrópu og samtengja netkerfi yfir landamæri og binda enda á einangrun aðildarríkja hvað orku varðar, til þess að ná stefnumarkmiðum Sambandsins um samkeppnishæfni, sjálfbærni og afhendingaröryggi á sviði orku- og loftslagsmála á kostnaðarhagkvæman hátt. Samkvæmt framkvæmdastjórninni nemur áætluð fjárfestingarþörf í orkugrunnvirkjum til ársins 2020 1 000 000 milljónum evra, þ.m.t. fjárfesting upp á u.þ.b. 200 000 milljónir evra í grunnvirkjum til flutnings og geymslu á rafmagni og gasi sem talið er að sé mikilvæg fyrir Evrópu. Samkvæmt vinnuskjali framkvæmdastjórnarinnar, undir heitinu „Fjárfestingar- og fjármögnunarþarfir vegna orkugrunnvirkja“ sem var lagt fyrir ráðið, er hætta á að ekki verði unnt að koma á fjárfestingu upp á u.þ.b. 100 000 milljónir evra til verkefna, sem hafa þýðingu fyrir Evrópu, vegna hindrana í tengslum við leyfisveitingar, stjórnun og fjármögnun.

⁽⁹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 913/2010 frá 22. september 2010 um evrópskt járnbrautarkerfi fyrir samkeppnishæfa farmflutninga (Stjútíð. ESB L 276, 20.10.2010, bls. 22).

⁽¹⁰⁾ http://ec.europa.eu/transport/infrastructure/ten-t-policy/review/doc/expert-groups/expert_group_5_final_report.pdf

- 23) Brýn þörf er á að byggja upp orkugrunnvirki framtíðarinnar og umtalsverð aukning í fjárfestingum í samburði við fyrri þróun kallar á grundvallarbreytingu hvað varðar stuðning við orkugrunnvirki á vettvangi Sambandsins. Í niðurstöðum sínum frá 28. febrúar 2011 studdi ráðið það að setja orkuleiðareinar í forgang fyrir Evrópu.
- 24) Leiðtogaráðið hvatti framkvæmdastjórnina 4. febrúar 2011 til að einfalda og bæta málsmeðferð við leyfisveitingu að því er orkugeirann varðar og efla regluramma sem laðar að fjárfestingar. Það lagði áherslu á að stærstur hluti fjárfestinga yrði að koma í gegnum markaðinn sem fengi kostnað sinn til baka í gegnum gjaldtöku. Leiðtogaráðið viðurkenndi að nota þyrfti opinbert fjármagn til verkefna í þágu afhendingaröryggis eða samheldni þar sem ekki er hægt að laða að fjármögnun á markaðsgrunni. Það lagði enn fremur áherslu á þörfina á að færa orkugrunnvirki Evrópu til nútímahorfs og stækka það og að tengja saman net yfir landamæri í því skyni að virkja samstöðu aðildarríkja, að gera ráð fyrir öðrum afhendingar- eða umflutningsleiðum og orkugjöfum og að þróa endurnýjanlega orkugjafa sem geta keppt við hefðbundna orkugjafa. Það lagði mikla áherslu á að koma ætti innri orkumarkaðnum á eigi síðar en 2014 til að tryggja frjálst flæði gass og rafmagns og að ekkert aðildarríki standi einangrað frá evrópskum gas- og raforkunetum eftir 2015 eða sjái orkuöryggi sínu stefnt í voða vegna skorts á viðeigandi tengingum. Í vinnuáætlunum tveggja fyrstu áranna, sem eru samþykktar samkvæmt þessari reglugerð, ætti að leggja áherslu á verkefni sem þjóna sameiginlegum hagsmunum og tengdar aðgerðir sem miða að því að binda enda á einangrun hvað orku varðar og koma í veg fyrir flöskuhálsa og færast þannig í átt að því markmiði að koma á innri orkumarkaði.
- 25) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 347/2013⁽¹⁾ eru greind forgangsverkefni samevrópskra orkugrunnvirkja sem koma þarf til framkvæmda fyrir 2020 til þess að ná stefnumiðum Sambandsins á sviði orku- og loftslagsmála, settar fram reglur til þess að greina verkefni sem þjóna sameiginlegum hagsmunum og eru nauðsynleg til að koma þessum forgangsverkefnum til framkvæmda og mælt fyrir um ráðstafanir í tengslum við veitingu leyfa, þátttöku hins opinbera og reglusetningu til að hraða og/eða greiða fyrir framkvæmd þessara verkefna, þ.m.t. viðmiðanir hvað varðar aðstoðarhæfi slíkra verkefna með tilliti til fjárhagsaðstoðar Sambandsins.
- 26) Fjarskipti reiða sig í síaukunum mæli á innviði Netsins þar sem grunnvirki breiðbandsnetkerfa verða til þess að virkja nýtingu stafrænnar þjónustu í margs konar starfsemi í samfélaginu. Netið er að verða helsti vettvangur samskipta, viðskipta, þjónustu opinberra aðila og einkaaðila og hvað varðar félagslega og menningarlega samheldni. Enn fremur hafa skýjavinnsla og hugbúnaðarveitur komið fram sem ný viðmið í tölvuvinnslu. Af þeim sökum er áriðandi að fyrir liggja samevrópskur aðgangur að gegnumsmeygu hröðu Neti og nýrri stafrænni þjónustu vegna hagvaxtar og innri markaðarins.
- 27) Nútímaleg hraðvirk tenginet eru þýðingarmikil grunnvirki fyrir framtíðina hvað varðar tengjanleika evrópskra fyrirtækja, einkum lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem vilja nýta sér skýjavinnslu til þess að bæta kostnaðarhagkvæmni. Til þess að komast hjá tvöföldun grunnvirkja, koma í veg fyrir tilfærslu einkafjárfestinga og efla uppbyggingu á getu með það í huga að skapa ný fjárfestingartækifæri og stuðla að framkvæmd ráðstafana til að draga úr kostnaði ætti að grípa til aðgerða til að samræma betur stuðning Sambandsins við breiðband innan ramma sjóðs fyrir samtengda Evrópu og breiðband frá öllum fyrirbyggjandi aðilum, þ.m.t. á vegum breiðbandsáætlananna aðildarríkja.
- 28) Áætlunin Evrópa 2020 kallar á framkvæmd Stafrænnar áætlunar fyrir Evrópu sem kemur á stöðugum lagamma til að örva fjárfestingar á opnu og samkeppnishæfu háhraðanetgrunnvirki og tengdri þjónustu. Markmiðið ætti að vera það að Evrópa hafi hraðvirkasta breiðband í heimi eigi síðar en 2020, byggt á nýjustu tækni.
- 29) Ráðið komst að þeirri niðurstöðu 31. maí 2010 að Sambandið ætti að setja nauðsynlegt fjármagn til þróunar á stafrænum innri markaði, sem byggðist á hröðu og ofurhröðu Neti og rekstrarsamhæfum hugbúnaði, og viðurkenndi að skilvirk og samkeppnishæf fjárfesting í næstu kynslóð breiðbandsneta væri nauðsynleg nýsköpun, neytendavali og samkeppnishæfni Sambandsins og gæti leitt til meiri lífsgæða með bættri heilbrigðisþjónustu, öruggari flutningum, nýjum fjölmiðlatækifærum og auðveldara aðgengi að vörum, þjónustu og þekkingu, einkum yfir landamæri.
- 30) Einkageirinn ætti að gegna leiðandi hlutverki við að byggja upp og nútímavæða breiðbandsnet, með stuðningi regluramma sem stuðlar að samkeppnishæfni og fjárfestingum. Ef fjárfestingar einkaaðila duga ekki til ættu aðildarríki að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að ná markmiðum stafrænu áætlunarinnar. Takmarka ætti aðstoð við breiðband af opinberum fjárveitingum við

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 347/2013 frá 17. apríl 2013 um viðmiðunarreglur fyrir samevrópskt orkugrunnvirki og niðurfellingu á ákvörðun nr. 1364/2006/EB og breytingu á reglugerðum (EB) nr. 713/2009, (EB) nr. 714/2009 og (EB) nr. 715/2009 (Stjtið. ESB L 115, 25.4.2013, bls. 39).

fjármögnunarleiðir í þágu áætlana eða framtaksverkefna sem miða að verkefnum þar sem fjármögnun einkageirans dugur ekki til, staðfest með fyrirframmati til að greina markaðsgalla eða fjárfestingu sem eru minni að umfangi en æskilegt er.

- 31) Þar af leiðandi er afar áriðandi að hvetja til þess, í samræmi við meginregluna um tæknilegt hlutleysi, að tekin verði í notkun alls staðar í Sambandinu hröð og ofurhröð breiðbandsnet og greiða fyrir þróun og nýtingu samevrópskrar stafrænnar þjónustu. Fjárfesting opinberra aðila í hröðum og ofurhröðum breiðbandsnetum á grundvelli fjármögnunarleiða má ekki leiða til rökunar á markaði eða draga úr áhuga á fjárfestingu. Hana ætti að nota til að laða að fjárfestingar einkaaðila og einungis nýta hana þegar viðskiptalífíð sýnir fjárfestingum lítinn áhuga.
- 32) Þörf er á nokkrum framkvæmdaraðferðum og ólíku fjárfestingarhlutfalli og fjármögnunarleiðum til að efla skilvirkni og áhrif af fjárhagsaðstoð Sambandsins, hvetja til fjárfestinga einkaaðila og bregðast við sértækum þörfum einstakra verkefna.
- 33) Reglugerð um viðmiðunarreglur um samevrópsk netkerfi á sviði fjarskiptavirkja mun tilgreina viðmiðanir hvað varðar fjárhagsstuðning til verkefna sem þjóna sameiginlegum hagsmunum samkvæmt þessari reglugerð.
- 34) Horizon 2020 – rammaáætlun um rannsóknir og nýsköpun⁽¹²⁾ – beinir sjónum m.a. að því að takast á við samfélagsleg viðfangsefni (s.s. á grundvelli snjallflutninga, grænna flutninga, aðgengilegra flutninga og samþættra flutninga, öruggar, hreinnar og skilvirkar orku ásamt heilbrigðisþjónustu, opinberri stjórnsýslu og sjálfbærri þróun er byggjast á upplýsinga- og samskiptatækni) til þess að bregðast með beinum hætti við þeim áskorunum sem greindar eru innan áætlunarinnar Evrópa 2020 með því að styðja við starfsemi sem tekur til allra þátta allt frá rannsókn til markaðar. Horizon 2020 mun styðja við öll stig nýsköpunarkeðjunnar, einkum starfsemi sem liggur nær markaði, þ.m.t. nýjar fjármögnunarleiðir. Sjóðurinn fyrir samtengda Evrópu mun þróa nán samlegðaráhrif með Horizon 2020 með það að markmiði að auka áhrif af fjármögnun Sambandsins og til að tryggja samfelli.
- 35) Í orðsendingu sinni frá 20. júlí 2010, sem ber heitið „Leiðin til evrópsks umferðaröryggissvæðis: stefnumið um umferðaröryggi 2011-2020“, setti framkvæmdastjórnin fram ramma um stefnumið í þágu öruggra grunnvirkja sem lykilorð þáttar í að draga úr slysum á vegum um 50% eigi síðar en 2020. Sjóðurinn fyrir samtengda Evrópu ætti

því að sjá til þess að beiðnir um fjármögnun Sambandsins uppfylli kröfur, tilmæli og markmið um öryggi sem eru sett fram í allri viðeigandi löggjöf Sambandsins um umferðaröryggi. Í mati á frammisöðu sjóðsins um samtengda Evrópu ætti að hafa hliðsjón af fækkun slysa í vegakerfi Sambandsins.

- 36) Sambandið og flest aðildarríki eru aðilar að samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks en önnur aðildarríki vinna enn að fullgildingum hans. Eins og getið er í þeim samningi er mikilvægt við framkvæmd viðkomandi verkefna að litið verði til aðgengis fatlaðs fólks í verkefnalýsingu.
- 37) Enda þótt markaðurinn og stjórnvaldsráðstafanir geti annast stóran hluta fjárfestinga innan ramma áætlunarinnar Evrópa 2020 kunna fjárhagsleg viðfangsefni að krefjast aðgerða af hálfu hins opinbera og stuðnings Sambandsins í formi styrkja og nýrra fjármögnunarleiða.
- 38) Til þess að nýta sem best fjárlög Sambandsins ætti að beina styrkjum til þeirra verkefna sem einkageirinn fjármagnar í of litlum mæli.
- 39) Ekki ætti að útiloka verkefni á sviði járnabrauta frá styrkjum samkvæmt þessari reglugerð þar sem þeim fylgja tekjur af lögbundnum gjöldum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/34/ESB⁽¹³⁾.
- 40) Ráðstafanir margra aðildarríkja í skattamálum verða, eða hafa þegar verið, opinberum yfirvöldum hvatning til að endurmeta áætlanir sínar um fjárfestingar í grunnvirkjum. Í þessu samhengi hefur verið litið á samstarfsverkefni opinberra aðila og einkaaðila sem skilvirka leið til að leysa verkefni á sviði grunnvirkja sem tryggja að stefnumiðum sé náð, s.s. að berjast gegn loftslagsbreytingum, ýta undir notkun annarra orkugjafa og orku- og auðlindanýtni, og styðja við sjálfbæra flutninga og notkun breiðbandsneta. Í orðsendingu sinni frá 19. nóvember 2009, sem ber heitið: „Virkjun fjárfestinga opinberra aðila og einkaaðila til endurreisnar og skipulagsbreytinga til lengri tíma: þróun samstarfs opinberra aðila og einkaaðila“, skuldbatt framkvæmdastjórnin sig til að bæta aðgengi að fjármögnun til samstarfsverkefna opinberra aðila og einkaaðila með því að vikka út gildissvið fyrirbyggjandi fjármögnunarleiða.
- 41) Í orðsendingu sinni frá 19. október 2010, sem ber heitið „Endurskoðun á fjárlögum ESB“, lagði framkvæmdastjórnin áherslu á að hefðbundin leið vegna verkefna, sem geta haft möguleika til langs tíma í viðskiptalegu tilliti, ætti að vera notkun fjármagns frá Sambandinu í samstarfi við fjármála- og bankageirann,

⁽¹²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1291/2013 frá 11. desember 2013 um að koma á fót Horizon 2020 - rammaáætlun um rannsóknir og nýsköpun (2014-2020) og um niðurfellingu á ákvörðun nr. 1982/2006/EB (Stjtið. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 104).

⁽¹³⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/34/ESB frá 21. nóvember 2012 um að koma á fót samevrópsku járnbrautarsvæði (Stjtið. ESB L 343, 14.12.2012, bls. 32).

einkum Fjárfestingarbanka Evrópu og opinberar fjármála-stofnanir aðildarríkjanna, en einnig við aðrar alþjóðlegar fjármálastofnanir og einkarekna fjármálageirann, þ.m.t. á vettvangi einstakra aðildarríkja og svæða.

- 42) Nota ætti fjármögnunarleiðir til að mæta sérstökum þörfum markaðarins, til aðgerða sem hafa skýran evrópskan virðisauka og eru í samræmi við markmið sjóðsins fyrir samtengda Evrópu og ættu ekki að ryðja frá einkafjárfestingu. Þær ættu að bæta vogunarhrif af fjárlagaútgjöldum Sambandsins og ná betri margföldunaráhrifum hvað varðar það að laða að fjármögnun einkageirans. Þetta á einkum við í tengslum við erfiðleika við að fá aðgang að lánsfé og skorður í ríkisfjármálum og í ljósi þarfar á því að renna stöðum undir endurreisn efnahags Evrópu. Áður en ákveðið er að nýta fjármögnunarleiðir ætti framkvæmdastjórnin að láta fram fara fyrirframat á viðkomandi fjármögnunarleið, eins og krafist er í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 966/2012⁽¹⁴⁾.
- 43) Í áætluninni Evrópa 2020 skuldbatt framkvæmdastjórnin sig til að virkja fjármögnunarleiðir Sambandsins sem þátt í samræmdri fjármögnunarstefnu sem dregur saman fjármögnun til grunnvirkja á vegum opinberra aðila og einkaaðila í Sambandinu og á vettvangi aðildarríkjanna. Þetta er byggt á þeirri forsendu að í mörgum tilvikum er unnt að takast á við fjárfestingar sem eru minni að umfangi en æskilegt er og markaðsgalla með skilvirkari hætti með fjármögnunarleiðum en með styrkjum.
- 44) Sjóðurinn fyrir samtengda Evrópu ætti að bjóða fjármögnunarleiðir til að stuðla að verulegri þátttöku fjárfesta og fjármálastofnana í einkageiranum í fjárfestingum grunnvirkja. Skipuleggja ætti fjármögnunarleiðir og koma þeim til framkvæmda með tilhlýðilegri hliðsjón af einföldun og minna stjórnsýsluálagi til að vera nægilega aðlaðandi fyrir einkageirann en ættu einnig að geta brugðist við greindum fjármögnunarþörfum á sveigjanlegan hátt. Við skipulagningu þessara fjármögnunarleiða ætti að byggja á þeirri reynslu sem fékkst við framkvæmd fjármögnunarleiða innan fjárhagsrammans til margra ára (2007-2013), sem eru m.a. fjármögnunarleið vegna lánsábyrgðar í þágu verkefna á sviði samevrópsks flutninganets (LGTT), fjárfestingarfyrirgreiðsla með áhættuhlutdeild (RSFF), sjóður Evrópu 2020 vegna orkumála, loftslagsbreytinga og grunnvirkja (Marguerite-sjóðurinn) og framtaksvirkefni Evrópu 2020 um verkefnisskuldabréf.
- 45) Kanna ætti möguleika á því að nýta nýjar fjármögnunarleiðir, s.s. verkefnisskuldabréf, til að styðja við fjármögnun samgöngugrunnvirkja með evrópskan virðis-

auka, í samræmi við niðurstöður fyrirframmats og annars viðeigandi mats, einkum sjálfstæðs mats á framtaksvirkefni Evrópu 2020 um verkefnisskuldabréf á árinu 2015.

- 46) Til þess að nýta sem best fjárveitingar, sem er úthlutað til sjóðsins fyrir samtengda Evrópu, ætti framkvæmdastjórnin að tryggja framhald allra þeirra fjármögnunarleiða sem er komið á samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 680/2007⁽¹⁵⁾ og áhættuhlutdeildarleiðar vegna verkefnisskuldabréfa sem er komið á samkvæmt ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1639/2006/EB⁽¹⁶⁾ innan ramma þeirra fjármögnunarleiða vegna lána og eigin fjár sem tóku við af þeim samkvæmt þessari reglugerð, á grundvelli fyrirframmats eins og kveðið er á um í reglugerð (ESB, KBE) nr. 966/2012.
- 47) Við val á skilvirkasta formi fjárhagsaðstoðar ætti að taka tilhlýðilegt tillit til geira- og verkefnabundinna sérkenna aðstoðarhæfra verkefna. Til að nýta fjárlög Sambandsins með sem skilvirkustum hætti og efla margföldunarhrif af fjárhagsaðstoð Sambandsins hvað orkugeirann varðar ætti framkvæmdastjórnin að leitast við, að því marki sem unnt er og með fyrirvara um markaðsútbreiðslu, að setja í forgang nýtingu fjármögnunarleiða hvenær sem það á við en virða jafnframt þak á nýtingu fjármögnunarleiða í samræmi við þessa reglugerð. Hvetja ætti skipuleggjendur verkefna á sviði orkumála til að kanna möguleikann á því að nýta fjármögnunarleiðir áður en sótt er um styrki til verka. Framkvæmdastjórnin ætti í þessu tilliti að veita viðeigandi stuðning til að ná sem bestri útbreiðslu fjármögnunarleiða.
- 48) Verkefni sem þjóna sameiginlegum hagsmunum á sviði raforku, gass og koltvísyrings ættu að teljast uppfylla skilyrði fyrir fjárhagsaðstoð Sambandsins til rannsókna og, við sérstök skilyrði, vegna verka í formi styrkja eða nýrra fjármögnunarleiða. Þetta tryggir að unnt sé að veita sérsniðinn stuðning vegna verkefna sem þjóna sameiginlegum hagsmunum og eru ekki lífvænleg samkvæmt gildandi regluramma og við núverandi markaðsaðstæður. Á sviði orkumála er mikilvægt að forðast hvers kyns röskun á samkeppni, einkum milli verkefna sem eiga þátt í að ná fram sömu forgangsleiðarein Sambandsins. Þessi fjárhagsaðstoð skal tryggja nauðsynlega samvirkni með evrópsku uppbyggingar- og fjármögnunarsjóðunum sem fjármagna snjallnet til orkudreifingar sem hafa staðbundna eða svæðisbundna þýðingu. Þrjú þætti leið á við um fjárfestingar í verkefnum sem þjóna sameiginlegum hagsmunum. Í fyrsta lagi ætti markaðurinn að hafa forgang til

⁽¹⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 966/2012 frá 25. október 2012 um fjárhagsreglur sem gilda um fjárlög Sambandsins og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 1605/2002 (Stjtið. ESB L 298, 26.10.2012, bls. 1).

⁽¹⁵⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 680/2007 frá 20. júní 2007 um almennar reglur um fjárhagsaðstoð Bandalagsins á sviði samevrópskra flutnings- og orkuneta (Stjtið. ESB L 162, 22.6.2007, bls. 1).

⁽¹⁶⁾ Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1639/2006/EB frá 24. október 2006 um að koma á rammaáætlun um samkeppnishæfni og nýsköpun (2007-2013) (Stjtið. ESB L 310, 9.11.2006, bls. 15).

- fjárfestingar. Í öðru lagi ætti að kanna stjórnsýslulegar lausnir ef markaðurinn fjárfestir ekki, ef nauðsyn krefur skal aðlaga viðeigandi regluramma og tryggja skal rétta beitingu viðeigandi regluramma. Nægi fyrri þættirnir tveir ekki til að útvega nægilegar fjárfestingar til verkefna sem þjóna sameiginlegum hagsmunum má í þriðja lagi veita fjárhagsaðstoð Sambandsins ef verkefnið sem þjónar sameiginlegum hagsmunum uppfyllir viðeigandi viðmiðanir um aðstoðarhæfi.
- 49) Samkvæmt 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 347/2013 eru öll verkefni, sem þjóna sameiginlegum hagsmunum og falla undir flokkana í 1., 2. og 4. lið II. viðauka við þá reglugerð talin uppfylla skilyrði fyrir fjárhagsaðstoð Sambandsins í formi rannsóknarstyrkja og fjármögnunarleiða. Nota má verk tengda styrki til aðgerða er stuðla að verkefnum sem þjóna sameiginlegum hagsmunum og sýna einkum, í samræmi við 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 347/2013, umtalsverð jákvæð úthrif og eru ekki arðbær í viðskiptalegu tilliti samkvæmt viðskiptaáætlun verkefnisins og öðru mati sem einkum fer fram af hálfu mögulegra fjárfesta, lánveitenda eða stjórnvalda í hverju aðildarríki.
- 50) Til þess að tryggja að aðstoðarþegar fjármögnunarleiða dreifist yfir geirana og hvetja til þess að landfræðileg dreifing yfir aðildarríkin aukist smám saman, einkum með hliðsjón af þeim aðildarríkjum sem uppfylla skilyrði fyrir stuðningi frá Samheldnisjóðnum, ætti framkvæmdastjórnin, í samstarfi við Fjárfestingarbanka Evrópu, að láta í té, á grundvelli sameiginlegra fram- taksverkefna, s.s. Evrópumíðstöðvar sérfræðinga á sviði samstarfsverkefna opinberra aðila og einkaaðila (EPEC) og sameiginlegrar aðstoðar til stuðnings verkefnum á evrópskum svæðum (Jaspers), stuðning til aðildarríkjanna við þróun viðeigandi verkefna á undirbúningsstigi sem koma til álita við verkefnafjármögnun.
- 51) Fjármögnunarleiðir samkvæmt þessari reglugerð ættu að endurspegla þær reglur, sem mælt er fyrir um í VIII. bálki reglugerða (ESB, KBE) nr. 966/2012 og í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1268/2012⁽¹⁷⁾, og ættu að vera í samræmi við reglur um bestu starfsvenjur sem eiga við um fjármögnunarleiðir.
- 52) Með hliðsjón af skilyrðum varðandi fjármögnunarleiðirnar kann að vera nauðsynlegt að bæta við kröfum í vinnu- áætlanirnar, t.d. í því skyni að tryggja samkeppnishæfa markaði í ljósi þróunar á áætlunum Sambandsins, tæknipróunar og annarra þátta sem kunna að skipta máli.
- 53) Áætlanir til margra ára vegna stuðnings frá sjóðnum fyrir samtengda Evrópu ættu beinast að því að styðja við forgangsverkefni Sambandsins með því að tryggja að nauðsynlegt fjármagn sé fyrir hendi og að sameiginlegar aðgerðir Sambandsins og aðildarríkjanna séu samræmdar, gagnsæjar og samfelldar. Að því er varðar tillögur, sem eru settar fram í kjölfar framkvæmdar fyrstu vinnuáætlun- arinnar til margra ára í flutningageiranum, ætti aðstoðar- hæfi kostnaðar að hefjast 1. janúar 2014 til þess að tryggja samfellu verkefna sem falla þegar undir reglugerð (EB) nr. 680/2007.
- 54) Vegna þess verulega fjármagns sem þörf er á vegna framkvæmdar sumra verkefna á sviði grunnvirkja ætti að gera ráð fyrir þeim möguleika að skipta skuldbindingum samkvæmt fjárlögum í tengslum við fjárhagsaðstoð til sumra aðgerða niður í árlegar greiðslur.
- 55) Í ljósi tiltæks fjármagns á vettvangi Sambandsins er nauðsynlegt að leggja áherslu á þau verkefni sem fela í sér mesta mögulega evrópskan virðisauka til þess að ná fram tilætluðum áhrifum. Af þeim sökum ætti að beina stuðningi að grunnnetinu og verkefnum sem þjóna sameiginlegum hagsmunum á sviði umferðarstjórnunarkerfa, einkum kerfum til rekstrarstjórnunar flugumferðar sem leiðir af nýrri kynslóð evrópsks rekstrarstjórnunarkerfisins fyrir flugumferð (SESAR-kerfið), sem þarfnast fjár- veitinga frá Sambandinu upp á u.þ.b. 3000 milljónir evra, og skynvædda flutningakerfinu (ITS), eftirlits- og upplýsingakerfinu fyrir umferð á sjó (VTMIS), upplýs- ingaþjónustu um ár (RIS) og evrópska stjórnunarkerfinu fyrir járnbrautarumferð (ERTMS). Í orkugeiranum ætti að beina fjárhagsaðstoð að því að koma á innri orkumarkaði, tryggja afhendingaröryggi, ýta undir sjálfbærni, m.a. með því að tryggja flutning endurnýjanlegrar raforku frá framleiðslu til miðstöðva eftirspurnar og geymslu og laða að fjárfestingu opinberra aðila og einkaaðila. Í fjarskiptageiranum ætti einkum að beina fjárhagsaðstoð að verkefnum sem munu skapa eftirspurn eftir breiðbandi, þ.m.t. að byggja evrópsk grunnvirki fyrir stafræna þjón- ustu, sem ættu þannig að örva fjárfestingu til útbreiðslu breiðbandskerfa.
- 56) Í orkugeiranum ætti að gera það að forgangsverkefni að úthluta áætluðu fjármagni í formi fjármögnunarleiða, með fyrirvara um markaðsútbreiðslu. Verkefni sem þjóna sameiginlegum hagsmunum í fjarskiptageiranum ættu að teljast uppfylla skilyrði fyrir fjárstuðningi Sambandsins í formi styrkja og innkaupa hvað varðar grunnþjónustuleiðir, almenna þjónustu og þverlægar aðgerðir. Aðgerðir á sviði útbreiðslu breiðbands, þ.m.t. aðgerðir sem miða að því að skapa eftirspurn eftir breiðbandi, ættu að teljast uppfylla skilyrði fyrir fjárstuðningi Sambandsins í formi fjármögnunarleiða.

⁽¹⁷⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1268/2012 frá 29. október 2012 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 966/2012 um fjárhagsreglur sem gilda um fjárlög Sambandsins (Stjtið. ESB L 362, 31.12.2012, bls. 1).

- 57) Samkvæmt þeirri greiningu, sem gerð er í áhrifamati fyrir reglugerð (ESB) nr. 347/2013, er áætlað að fjöldi verkefna, sem þjóna sameiginlegum hagsmunum og stuðla mest að framkvæmd þýðingarmikilla forgangstofnleiða og -sviða orkugrunnvirkja, sé u.þ.b. 100 á sviði raforku og 50 á sviði gass. Enn fremur er það metið svo, byggt á því að búist er við því að raforka verði ríkjandi í orkukerfi Evrópu á næstu tveimur áratugum, að aðstoð við raforkuverkefni, sem þjóna sameiginlegum hagsmunum, muni taka til stærsta hluta fjárhagsramma til orkumála innan ramma sjóðsins fyrir samtengda Evrópu. Enda þótt ljóst sé að þetta mat sé háð breytingum, eftir því sem meiri upplýsingar liggja fyrir og með hliðsjón af þörfinni á að tryggja að farið sé að reglugerð (ESB) nr. 347/2013, ætti framkvæmdastjórnin að hafa tilhlýðilega hliðsjón af raforkuverkefnum, með það fyrir augum að hafa meirihluta fjárhagsaðstoðar til reiðu fyrir þessi verkefni yfir tímabilið frá 2014 til 2020, með fyrirvara um markaðsútbreiðslu, gæði og þroskastig aðgerða sem tillaga er gerð um og fjármögnunarbörf þeirra. Þetta markmið er með fyrirvara um mögulega endurúthlutun fyrirbyggjandi fjármuna til orkuverkefna.
- 58) Framkvæmdastjórnin ætti að láta fara fram áfangaúttekt og eftirámat og senda Evrópuþinginu, ráðinu, efnahags- og félagsmálanefnd Evrópusambandsins og svæðanefndinni upplýsingar um niðurstöðurnar til þess að meta árangur og skilvirkni fjármögnunarinnar og áhrif hennar á heildarmarkmið sjóðsins fyrir samtengda Evrópu og forgangsverkefni áætlunarinnar Evrópa 2020. Framkvæmdastjórnin ætti að birta upplýsingar um sértæk verkefni innan ramma sjóðsins fyrir samtengda Evrópu. Uppfæra ætti upplýsingarnar árlega.
- 59) Teknar hafa verið saman skrár yfir verkefni, forgangsléiðareinar og -svið, að því er varðar viðkomandi flutninga og orku, á grundvelli geirabundinna viðmiðunarreglna sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 1315/2013 og reglugerð (ESB) nr. 347/2013, sem þessi reglugerð ætti að gilda um, og því ætti að fella þær inn í viðaukann við þessa reglugerð. Að því er flutninga varðar ætti, til þess að taka tillit til mögulegra breytinga á pólitískum forgangsmálum og tæknilegri getu, svo og umferðarflæði, að veita framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins hvað varðar samþykkt breytinga á I. hluta I. viðauka og tilgreina nákvæmlega forgangsverkefni á sviði fjármögnunar aðstoðarhæfra aðgerða skv. 2. mgr. 7. gr. sem skal endurspeglar í vinnuáætlunum.
- 60) Til þess að taka tillit til raunverulegs umfangs eftirspurnar eftir fjármögnun innan tiltekinna flutningsmarkmiða og koma í framkvæmd niðurstöðum áfangaúttektar, þegar nauðsynlegt reynist að víkja frá úthlutun til tiltekna flutningsmarkmiðs sem sett er fram í IV. hluta I. viðauka við þessa reglugerð, um meira en 5 prósentustig, ætti að veita framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins til þess að breyta leiðbeinandi hlutföllum til hvers sértæks flutningsmarkmiðs. Leiðbeinandi úthlutanir til tiltekinna flutningsmarkmiða koma ekki í veg fyrir að þær 11 305 500 000 evrur, sem eru fluttar frá Samheldnisjóðnum, séu einungis settar til verkefna til framkvæmdar grunnnetinu eða verkefna og þverlægra forgangsverkefna sem eru sett fram í I. hluta I. viðauka við þessa reglugerð.
- 61) Til þess að endurspeglar niðurstöður sem fengist hafa af framkvæmd sjóðsins fyrir samtengda Evrópu, þ.m.t. niðurstöður í áfangaúttektinni, ætti að veita framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins til að breyta skránni yfir almenn stefnumið sem taka þarf tillit til við ákvörðun úthlutunarviðmiðana.
- 62) Við samþykkt framseldra gerða samkvæmt þessari reglugerð er sérlega mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga. Þegar framkvæmdastjórnin undirbýr og semur framseldar gerðir ætti hún að tryggja samhliða, tímanlega og viðeigandi afhendingu viðkomandi skjala til Evrópuþingsins og ráðsins.
- 63) Til að tryggja samræmd skilyrði við framkvæmd þessarar reglugerðar ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald til að samþykkja vinnuáætlanir til margra ára og til árlegrar vinnuáætlanir. Þessu valdi ber að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011⁽¹⁸⁾.
- 64) Vernda ber fjárhagslega hagsmuni Sambandsins meðan á útgjaldatímabilinu stendur með ráðstöfunum sem eru í réttu hlutfalli við brot, þ.m.t. ráðstöfunum til að koma í veg fyrir, greina og rannsaka misfellur, endurheimta fjármuni sem hafa glatast, verið ranglega greiddir eða notaðir á rangan hátt og, þar sem við á, með viðurlögum í samræmi við reglugerð (ESB, KBE) nr. 966/2012. Upplýsa ætti Evrópuþingið um allar slíkar ráðstafanir.
- 65) Til þess að tryggja víðtæka og sanngjarna samkeppni hvað varðar verkefni sem njóta góðs af fjármagni sjóðsins fyrir samtengda Evrópu ætti form samningsins að vera í samræmi við markmið og kringumstæður verkefnisins. Útfæra ætti samningsskilyrði þannig að áhættu af samningnum sé dreift með sanngjörnum hætti í því skyni að hámarka kostnaðarhagkvæmni og gera framkvæmd samningsins mögulega með hámarksskilvirkni. Beita ætti þessari reglu óháð því hvort notuð er fyrirmynd aðildarríkis eða alþjóðleg fyrirmynd að samningi.

⁽¹⁸⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdavaldi sínu (Stjtið. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

- 66) Sum af verkefnum á sviði grunnvirkja sem þjóna sameiginlegum hagsmunum gætu tengst og legið um nærliggjandi lönd, lönd sem bíða inngöngu og önnur þriðju lönd. Sjóðurinn fyrir samtengda Evrópu ætti að bjóða einfaldar leiðir til að tengja og fjármagna þessi grunnvirki til þess að tryggja samhengi milli innri og ytri fjármögnunarleiða fjárlaga Sambandsins.
- 67) Þegar þriðju lönd og aðilar með staðfestu í þriðju löndum taka þátt í aðgerðum sem leggja til verkefna sem þjóna sameiginlegum hagsmunum ættu að vera til reiðu styrkir því aðeins að aðgerðin sé ekki líkleg til að njóta fullnægjandi stuðnings annarra tegunda fjárhagsaðstoðar innan ramma sjóðsins fyrir samtengda Evrópu eða annarra áætlana Sambandsins.
- 68) Ekki ætti að beita almenna stefnumiðinu, sem framkvæmdastjórnin verður að byggja á þegar tekið er tillit til félagslegra áhrifa, áhrifa á loftslag og umhverfis-áhrifa, eins og tilgreint er í V. hluta I. viðauka við þessa reglugerð, á sviði orkumála í samræmi við nálgunina sem notuð er í 4. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 347/2013.
- 69) Í fjarskiptageiranum ætti aðeins að beita almenna stefnumiðinu, þar sem taka verður tillit til örvandi áhrifa af stuðningi Sambandsins við fjárfestingar opinberra aðila og einkaaðila, gagnvart þeim grunnvirkjum stafrænnar þjónustu sem miða að því að koma viðbótarfjárfestingum af stað.
- 70) Ekki ætti að beita almenna stefnumiðinu, þar sem taka verður tillit til þáttarins sem nær yfir landamæri, í tengslum við breiðbandsnet, af þeirri ástæðu að allar fjárfestingar í breiðbandi, þ.m.t. þær sem eiga sér stað innan landamæra aðildarríkja, munu efla tengjanleika samevrópskra fjarskiptaneta.
- 71) Þátttaka ríkja innan Friverslunarsamtaka Evrópu, sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningnum“), í sjóðnum fyrir samtengda Evrópu ætti að vera í samræmi við þau skilyrði sem mælt er fyrir um í EES-samningnum. Líta ætti á hvern geira, sem fellur undir þessa reglugerð, sem sérstaka áætlun í þessu skyni. Gera ætti ráð fyrir þátttöku EFTA-ríkjana í sjóðnum fyrir samtengda Evrópu, einkum á sviði fjarskipta.
- 72) Að því er flutninga varðar ætti, í þágu aðstoðarhæfis verkefna sem þjóna sameiginlegum hagsmunum í þriðju löndum innan ramma þessarar reglugerðar, að nota þau leiðbeinandi kort sem er að finna í III. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1315/2013. Þegar sú reglugerð setur ekki fram leiðbeinandi kort fyrir þriðju lönd ættu verkefni sem þjóna sameiginlegum hagsmunum að teljast aðstoðarhæf þegar fyrir liggur viðvarandi gagnkvæm samvinna um að ná samkomulagi um slík leiðbeinandi kort.
- 73) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar reglugerðar, einkum samræmingu, þróun og fjármögnun samevrópskra flutninganetsins, og þeim verður

betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna nauðsynjar þess að samræma þessi markmið, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópu-sambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessum markmiðum.

- 74) Fyrir skýrleika sakir ætti því að fella niður reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 680/2007 og (EB) nr. 67/2010⁽¹⁹⁾.
- 75) Reglugerð þessi ætti að öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* svo unnt sé að samþykkja tímanlega framseldu gerðirnar og framkvæmdargerðirnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. BÁLKUR

SAMEIGINLEG ÁKVÆÐI

I. KAFLI

Sjóðurinn fyrir samtengda Evrópu

1. gr.

Efni

Í þessari reglugerð er komið á fót „sjóði fyrir samtengda Evrópu“ sem ákvarðar skilyrði, aðferðir og verklagsreglur varðandi veitingu fjárhagsaðstoðar Sambandsins til samevrópskra netkerfa í því skyni að styðja við verkefni sem þjóna sameiginlegum hagsmunum í flutninga-, fjarskipta- og orkugeirunum og nýta möguleg samlegðaráhrif milli þessara geira. Í henni er einnig komið á sundurliðun fjármagns sem stendur til boða innan fjárhagsramma til margra ára fyrir tímabilið 2014-2020.

2. gr.

Skilgreiningar

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „verkefni sem þjónar sameiginlegum hagsmunum“: verkefni sem er skilgreint í reglugerð (ESB) nr. 1315/2013 eða reglugerð (ESB) nr. 347/2013 eða í reglugerð um viðmiðunarreglur um samevrópsk netkerfi á sviði fjarskiptavirkja,
- 2) „kafli sem liggur yfir landamæri“: í flutningageiranum sá kafli sem tryggir samfellu verkefnis, sem þjónar sameiginlegum hagsmunum, á milli þeirra hnútpunkta í þéttbýli sem liggja næst hver öðrum beggja vegna landamæra tveggja aðildarríkja eða á milli aðildarríkis og nágrannalands,

⁽¹⁹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 67/2010 frá 30. nóvember 2009 um almennar reglur um fjárhagsaðstoð Bandalagsins á sviði samevrópskra netkerfa (Stjtið. ESB L 27, 30.1.2010, bls. 20).

- 3) „nágrannaland“: land sem fellur undir evrópsku nágranna-stefnuna, þ.m.t. markvisst samstarf, stækkunarstefnuna, Evrópska efnahagssvæðið eða Fríverslunarsamtök Evrópu,
- 4) „þriðja land“: sérhvert nágrannaland eða eitthvert annað land sem Sambandið getur átt í samstarfi við til að ná markmiðum þessarar reglugerðar,
- 5) „verk“: kaup, afhending og nýting eininga, kerfa og þjónustu, þ.m.t. hugbúnaðar, þróunar-, byggingar- og uppsetningarstarfsemi í tengslum við verkefni, viðtaka mannvirkja og að hleypa verkefni af stokkunum,
- 6) „rannsóknir“: starfsemi sem er nauðsynleg til að undirbúa framkvæmd verkefnis, s.s. undirbúnings-, kortlagningar-, hagkvæmni-, mats-, prófunar- og fullgildingarrannsóknir, þ.m.t. í formi hugbúnaðar ásamt öllum öðrum tæknilegum stuðningsráðstöfunum, einnig undanfarandi aðgerð til að skilgreina og þróa verkefni og ákvarða fjármögnun þess, s.s. könnun viðkomandi staða og undirbúningur heildarfjármögnunar,
- 7) „aðgerðir til stuðnings áætluninni“: á vettvangi sjóðsins fyrir samtengda Evrópu, allar fylgiráðstafanir sem eru nauðsynlegar vegna framkvæmdar hennar og framkvæmdar einstakra geirabundinna viðmiðunarreglna, s.s. þjónusta, einkum tækniástoð, þ.m.t. vegna notkunar fjármögnunarleiða, ásamt aðgerðum er varða undirbúning, hagkvæmni, samræmingu, eftirlit, samráð hagsmunaaðila, stýringu, endurskoðun og mat sem er krafist með beinum hætti vegna stjórnunar sjóðsins fyrir samtengda Evrópu og til að ná markmiðum hennar. Aðgerðir til stuðnings áætluninni taka m.a. til rannsókna, funda, kortlagningar grunnvirkja, upplýsinga, miðlunar, samskipta og aðgerða til vitundarvakningar, útgjalda er tengjast upplýsingatæknitólum og netum sem beinast að upplýsingaskiptum um sjóðinn fyrir samtengda Evrópu, ásamt öllum öðrum tæknilegum og stjórnsýslulegum aðstoðarútgjöldum sem framkvæmdastjórnin hefur stofnað til og þörf kann að vera á vegna stjórnunar sjóðsins eða framkvæmdar á einstökum geirabundnum viðmiðunarreglum. Aðgerðir til stuðnings áætluninni taka einnig til starfsemi sem þörf er á til að greiða fyrir undirbúningi verkefna sem þjóna sameiginlegum hagsmunum, einkum í aðildarríkjunum, og uppfylla skilyrði fyrir fjármögnun úr Samheldnisjóðnum, með það fyrir augum að fá fjármögnun samkvæmt þessari reglugerð eða á fjármálamarkaðnum. Aðgerðir til stuðnings áætluninni skulu einnig taka, þar sem við á, til þess að mæta kostnaði framkvæmdaskrifstofunnar sem framkvæmdastjórnin hefur falið framkvæmd tiltekinna hluta sjóðsins fyrir samtengda Evrópu („framkvæmdaskrifstofan“),
- 8) „aðgerð“: hver sú starfsemi sem hefur verið greind sem fjárhagslega og tæknilega sjálfstæð, hefur fastan tímaramma og er nauðsynleg til framkvæmdar verkefnis sem þjónar sameiginlegum hagsmunum,
- 9) „aðstoðarhæfur kostnaður“: hefur sömu merkingu og í reglugerð (ESB, KBE) nr. 966/2012,
- 10) „aðstoðarþegi“: aðildarríki, alþjóðastofnun eða opinbert eða einkarekið fyrirtæki eða aðili sem hefur verið valinn til að taka við fjárhagsaðstoð Sambandsins samkvæmt þessari reglugerð og í samræmi við það fyrirkomulag sem var komið á í viðkomandi vinnuáætlun sem um getur í 17. gr.,
- 11) „framkvæmdaraðili“: opinbert eða einkarekið fyrirtæki eða aðili sem aðstoðarþegi hefur tilnefnt, þegar aðstoðarþegi er aðildarríki eða alþjóðastofnun, til þess að koma viðkomandi aðgerð til framkvæmda. Aðstoðarþeginn skal sjálfur annast og bera ábyrgð á slíkri tilnefningu og, ef þess er krafist að gerður sé innkaupasamningur, í samræmi við gildandi reglur Sambandsins og aðildarríkis um opinber innkaup,
- 12) „heildarnet“: samgöngugrunnvirki eins og það er skilgreint í samræmi við II. kafla reglugerðar (ESB) nr. 1315/2013,
- 13) „grunnnet“: samgöngugrunnvirki eins og það er skilgreint í samræmi við III. kafla reglugerðar (ESB) nr. 1315/2013,
- 14) „leiðareinar grunnnetsins“: leið til að greiða fyrir samræmdri framkvæmd grunnnetsins eins og kveðið er á um í IV. kafla reglugerðar (ESB) nr. 1315/2013 og skráð er í I. hluta I. viðauka við þessa reglugerð,
- 15) „flöskuháls“: í flutningageiranum, áþreifanlegur, tæknilegur eða virkur tálmi, sem veldur truflunum á umferð sem hefur áhrif á samfellu umferðarflæðis um langan veg eða yfir landamæri og sem hægt er að bæta úr með því að smíða nýtt grunnvirki eða endurnýja umtalsvert fyrirbyggjandi grunnvirki, sem geta haft í för með sér umtalsverðar úrbætur og munu leysa vandamál í tengslum við flöskuhálsa,
- 16) „forgangsverkefni“: forgangsleiðareinar fyrir rafmagn eða gas eða forgangspemasvið sem tilgreind eru í reglugerð (ESB) nr. 347/2013,
- 17) „fjarvirknibúnaður“: sá búnaður sem er skilgreindur í reglugerð (ESB) nr. 1315/2013,
- 18) „orkugrunnvirki“: grunnvirki eins og það er skilgreint í reglugerð (ESB) nr. 347/2013,
- 19) „samlegðaráhrif milli geira“: ef fyrir liggja svipaðar aðgerðir, eða aðgerðir sem koma hver annarri til fyllingar, og liggja þvert á a.m.k. tvo geira flutninga, fjarskipta og orkumála, sem gera það kleift að hámarka kostnað eða afrakstur með því að samnýta fjármagn, tækni eða mannauð,
- 20) „einangrað net“: jámbrautakerfi í aðildarríki, eða hluti þess, eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 1315/2013.

3. gr.

Almenn markmið

Sjóðurinn fyrir samtengda Evrópu skal gera það kleift að undirbúa verkefni sem þjóna sameiginlegum hagsmunum og koma þeim til framkvæmda innan ramma stefunnar um samevrópsk netkerfi í flutninga-, fjarskipta- og orkugeirunum. Einkum skal sjóðurinn fyrir samtengda Evrópu styðja við framkvæmd þeirra verkefna sem þjóna sameiginlegum hagsmunum sem miða að þróun og smíði nýrra grunnvirkja og þjónustu eða að uppfærslu fyrirliggjandi grunnvirkja og þjónustu í flutninga-, fjarskipta- og orkugeirunum. Hann skal setja í forgang tengingar sam vantar í flutningageirann. Sjóðurinn fyrir samtengda Evrópu skal einnig leggja til stuðnings við verkefni með evrópskan virðisauka og verulegan samfélagslegan ávinnings sem fá ekki nægilega fjármögnun á markaði. Eftirtalin almenn markmið skulu eiga við um flutninga-, fjarskipta- og orkugeirana:

- a) að stuðla að snjallhagvexti, sjálfbærum hagvexti og hagvexti fyrir alla í samræmi við áætlunina Evrópa 2020 með því að þróa nútímaleg samevrópsk netkerfi með mikla afkastagetu sem hafa hliðsjón af væntanlegu umferðarflæði í framtíðinni og vera þannig til ávinnings fyrir allt Sambandið hvað það varðar að bæta samkeppnishæfni á heimsmarkaðnum og efnahagslega og félagslega samheldni og samheldni milli svæða á innri markaðnum og skapa umhverfi sem stuðlar betur að fjárfestingum einkaaðila, opinberra aðila eða beggja sameiginlega með því að leggja saman fjármögnunarleiðir og beinan stuðning Sambandsins þegar slík samtíðun fjármögnunarleiða gæti leitt til ávinnings fyrir verkefni og með því að nýta með viðeigandi hætti samlegðaráhrif þvert á geira.

Hvort þessu markmiði sé náð skal mælt á grundvelli umfangs fjárfestinga einkaaðila, opinberra aðila eða innan samstarfsverkefna opinberra aðila og einkaaðila og þá einkum umfangs fjárfestinga einkaaðila í verkefnum, sem þjóna sameiginlegum hagsmunum, sem fást innan ramma fjármögnunarleiða samkvæmt þessari reglugerð. Leggja skal sérstaka áherslu á skilvirka nýtingu fjárfestinga opinberra aðila,

- b) að gera Sambandinu kleift að ná markmiðum sínum um sjálfbæra þróun, þ.m.t. 20% samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda hið minnsta borið saman við gildi ársins 1990 og 20% aukningu í orkunýtni, og að auka hlut endurnýjanlegrar orku í 20% eigi síðar en 2020 og stuðla þannig að markmiðum Sambandsins til meðallangs og langs tíma hvað varðar minnkun kolefnislosunar og tryggja jafnframt aukna samheldni meðal aðildarríkjanna.

4. gr.

Sértæk geirabundin markmið

1. Með fyrirvara um þau almennu markmið sem eru sett fram í 3. gr. skal sjóðurinn fyrir samtengda Evrópu leggja sitt af mörkum til að ná þeim sértæku geirabundnu markmiðum sem um getur í 2., 3. og 4. mgr. þessarar greinar.

2. Sjóðurinn fyrir samtengda Evrópu skal, að því er flutningsgeirann varðar, styðja verkefni sem þjóna sameiginlegum hagsmunum, eins og tilgreint er í 2. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1315/2013, sem vinna að þeim markmiðum sem fram koma hér á eftir, eins og nánar er tilgreint skv. 4. gr. þeirrar reglugerðar:

- a) að vinna á flöskuhálsum, efla rekstrarsamhæfi járnbrauta, koma á tengingum sem vantar og, einkum og sér í lagi, bæta kafla sem liggja yfir landamæri. Mæla skal hvort markmiðið hafi náðst með því að skoða:
- i. fjölda nýrra eða bættra tenginga yfir landamæri,
 - ii. fjölda kílómetra járnbrautarspors sem er lagað að staðlaðri nafnvídd spors og er búið evrópsku stjórnunarkerfi fyrir járnbrautarumferð,
 - iii. fjölda flöskuhálsa sem unnið hefur verið á og svæða með aukna getu á flutningsleiðum fyrir alla flutningsmáta sem hafa fengið fjármögnun frá sjóðnum fyrir samtengda Evrópu,
 - iv. lengd kerfis skipgengra vatnaleiða eftir flokkum í Sambandinu og
 - v. lengd járnbrautaneta í Sambandinu sem búið er að endurnýja í samræmi við þær kröfur sem settar eru fram í 2. mgr. 39. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1315/2013,
- b) að tryggja sjálfbærni og skilvirkni flutningakerfa til lengri tíma með það í huga að undirbúa væntanlegt umferðarflæði í framtíðinni, og einnig gera öllum flutningsmátum kleift að draga úr kolefnislosun með því að færa sig yfir í nýja flutningatækni sem losar lítið af kolefnum og er orkunýtin, jafnframt því að ná besta mögulega öryggi. Mæla skal hvort markmiðið hafi náðst með því að skoða:
- i. fjölda áfyllingarstöðva fyrir óhefðbundið eldsneyti fyrir ökutæki sem nota grunnnet samevrópska flutninganetsins til flutninga á vegum í Sambandinu,
 - ii. fjölda hafna við höf og vatnaleiðir á grunnneti samevrópska flutninganetsins sem hafa áfyllingarstöðvar fyrir óhefðbundið eldsneyti í Sambandinu og
 - iii. fækkun slysa á vegakerfi Sambandsins,
- c) að hámarka samþættingu og samtengingu flutningsmáta og efla rekstrarsamhæfi flutningsþjónustu jafnframt því að tryggja aðgengileika samgöngugrunnvirkja. Mæla skal hvort markmiðið hafi náðst með því að skoða:
- i. fjölda flutningaleiða fyrir fjölpætta flutninga, þ.m.t. hafnir við höf og vatnaleiðir og flugvelli, er tengjast járnbrautanetinu,
 - ii. fjölda endurbættra járnbrautastöðva og fjölda endurbættra eða nýrra tenginga milli hafna á hraðbrautum hafnsins,

- iii. fjölda kílómetra í skipgengum vatnaleiðum sem tengjast upplýsingaþjónustu um ár og
- iv. nýtingu kerfis rannsókna og þróunar á sviði rekstrarstjórnunar flugumferðar í samevrópska loftrýminu (SESAR), eftirlits- og upplýsingakerfis fyrir umferð á sjó (VTMIS) og skynvædds flutningakerfis (ITS) fyrir vegageirann.

Mælikvarðarnir sem um getur í þessari málsgrein skulu ekki gilda um aðildarríki sem hafa ekki járnbrautakerfi eða kerfi skipengra vatnaleiða, eftir því sem við á.

Mælikvarðarnir skulu ekki jafngilda viðmiðunum um val eða aðstoðarhæfi hvað varðar aðgerðir sem sækjast eftir stuðningi frá sjóðnum fyrir samtengda Evrópu.

Í IV. hluta I. viðauka við þessa reglugerð er að finna leiðbeinandi hundraðshluta sem endurspeglar hlutfall heildarfjárveitinga sem um getur í a-lið 1. mgr. 5. gr. og úthluta á til þeirra þriggja markmiða sem varða flutninga. Framkvæmdastjórnin skal ekki víkja frá þessum leiðbeinandi hundraðshlutum um meira en 5 prósentustig.

3. Innan orkugeirans skal sjóðurinn fyrir samtengda Evrópu styðja verkefni sem þjóna sameiginlegum hagsmunum sem vinna að einu eða fleiri eftirtalinn markmiða:

- a) að auka samkeppnishæfni með því að ýta undir frekari samþættingu innri orkumarkaðarinnar og rekstrarsamhæfi raforku- og gasneta yfir landamæri. Mæla skal eftir á hvort markmiðið hafi náðst með því að skoða:
 - i. fjölda verkefna sem samtengja í reynd netkerfi aðildarríkja og ryðja úr vegi innri takmörkunum,
 - ii. hvort dregið hafi úr eða komið í veg fyrir einangrun aðildarríkja með tilliti til orku,
 - iii. hlutfall raforku í yfirfærslu afsl yfir landamæri í tengslum við uppsetta framleiðslugetu raforku í viðkomandi aðildarríkjum,
 - iv. verðsamleitni á gas- og/eða raforkumörkuðum í hlutaðeigandi aðildarríkjum og
 - v. hlutfall mestu álagstoppa í þeim tveimur aðildarríkjum sem hlut eiga að máli sem falla undir bakrennslis-samtengingar fyrir gas,
- b) að efla öryggi Sambandsins í orkuafhendingu.

Mæla skal eftir á hvort markmiðið hafi náðst með því að skoða:

- i. fjölda verkefna til að auka fjölbreytileika birgðalinda, afhendingarmótaðila og flutningsleiða,
- ii. fjölda verkefna sem auka geymslugetu,
- iii. álagspól kerfa, með tilliti til fjölda truflana á afhendingu og tímalengd þeirra,

- iv. hvað komist var hjá mikilli skerðingu á endurnýjanlegri orku,
- v. tengingu einangraðra markaða við fjölbreyttari birgðalindir,
- vi. bestu nýtingu eigna í orkugrunnvirkjum,

- c) að leggja til sjálfbærrar þróunar og verndunar umhverfisins, s.s. með því að fella orku frá endurnýjanlegum lindum inn á flutningskerfið og með því að þróa snjallorkukerfi og koltvísyringsnet.

Mæla skal eftir á hvort markmiðið hafi náðst með því að skoða:

- i. umfang endurnýjanlegrar raforku sem flyst frá framleiðslustað til stærri miðstöðva notkunar og geymslustaða,
- ii. hvað komist var hjá mikilli skerðingu á endurnýjanlegri orku,
- iii. fjölda verkefna sem sett eru í gang á sviði snjallneta sem notið hafa aðstoðar sjóðsins fyrir samtengda Evrópu og þá eftirspurn sem þetta hefur kallað á,
- iv. magn losaðs koltvísyrings sem verkefni, sem notið hafa aðstoðar sjóðsins fyrir samtengda Evrópu, hafa komið í veg fyrir.

Þeir mælikvarðar sem um getur í þessari málsgrein og notaðir eru til eftiráælinga á árangri markmiða skulu ekki teljast viðmiðanir varðandi val eða aðstoðarhæfi aðgerða sem sækjast eftir stuðningi frá sjóðnum fyrir samtengda Evrópu.

Skilyrðin fyrir aðstoðarhæfi hvað varðar fjárhagsaðstoð Sambandsins til verkefna sem þjóna sameiginlegum hagsmunum eru sett fram í 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 347/2013 en valviðmiðanir hvað varðar verkefni sem þjóna sameiginlegum hagsmunum eru settar fram í 4. gr. þeirrar reglugerðar.

4. Í fjarskiptageiranum skal sjóðurinn fyrir samtengda Evrópu styðja aðgerðir sem vinna að þeim markmiðum sem tilgreind eru í reglugerð um viðmiðunarreglur um samevrópsk netkerfi á sviði fjarskiptavirkja.

5. gr.

Fjárhagsáætlun

1. Fjárhagsramminn til að hrinda sjóðnum fyrir samtengda Evrópu í framkvæmd, á tímabilinu 2014 til 2020, er 33 242 259 000 evrur⁽²⁰⁾ á gangverði. Þeirri fjárhæð skal skipt sem hér segir:

- a) flutningageirinn: 26 250 582 000 evrur, þar af skal yfirfæra 11 305 500 000 evrur frá Samheldnisjóðnum til útgjalda í samræmi við þessa reglugerð einungis í aðildarríkjum sem uppfylla skilyrði fyrir fjármögnun frá Samheldnisjóðnum,

⁽²⁰⁾ Fjárhagsrammi sjóðsins fyrir samtengda Evrópu fyrir tímabilið 2014 til 2020 á föstu verðlagi ársins 2011 er 29 300 000 000 evrur og skiptist sem hér segir: 23 174 000 000 evrur, þ.m.t. 10 000 000 000 evrur til samheldnilanda (flutningar), 5 126 000 000 evrur (orka), 1 000 000 000 evrur (fjarskipti).

- b) fjarskiptageirinn: 1 141 602 000 evrur,
- c) orkugeirinn: 5 850 075 000 evrur.

Þessar fjárhæðir eru með fyrirvara um beitingu fyrirkomulagsins um sveigjanleika sem kveðið er á um samkvæmt reglugerð ráðsins (ESB, KBE) nr. 1311/2013⁽²¹⁾.

2. Fjárhagsramminn til framkvæmdar sjóðnum fyrir samtengda Evrópu skal taka til útgjalda vegna:

- a) aðgerða sem eru framlag til verkefna sem þjóna sameiginlegum hagsmunum og aðgerða til stuðnings áætluninni eins og kveðið er á um í 7. gr.,
- b) aðgerða til stuðnings áætluninni, sem samanstanda af útgjöldum vegna tæknilegrar og stjórnsýslulegrar aðstoðar sem framkvæmdastjórnin hefur stofnað til vegna stjórnunar sjóðsins fyrir samtengda Evrópu, þ.m.t. þau sem eru nauðsynleg til að tryggja flutning milli sjóðsins fyrir samtengda Evrópu og þeirra ráðstafana sem eru samþykktar skv. reglugerð (EB) nr. 680/2007 á allt að 1% af fjárhagsrammanum; fella skal kostnað við framkvæmdaskrifstofuna undir þetta hámark.

3. Evrópuþingið og ráðið geta, í kjölfar áfangaúttektarinnar sem um getur í 1. mgr. 27. gr., að fenginni tillögu framkvæmdastjórnarinnar, flutt fjárveitingar af úthlutuninni, sem er sett fram í 1. mgr., milli flutninga-, fjarskipta- og orkugeiranna, að frátöldum 11 305 500 000 evrum sem eru fluttar frá Samheldnisjóðnum til að fjármagna verkefni í flutningsgeiranum í aðildarríkjum sem uppfylla skilyrði fyrir aðstoð frá Samheldnisjóðnum.

4. Árlegar fjárveitingar skulu háðar samþykki Evrópuþingsins og ráðsins og rúmast innan ramma fjárhagsáætlunarinnar til margra ára fyrir tímabilið 2014-2020.

II. KAFLI

Tegundir fjármögnunar og fjárhagsákvæði

6. gr.

Tegundir fjárhagsaðstoðar

1. Framkvæmd sjóðsins fyrir samtengda Evrópu skal vera í formi einnar eða fleiri tegunda fjárhagsaðstoðar sem kveðið er á um í reglugerð (ESB, KBE) nr. 966/2012, einkum styrkja, innkaupa og fjármögnunarleiða.
2. Að því er þessa reglugerð varðar skal setja tegundir fjárhagsaðstoðar fram í vinnuáætlunum sem um getur í 17. gr., einkum styrki, innkaup og fjármögnunarleiðir.
3. Framkvæmdastjórnin getur, með fyrirvara um kostnaðar- og ábatagreiningu, falið þeim aðilum, sem um getur í a-lið 1. mgr. 58. gr. og 62. gr. reglugerðar (ESB, KBE) nr. 966/2012, og einkum framkvæmdaskrifstofunni, hluta af framkvæmd sjóðsins fyrir samtengda Evrópu, með það fyrir augum að ná bestu og skilvirkustu stjórnun í sjóðnum fyrir samtengda Evrópu í

flutninga-, fjarskipta- og orkugeirunum. Framkvæmdastjórnin getur einnig falið þeim aðilum, sem um getur í c-lið 1. mgr. 58. gr. reglugerðar (ESB, KBE) nr. 966/2012, að annast hluta af framkvæmd sjóðsins fyrir samtengda Evrópu.

7. gr.

Aðstoðarhæfi og skilyrði fyrir fjárhagsaðstoð

1. Einungis aðgerðir, sem leggja til verkefna sem þjóna sameiginlegum hagsmunum í samræmi við reglugerðir (ESB) nr. 1315/2013 og (ESB) nr. 347/2013 og reglugerð um viðmiðunarreglur um samevrópsk netkerfi á sviði fjarskiptavirkja, og aðgerðir til stuðnings áætluninni skulu teljast uppfylla skilyrði fyrir fjárhagsaðstoð Sambandsins í formi styrkja, innkaupa og fjármögnunarleiða.
2. Í flutningageiranum skulu einungis aðgerðir sem leggja til verkefna sem þjóna sameiginlegum hagsmunum, í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1315/2013, og aðgerðir til stuðnings áætluninni teljast uppfylla skilyrði fyrir fjárhagsaðstoð Sambandsins í formi innkaupa og fjármögnunarleiða samkvæmt þessari reglugerð. Einungis eftirtalið skal teljast uppfylla skilyrði fyrir fjárhagsaðstoð Sambandsins í formi styrkja samkvæmt þessari reglugerð:
 - a) aðgerðir til að koma í framkvæmd grunnnetinu í samræmi við III. kafla reglugerðar (ESB) nr. 1315/2013, þ.m.t. nýting nýrrar tækni og nýsköpunar í samræmi við 33. gr. þeirrar reglugerðar, og verkefni og þverlæg forgangsverkefni sem tilgreind eru í I. hluta I. viðauka við þessa reglugerð,
 - b) aðgerðir til að koma í framkvæmd heildarnetinu í samræmi við II. kafla reglugerðar (ESB) nr. 1315/2013 þegar þær stuðla að því að koma á tengingum sem vantar og greiða fyrir umferðarflæði yfir landamæri eða leysa úr flöskuhálsum og þegar þær stuðla einnig að þróun grunnnetsins eða tengja saman leiðareinar grunnnetsins eða þegar slíkar aðgerðir stuðla að nýtingu evrópsks stjórnunarkerfis fyrir járnbrautarumferð á helstu leiðareinum fyrir vöruflutninga með járnbrautum eins og það er skilgreint í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 913/2010, allt að 5% af fjárhagsramma fyrir flutninga eins og tilgreint er í 5. gr. þessarar reglugerðar,
 - c) rannsóknir vegna verkefna sem þjóna sameiginlegum hagsmunum eins og skilgreint er í b- og c-lið 1. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1315/2013,
 - d) rannsóknir vegna forgangsverkefna yfir landamæri eins og það er skilgreint í III. viðauka við ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 661/2010/ESB⁽²²⁾,
 - e) aðgerðir til stuðnings verkefnum sem þjóna sameiginlegum hagsmunum eins og skilgreint er í a-, d- og e-lið 1. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1315/2013,

⁽²¹⁾ Reglugerð ráðsins (ESB, KBE) nr. 1311/2013 frá 2. desember 2013 um fjárhagsramma til margra ára fyrir tímabilið 2014-2020 (Stjtíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 884).

⁽²²⁾ Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 661/2010/ESB frá 7. júlí 2010 um viðmiðunarreglur Sambandsins varðandi uppbyggingu samevrópska flutningansins (Stjtíð. ESB L 204, 5.8.2010, bls. 1).

- f) aðgerðir til framkvæmdar samgöngugrunnvirkjum á hnútpunktum grunnnetsins, þ.m.t. hnútpunktur í þéttbýli, eins og það er skilgreint í 41. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1315/2013,
- g) aðgerðir til stuðnings fjarvirknibúnaðarkerfum í samræmi við 31. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1315/2013,
- h) aðgerðir til stuðnings þjónustu í tengslum við vöruflytninga í samræmi við 32. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1315/2013,
- i. aðgerðir til að draga úr hávaða við vöruflytninga með lestum, þ.m.t. endurbætur á fyrirbyggjandi járnbrautarvögnum í samstarfi við t.d. járnbrautaiðnaðinn,
- j) aðgerðir til stuðnings áætlun,
- k) aðgerðir til framkvæmdar öruggum og áreiðanlegum grunnvirkjum í samræmi við 34. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1315/2013,
- l) aðgerðir til stuðnings hraðbrautum hafsins eins og kveðið er á um í 21. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1315/2013.

Aðgerðir tengdar flytningum sem varða kafla sem liggur yfir landamæri eða hluta hans skulu teljast uppfylla skilyrði fyrir fjárhagsaðstoð Sambandsins því aðeins að fyrir liggja skriflegt samkomulag milli viðkomandi aðildarríkja eða milli viðkomandi aðildarríkja og þriðju landa um að ljúka við kaflann sem liggur yfir landamærin.

3. Í orkugeiranum skulu allar aðgerðir til framkvæmdar þeim verkefnum sem þjóna sameiginlegum hagsmunum, sem tengjast forgangsléiðareinum og -sviðum sem um getur í II. hluta I. viðauka við þessa reglugerð og uppfylla skilyrði sem eru sett fram í 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 347/2013, svo og aðgerðir til stuðnings áætlunum, teljast uppfylla skilyrði fyrir fjárhagsaðstoð Sambandsins í formi fjármögnunarleiða, innkaupa og styrkja samkvæmt þessari reglugerð.

Til þess að unnt sé að nýta fjármagn Sambandsins með skilvirkum hætti þannig að efla megi margföldunarhrif af fjárhagsaðstoð Sambandsins skal framkvæmdastjórnin setja í forgang að veita fjárhagsaðstoð í formi fjármögnunarleiða alltaf þegar slíkt á við, með fyrirvara um markaðsútbreiðslu, og virða jafnframt hámark varðandi nýtingu fjármögnunarleiða í samræmi við 2. mgr. 14. gr. og 4. mgr. 21. gr.

4. Í fjarskiptageiranum skulu allar aðgerðir til framkvæmdar verkefnum sem þjóna sameiginlegum hagsmunum og aðgerðir til stuðnings áætlunum, sem eru tilgreindar í reglugerð um viðmiðunarreglur um samevrópsk netkerfi á sviði fjarskiptavirkja og uppfylla viðmiðanir um aðstoðarhæfi sem mælt er fyrir um í samræmi við þá reglugerð, teljast uppfylla skilyrði fyrir fjárhagsaðstoð Sambandsins samkvæmt þessari reglugerð, sem hér segir:

- a) fjármagna skal almenna þjónustu, grunnþjónustuleiðir og aðgerðir til stuðnings áætlunum með styrkjum og/eða innkaupum,

- b) fjármagna skal aðgerðir á sviði breiðbandsneti með fjármögnunarleiðum.

5. Aðgerðir, sem hafa í för með sér samlegðaráhrif milli geira og stuðla að aðstoðarhæfum verkefnum sem þjóna sameiginlegum hagsmunum samkvæmt a.m.k. tveimur þeirra reglugerða sem um getur í 1. lið 2. gr., skulu teljast uppfylla skilyrði fyrir fjárhagsaðstoð samkvæmt þessari reglugerð hvað varðar auglýsingar eftir tillögum sem taka til margra geira eins og um getur í 7. mgr. 17. gr. því aðeins að unnt sé að greina þætti og kostnað við slíka aðgerð eftir geirum í skilningi 2., 3. og 4. mgr. þessarar greinar.

III. KAFLI

Styrkir

8. gr.

Form styrkja og aðstoðarhæfur kostnaður

1. Styrkir samkvæmt þessari reglugerð geta verið á hverju því formi sem kveðið er á um í reglugerð (ESB, KBE) nr. 966/2012.

Í vinnuáætlunum, sem um getur í 17. gr. þessarar reglugerðar, skal setja fram form styrkja sem nota má til að fjármagna viðkomandi aðgerðir.

2. Útgjöld vegna aðgerða sem leiðir af verkefnum, sem falla undir fyrstu vinnuáætlanirnar til margra ára og árlegu vinnuáætlanirnar, geta talist aðstoðarhæf frá 1. janúar 2014, með fyrirvara um reglugerð (ESB, KBE) nr. 966/2012.

3. Einungis útgjöld, sem stofnað er til í aðildarríkjum, geta talist aðstoðarhæf nema verkefni sem þjóna sameiginlegum hagsmunum taki til yfirráðasvæðis eins eða fleiri þriðju landa og þegar aðgerðin er ómissandi til að ná markmiðum viðkomandi verkefnis.

4. Kostnaður vegna búnaðar og grunnvirkja sem farið er með sem fjárfestingarútgjöld af hálfu aðstoðarþegans getur talist aðstoðarhæfur jafnvel í heild sinni.

5. Útgjöld tengd umhverfisrannsóknnum á verndun umhverfisins og samræmi við viðeigandi lög Sambandsins kunna að vera aðstoðarhæf.

6. Útgjöld tengd kaupum á landi skulu ekki teljast aðstoðarhæfur kostnaður nema vegna fjármagns sem er flutt frá Samheldnisjóðum innan flytningugeirans í samræmi við reglugerð um sameiginleg ákvæði um Byggingaþróunarsjóð Evrópu, Félagsmálasjóð Evrópu, Samheldnisjóðinn, Dreifbýlisþróunarsjóð evrópsks landbúnaðar og Sjávarútvegssjóð Evrópu (EMFF) og um almenn ákvæði um Byggingaþróunarsjóð Evrópu, Félagsmálasjóð Evrópu og Samheldnisjóðinn.

7. Aðstoðarhæfur kostnaður skal taka til virðisaukaskatts (VSK) í samræmi við c-lið 3. mgr. 126. gr. reglugerðar (ESB, KBE) nr. 966/2012.

Hvað fjárhæðina 11 305 500 000 evrur varðar, sem er flutt frá Samheldnisjóðum til aðildarríkja sem uppfylla skilyrði til fjármögnunar úr Samheldnisjóðnum, skulu reglur um aðstoðarhæfi vegna virðisaukaskatts vera þær sem gilda um Samheldnisjóðinn og um getur í reglugerð um sameiginleg ákvæði um Byggðapróunarsjóð Evrópu, Félagsmálasjóð Evrópu, Samheldnisjóðinn, Dreifbýlisþróunarsjóð evrópsks landbúnaðar og Sjávarútvegssjóð Evrópu (EMFF) og um almenn ákvæði um Byggðapróunarsjóð Evrópu, Félagsmálasjóð Evrópu og Samheldnisjóðinn.

8. Reglur um aðstoðarhæfi kostnaðar sem aðstoðarþegar hafa stofnað til skulu gilda að breyttu breytanda um kostnað sem framkvæmdaaðilar stofna til.

9. gr.

Skilyrði fyrir þátttöku

1. Eitt eða fleiri aðildarríki eða, með samkomulagi við viðkomandi aðildarríki, alþjóðastofnanir, sameiginleg fyrirtæki eða opinber fyrirtæki eða einkafyrirtæki eða aðilar með staðfestu í aðildarríkjum, skulu leggja fram tillögur.

2. Aðilar, sem ekki hafa réttarstöðu lögaðila samkvæmt gildandi lögum í aðildarríki, geta lagt fram tillögur enda hafi fulltrúar þeirra getu til að taka á sig lagalegar skuldbindingar fyrir þeirra hönd og bjóða tryggingu fyrir því að vernda fjárhagslega hagsmuni Sambandi á sambærilegan hátt og lögaðilar bjóða.

3. Tillögur einstaklinga skulu ekki vera aðstoðarhæfar.

4. Þriðju lönd og aðilar með staðfestu í þriðju löndum geta tekið þátt í aðgerðum sem stuðla að verkefnum, sem þjóna sameiginlegum hagsmunum, ef það reynist nauðsynlegt til að ná markmiðum tiltekins verkefnis sem þjónar sameiginlegum hagsmunum og þegar færa má tilhlýðileg rök fyrir þátttöku þeirra.

Þau geta ekki fengið fjárhagsaðstoð samkvæmt þessari reglugerð nema það sé ómissandi til að ná markmiðum tiltekins verkefnis sem þjónar sameiginlegum markmiðum.

5. Setja má viðbótarreglur um framlagningu tillagna í vinnuáætlanir til margra ára og árlegar vinnuáætlanir sem um getur í 17. gr.

10. gr.

Fjármögnunarhlutföll

1. Velja skal tillögur á grundvelli auglýsinga eftir tillögum, byggt á þeim vinnuáætlunum sem um getur í 17. gr. þessarar reglugerðar nema í þeim tilvikum sem um getur í reglugerð (ESB, KBE) nr. 966/2012.

2. Í flutningageiranum skal fjárhæð fjárhagsaðstoðar Sambandsins ekki fara yfir:

a) með hliðsjón af styrkjum til rannsókna, 50% af aðstoðarhæfum kostnaði,

b) með hliðsjón af styrkjum til verka:

i. að því er varðar járnbrautakerfi og vegakerfi í aðildarríkjum án járnbrautakerfa á yfirráðasvæði sínu eða í aðildarríki, eða hluta þess, með einangrað kerfi sem býður ekki upp á vöruflutninga með járnbrautum um langan veg: 20% af aðstoðarhæfum kostnaði; fjármögnunarhlutfallið getur farið upp í allt að 30% til aðgerða til að leysa flöskuhálsa og 40% til aðgerða er varða kafla sem liggja yfir landamæri og aðgerðir til að efla rekstrarsamhæfi járnbrauta,

ii. að því er varðar skipgengar vatnaleiðir: 20% af aðstoðarhæfum kostnaði; hækka má fjármögnunarhlutfallið upp í allt að 40% til aðgerða til að leysa flöskuhálsa og 40% til aðgerða er varða kafla sem liggja yfir landamæri,

iii. að því er varðar flutninga á landi og skipgengum vatnaleiðum, tengingar við og þróun flutningaleiða til fjölpættra flutninga, þ.m.t. tengingar við hafnir við höf og vatnaleiðir og flugvelli, svo og þróun hafna: 20 % af aðstoðarhæfum kostnaði,

iv. að því er varðar aðgerðir til að draga úr hávaða við vöruflutninga með lestum, þ.m.t. endurbætur á fyrirliggjandi járnbrautarvögnum: 20% af aðstoðarhæfum kostnaði allt að 1% sameinuðu hámarki þeirra fjárveitinga sem um getur í a-lið 1. mgr. 5. gr.,

v. að því er varðar úrbætur á aðgengi að samgöngugrunnvirkjum fyrir fatlaða einstaklinga: 30% af aðstoðarhæfum kostnaði við verk vegna breytinga, þó aldrei yfir 10% af heildarfjárhæð aðstoðarhæfs kostnaðar við verk,

vi. að því er varðar stuðning við nýja tækni og nýsköpun fyrir allar tegundir flutningsmáta: 20 % af aðstoðarhæfum kostnaði,

vii. að því er varðar aðgerðir til stuðnings vegaköflum sem liggja yfir landamæri: 10 % af aðstoðarhæfum kostnaði,

c) með tilliti til styrkja fyrir fjarvirknibúnaðarkerfi og -þjónustu:

i. að því er varðar þætti evrópska stjórnunarkerfisins fyrir járnbrautaumferð (ERTMS), kerfis rannsókna og þróunar á sviði rekstrarstjórnunar flugumferðar í samevrópska loftrýminu (SESAR), upplýsingaþjónustu um ár (RIS) og eftirlits- og upplýsingakerfis fyrir umferð á sjó (VTMIS) á landi: 50% af aðstoðarhæfum kostnaði,

ii. að því er varðar þætti skynvædda flutningskerfisins (ITS) á landi fyrir vegageirann: 20% af aðstoðarhæfum kostnaði,

- iii. að því er varðar innbyggða þætti evrópska stjórnunarkerfisins fyrir járnbrautarumferð (ERTMS): 50% af aðstoðarhæfum kostnaði,
 - iv. að því er varðar innbyggða þætti kerfis rannsókna og þróunar á sviði rekstrarstjórnunar flugumferðar í samevrópska loftrýminu (SESAR), upplýsingaþjónustu um ár (RIS), eftirlits- og upplýsingakerfis fyrir umferð á sjó (VTMIS) og skynvædds flutningakerfis (ITS) fyrir vegageirann: 20% af aðstoðarhæfum kostnaði allt að sameiginlegu 5% hámarki þeirra fjárveitinga sem um getur í a-lið 1. mgr. 5. gr.,
 - v. að því er varðar stuðning við þróun hraðbrauta hafsins: 30% af aðstoðarhæfum kostnaði.
- Framkvæmdastjórnin skal, ásamt þriðju löndum, skapa skilyrði sem stuðla að þróun verkefna sem taka til hraðbrauta hafsins,
- vi. að því er varðar fjarvirknibúnaðarkerfi önnur en þau sem um getur í i.-iv. lið, vöruflutningaþjónustu og öruggbílastæði á grunnvegakerfinu: 20% af aðstoðarhæfum kostnaði.

3. Í orkugeiranum skal fjárhæð fjárhagsaðstoðar Sambandsins ekki fara yfir 50% af aðstoðarhæfum kostnaði við rannsóknir og/eða verk. Hækka má fjármögnunarhlutföll í allt að 75% hvað varðar aðgerðir sem sjá fyrir miklu afhendingaröryggi á svæðum og í Sambandinu á grundvelli þeirra gagna sem um getur í 2. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 347/2013, styrkja samheldni í Sambandinu eða fela í sér mjög nýstárlegar lausnir.

4. Í fjarskiptageiranum skal fjárhæð fjárhagsaðstoðar Sambandsins ekki fara yfir:

- a) að því er varðar aðgerðir á sviði almennrar þjónustu: 75% af aðstoðarhæfum kostnaði,
- b) að því er varðar þverlægar aðgerðir, þ.m.t. kortlagning grunnvirkja, gerð tengslaneta og tæknaaðstoð: 75% af aðstoðarhæfum kostnaði.

Almennt skal fjármagna grunnþjónustuleiðir með innkaupum. Þær má í undantekningartilvikum fjármagna með styrk sem tekur til allt að 100% af aðstoðarhæfum kostnaði, með fyrirvara um meginregluna um samfjármögnun.

5. Hækka má fjármögnunarhlutföllin um allt að 10 prósentustig yfir þau hlutföll sem mælt er fyrir um í 2., 3. og 4. mgr. hvað varðar aðgerðir sem leiða til samlegðaráhrifa milli a.m.k. tveggja geira sem falla undir sjóðinn samtengda Evrópu. Þessi hækkan skal ekki eiga við um þau fjármögnunarhlutföll sem um getur í 11. gr.

6. Breyta skal fjárhæð fjárhagsaðstoðar, sem fer til valinna aðgerða, á grundvelli kostnaðar- og ábatagreiningar hvers verkefnis, hvort fyrir liggja fjárveitingar frá Sambandinu og þarfarinnar á því að hagnýta fjármögnun Sambandsins sem best.

11. gr.

Sérstakar auglýsingar eftir umsóknum um fjármagn sem er flutt frá Samheldnisjóðnum í flutningageirann

1. Að því er varðar fjárhæðina 11 305 500 000 evrur, sem er flutt frá Samheldnisjóðnum eingöngu til útgjalda í aðildarríkjum sem uppfylla skilyrði fyrir fjármögnun úr Samheldnisjóðnum, skal setja í gang sérstakar auglýsingar eftir umsóknum vegna verkefna til framkvæmdar grunnnetinu eða verkefna og þverlægra forgangsverkefna sem eru tilgreind í I. hluta I. viðauka, einungis í þeim aðildarríkjum sem uppfylla skilyrði fyrir fjármögnun frá Samheldnisjóðnum.

2. Reglur sem eiga við um flutningageirann samkvæmt þessari reglugerð skulu gilda um þessar sértæku auglýsingar eftir tillögum. Við val á verkefnum sem uppfylla skilyrði fyrir fjármögnun skal virða, til 31. desember 2016, úthlutanir aðildarríkja innan ramma Samheldnisjóðsins. Frá og með 1. janúar 2017 skulu fjármunir, sem eru fluttir frá sjóðnum fyrir samtengda Evrópu og hafa ekki verið settir til verkefna á sviði samgöngugrunnvirkja, standa öllum aðildarríkjum til boða, sem uppfylla skilyrði fyrir fjármögnun Samheldnisjóðsins, til þess að fjármagna verkefni á sviði samgöngugrunnvirkja í samræmi við þessa reglugerð.

3. Til þess að styðja aðildarríki sem uppfylla skilyrði fyrir fjármögnun úr Samheldnisjóðnum og kunna að lenda í erfiðleikum við að skipuleggja verkefni sem hafa náð fullnægjandi þroskastigi og/eða eru af fullnægjandi gæðum og bera nægilegan virðisauka fyrir Sambandið skal gefa sérstakan gaum að aðgerðum til stuðnings áætlunum sem miða að því að styrkja getu stofnana og skilvirkni opinberrar stjórnsýslu og þjónustu í tengslum við þróun og framkvæmd þeirra verkefna sem eru tilgreind í I. hluta I. viðauka. Til þess að tryggja bestu mögulega nýtingu yfirfærðra fjármuna í öllum aðildarríkjum sem uppfylla skilyrði fyrir fjármögnun úr Samheldnisjóðnum getur framkvæmdastjórnin skipulagt frekari auglýsingar eftir tillögum.

4. Einungis er heimilt að nota fjárhæðina 11 305 500 000 evrur, sem er flutt frá Samheldnisjóðnum, til þess að mæta skuldbindingu um fjárveitingar til fjármögnunarleiða samkvæmt þessari reglugerð frá 1. janúar 2017. Frá þeim degi er heimilt að nota fjárhæðina 11 305 500 000 evrur, sem er flutt frá Samheldnisjóðnum, til að mæta skuldbindingu um fjárveitingar til verkefna sem eru þegar efni samningsskuldbindinga sem ábyrgu aðilarnir hafa komið sér saman um.

5. Þrátt fyrir 10. gr. og hvað fjárhæðina 11 305 500 000 evrur varðar, sem er flutt frá Samheldnisjóðnum eingöngu til útgjalda í aðildarríkjum sem uppfylla skilyrði með tilliti til fjármögnunar úr Samheldnisjóðnum, skulu hámarksfjármögnunarhlutföll vera þau sem gilda um Samheldnisjóðinn eins og um getur í reglugerð um sameiginleg ákvæði um Byggðaþróunarsjóð Evrópu, Félagsmálasjóð Evrópu, Samheldnisjóðinn, Dreifbýlisþróunarsjóð evrópsks landbúnaðar og Sjávarútvegssjóð Evrópu (EMFF) og um almenn ákvæði um Byggðaþróunarsjóð Evrópu, Félagsmálasjóð Evrópu og Samheldnisjóðinn, að því er eftirfarandi varðar:

- a) aðgerðir með tilliti til styrkja til rannsókna,

- b) aðgerðir með tilliti til styrkja til verka:
- i. járnbrautir og skipgengar vatnaleiðir,
 - ii. aðgerðir til stuðnings vegaköflum sem liggja yfir landamæri og, í tilvikum aðildarríkja án járnbrautakerfa, vegakerfi samevrópska flutninganetsins,
 - iii. aðgerðir til flutninga á landi og skipgengum vatnaleiðum og þróunar flutningaleiða til fjölþættra flutninga, þ.m.t. tengingar við hafnir við höf og vatnaleiðir og flugvelli, einnig aðstaða til sjálfvirkra skiptingar sporviddar, og þróunar hafna, þ.m.t. ísbrotsgeta, svo og samtengingarpunkta, þar sem sérstakri athygli er beint að járnbrautatengingum, þó ekki í tilvikum aðildarríkja án járnbrautakerfa,
- c) aðgerðir með tilliti til styrkja til fjarvirknibúnaðarkerfa og -þjónustu sem eru:
- i. evrópskt stjórnunarkerfi fyrir járnbrautarumferð (ERTMS), upplýsingaþjónusta um ár (RIS) og eftirlits- og upplýsingakerfi fyrir umferð á sjó (VTMIS), kerfi rannsókna og þróunar á sviði rekstrarstjórnunar flugumferðar í samevrópska loftrýminu (SESAR) og skynvædda flutningakerfið (ITS) fyrir vegageirann,
 - ii. önnur fjarvirknibúnaðarkerfi,
 - iii. aðgerðir til stuðnings við þróun hraðbrauta hafnsins,
- d) aðgerðir með tilliti til styrkja til stuðnings nýrri tækni og nýsköpun fyrir allar tegundir flutningsmáta.

12. gr.

Afturköllun, skerðing, tímabundin svipting og afnám styrksins

1. Framkvæmdastjórnin skal afturkalla, nema í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum, fjárhagsaðstoð sem er veitt til rannsókna sem hafa ekki hafist ekki innan eins árs frá þeim upphafsdegi sem mælt er fyrir um í skilyrðum fyrir veitingu aðstoðar eða innan tveggja ára frá þeim degi vegna allra annarra aðgerða sem uppfylla skilyrði fyrir fjárhagsaðstoð samkvæmt þessari reglugerð.
2. Framkvæmdastjórninni er heimilt að svipta tímabundið, lækka, endurheimta eða afnema fjárhagsaðstoð í samræmi við þau skilyrði sem sett eru fram í reglugerð (ESB, KBE) nr. 966/2012 eða í kjölfar mats á framvindu verkefnisins, einkum ef verulegar tafir verða á framkvæmd aðgerðarinnar.
3. Framkvæmdastjórnin getur krafist endurgreiðslu veittrar fjárhagsaðstoðar, í heild eða að hluta, ef ekki hefur verið lokið við framkvæmd þeirrar aðgerðar sem nýtir fjárhagsaðstoðar innan tveggja ára frá lokadeginum sem mælt er fyrir um í þeim skilyrðum sem gilda um veitingu aðstoðar.
4. Áður en framkvæmdastjórnin tekur einhverja þá ákvörðun sem kveðið er á um í 1., 2. og 3. mgr. þessarar greinar skal hún taka málið til ítarlegrar athugunar í samráði við hlutaðeigandi stofnanir sem eru nefndar hver um sig í 3. mgr. 6. gr. og

hafa samráð við hlutaðeigandi aðstoðarþega svo að þeir geti komið athugasemdum sínum á framfæri innan hæfilegs frests. Að lokinni áfangaúttekt skal framkvæmdastjórnin tilkynna Evrópuþinginu og ráðinu um allar ákvarðanir sem teknar hafa verið um árlega samþykkt vinnuáætlana skv. 17. gr.

IV. KAFLI

Innkaup

13. gr.

Innkaup

1. Í reglum um opinber innkaup af hálfu framkvæmdastjórnarinnar eða einnar þeirra stofnana, sem um getur í 3. mgr. 6. gr., fyrir hennar hönd eða sameiginlega með aðildarríkjum:
 - a) má kveða á um sértæk skilyrði, s.s. staðinn sem innkaupin fara fram, þegar réttlæta má slík skilyrði með markmiðum aðgerðanna og að því tilskildu að slík skilyrði brjóti ekki í bága við meginreglur Sambandsins og aðildarríkja um opinber innkaup,
 - b) má heimila úthlutun margra samninga innan sama ferlis („skipt við marga birgja“).
2. Í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum og þegar slíks er krafist vegna framkvæmdar aðgerðanna getur 1. mgr. einnig átt við um innkaupaferli sem styrkþegar fylgja.

V. KAFLI

Fjármögnunarleiðir

14. gr.

Tegundir fjármögnunarleiða

1. Nota má fjármögnunarleiðir, sem er komið á í samræmi við VIII. bálk reglugerðar (ESB, KBE) nr. 966/2012, til að greiða fyrir aðgangi að fjármögnun af hálfu aðila sem annast framkvæmd aðgerða er stuðla að verkefnum sem þjóna sameiginlegum hagsmunum, eins og skilgreint er í reglugerðum (ESB) nr. 1315/2013 og (ESB) nr. 347/2013 og í reglugerð um viðmiðunarreglur um samevrópsk netkerfi á sviði fjarskiptavirkja, og til að ná markmiðum þeirra. Grundvalla skal fjármögnunarleiðirnar á fyrirframmati á markaðsgöllum eða fjárfestingum sem eru minni að umfangi en æskilegt er og á fjárfestingarþörfum. Í meginatriðum er mælt fyrir um skilyrði og málsmeðferðarreglur hvað varðar hverja fjármögnunarleið í III. hluta I. viðauka við þessa reglugerð.
2. Heildarframlag af fjárlögum Sambandsins til fjármögnunarleiða skal ekki fara yfir 10% af heildarfjárhagsgramma sjóðsins fyrir samtengda Evrópu eins og um getur í 1. mgr. 5. gr.
3. Sameina má allar fjármögnunarleiðir, sem er komið á fót samkvæmt reglugerð (EB) nr. 680/2007, og áhættuhlutdeildarleiðir vegna verkefnisskuldabréfa, sem er komið á fót samkvæmt ákvörðun nr. 1639/2006/EB, fjármögnunarleiðum samkvæmt þessari reglugerð, ef við á og með fyrirvara um fyrirframat.

Sameining verkefnisskuldabréfa skal vera háð bráðabirgðaskýrslu sem gerð er á síðari helmingi ársins 2013 eins og skilgreint er í reglugerð (EB) nr. 680/2007 og ákvörðun nr. 1639/2006/EB. Hefja skal framtakaverkefnið um verkefnisskuldabréf í áföngum með að hámarki 230 000 000 evrur á árunum 2014 og 2015. Full framkvæmd framtakaverkefnisins skal vera byggð á óháðu og ítarlegu mati á árinu 2015 eins og kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 680/2007 og ákvörðun nr. 1639/2006/EB. Í ljósi þessa mats skal framkvæmdastjórnin, með hliðsjón af öllum möguleikum, taka til athugunar að leggja til viðeigandi breytingar á regluverkinu, þ.m.t. á löggjöf, einkum ef áætluð markaðsútbreiðsla reynist ófullnægjandi eða ef nægilegt fjármagn annars staðar frá til fjármögnunar á langtímaskuldum verður tiltækt.

4. Heimilt er að nota eftirtaldir fjármögnunarleiðir:

- a) eiginfjárleiðir, s.s. fjárfestingarsjóði sem leggja áherslu á að veita áhættufjármagn til aðgerða sem stuðla að verkefnum sem þjóna sameiginlegum hagsmunum,
- b) lán og/eða ábyrgðir með stuðningi áhættuhlutdeildarleiða, þ.m.t. kerfi til að bæta lánshæfi verkefnisskuldabréfa, til að styðja við stök verkefni eða verkefnasöfn sem fjármálastofnun gefur út með eigin fjármagni ásamt framlagi frá Sambandinu til ráðstöfunar- og/eða stofnfjárúthlutunar.

15. gr.

Skilyrði fyrir veitingu fjárhagsaðstoðar með fjármögnunarleiðum

1. Aðgerðir, sem njóta stuðnings með fjármögnunarleiðum, skulu valdar á grundvelli þroskastigs þeirra og skal leitast við að halda geirabundinni fjölbreytni í samræmi við 3. og 4. gr., og einnig landfræðilegu jafnvægi meðal aðildarríkjanna. Þær skulu:

- a) fela í sér evrópskan virðisauka.
- b) svara til markmiða áætlunarinnar Evrópa 2020,
- c) fela í sér vogunaráhrif með tilliti til stuðnings Sambandsins, þ.e. stefna að því að virkja víðtæka fjármögnun sem fer yfir stærð framlags Sambandsins samkvæmt mælikvörðum sem eru skilgreindir fyrir fram.

2. Sambandið, aðildarríki og aðrir fjárfestar geta látið í té fjárhagsaðstoð sem kemur til viðbótar þeim framlögum sem fást með fjármögnunarleiðum enda hafi framkvæmdastjórnin samþykkt hvers kyns breytingar á viðmiðunum um aðstoðarhæfi aðgerða og/eða fjárfestingaráætlunar fjármögnunarleiðarinnar sem kunna að vera nauðsynlegar vegna viðbótarframlagsins.

3. Fjármögnunarleiðirnar skulu miða að því að efla margföldunaráhrif af fjárnotkun Sambandsins með því að laða að viðbótarfjármagn frá einkafjárfestum. Fjármögnunarleiðirnar geta myndað nægar tekjur til að uppfylla markmið annarra

samstarfsaðila eða fjárfesta, jafnframt því að varðveita virði eigna sem er aflað með fjárframlagi Sambandsins.

4. Sameina má fjármögnunarleiðir samkvæmt þessari reglugerð og styrki af fjárlögum Sambandsins.

5. Framkvæmdastjórnin getur mælt fyrir um viðbótarskilyrði í vinnuáætlunum sem um getur í 17. gr. samkvæmt sértækum þörfum flutninga-, fjarskipta- og orkugeiranna.

16. gr.

Aðgerðir í þriðju löndum

Styðja má aðgerðir í þriðju löndum með fjármögnunarleiðunum ef þær aðgerðir eru nauðsynlegar vegna framkvæmdar verkefnis sem þjónar sameiginlegum hagsmunum.

VI. KAFLI

Gerð áætlana, framkvæmd og eftirlit

17. gr.

Vinnuáætlanir til margra ára og/eða árlegar vinnuáætlanir

1. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja, á grundvelli framkvæmdargerða, vinnuáætlanir til margra ára og árlegar vinnuáætlanir fyrir flutninga-, fjarskipta- og orkugeirana, hvern um sig. Framkvæmdastjórnin getur einnig samþykkt vinnuáætlanir til margra ára og árlegar vinnuáætlanir sem taka til fleiri en eins geira. Samþykking skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 25. gr.

2. Framkvæmdastjórnin skal endurmeta vinnuáætlanirnar til margra ára eigi síðar en á miðju tímabili. Ef nauðsyn krefur skal hún endurskoða vinnuáætlunina til margra ára á grundvelli framkvæmdargerðar. Samþykking skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 25. gr.

3. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja vinnuáætlanirnar til margra ára í flutningageiranum vegna verkefna sem þjóna sameiginlegum hagsmunum sem skráð eru í I. hluta I. viðauka.

Fjárhæð fjárhagsrammans skal vera á bilinu 80% til 85% af þeim fjárveitingum sem um getur í a-lið 1. mgr. 5. gr.

Verkefnin sem eru sundurliðuð í I. hluta I. viðauka eru ekki bindandi fyrir aðildarríkin við töku ákvarðana um áætlanir. Ákvörðunin um að koma þessum verkefnum til framkvæmda er á valdi aðildarríkja og veltur á fjármögnunargetu hins opinbera og hvort unnt sé að framkvæma þau í félagslegu og hagrænu tilliti í samræmi við 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1315/2013.

4. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja árlegar vinnuáætlanir fyrir flutninga-, fjarskipta- og orkugeirana vegna verkefna sem þjóna sameiginlegum hagsmunum sem falla ekki undir vinnuáætlanirnar til margra ára.

5. Við samþykkt vinnuáætlana til margra ára og árlegra geirabundinna vinnuáætlana skal framkvæmdastjórnin koma á viðmiðunum varðandi val og úthlutun í samræmi við þau markmið og forgangsattriði sem mælt er fyrir um í 3. og 4. gr. þessarar reglugerðar og í reglugerðum (ESB) nr. 1315/2013 og (ESB) nr. 347/2013 eða í reglugerð um viðmiðunarreglur um samevrópsk netkerfi á sviði fjarskiptavirkja. Við ákvörðun úthlutunarviðmiðana skal framkvæmdastjórnin hafa hliðsjón af þeim almennu stefnumiðum sem mælt er fyrir um í V. hluta I. viðauka við þessa reglugerð.

6. Í orkugeiranum skal, í fyrstu tveimur árlegu vinnuáætlunum, líta sérstaklega til verkefna sem þjóna sameiginlegum hagsmunum og tengdra aðgerða, sem miða að því að rjúfa einangrun m.t.t. orkumála og koma í veg fyrir flöskuhálsa, og að koma á innri orkumarkaði.

7. Samræma skal vinnuáætlanir þannig að unnt sé að nýta samlegðaráhrif milli flutninga, orku og fjarskipta, einkum á sviðum á borð við snjallorkunet, orkuhreyfanleika, greindarstýrð og sjálfbær flutningakerfi, sameiginlegan athafnarétt eða tengingu grunnvirkja. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja a.m.k. eina auglýsingu eftir tillögum, sem tekur til margra geira, um aðstoðarhæfar aðgerðir skv. 5. mgr. 7. gr. þar sem fjárhæðum er úthlutað til hvers geira á grundvelli hlutfallslegrar þátttöku í aðstoðarhæfum kostnaði við aðgerðir sem eru valdar til fjármögnunar innan ramma sjóðsins fyrir samtengda Evrópu.

18. gr.

Veiting fjárhagsaðstoðar Sambandsins

1. Í kjölfar hvernar auglýsingar eftir tillögum á grundvelli vinnuáætlunar til margra ára eða árlegrar vinnuáætlunar, eins og um getur í 17. gr., skal framkvæmdastjórnin ákveða, í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 25. gr., fjárhæð fjárhagsaðstoðar sem veita á til valinna verkefna eða hluta hennar. Framkvæmdastjórnin skal tilgreina skilyrði og aðferðir við framkvæmd þeirra.

2. Framkvæmdastjórnin skal upplýsa aðstoðarþega og hlutaðeigandi aðildarríki um hverja þá fjárhagsaðstoð sem veitt er.

19. gr.

Árlegar hlutagreiðslur

Framkvæmdastjórnin getur skipt fjárlagaskuldbindingum í árlegar hlutagreiðslur. Þegar svo er skal hún ákvarða árlegar hlutagreiðslur með hliðsjón af framvindu aðgerða sem fá fjárhagsaðstoð, áætlunum þörfum þeirra og fyrirliggjandi fjármagni.

Framkvæmdastjórnin skal upplýsa styrkþega, hlutaðeigandi aðildarríki og, ef við á vegna fjármögnunarleiða, hlutaðeigandi fjármálastofnanir um leiðbeinandi tímaáætlun hvað varðar útgreiðslur á einstökum árlegum hlutagreiðslum.

20. gr.

Yfirfærsla árlegra fjárveitinga á næsta ár

Fjárveitingar, sem ekki hafa verið nýttar í lok þess fjárhagsárs sem færsla þeirra á við um, skulu yfirfærðar á næsta ár í samræmi við reglugerð (ESB, KBE) nr. 966/2012.

21. gr.

Framseldar gerðir

1. Með fyrirvara um samþykki hlutaðeigandi aðildarríkis eða aðildarríkja, eins og kveðið er á um í annarri málsgrein 172. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, skal framkvæmdastjórnin hafa vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 26. gr. þessarar reglugerðar um breytingu á I. hluta I. viðauka við þessa reglugerð, með hliðsjón af breyttri forgangsröð við fjármögnun í samevrópskum netkerfum og breytingum í tengslum við verkefni sem þjóna sameiginlegum hagsmunum sem eru tilgreind í reglugerð (ESB) nr. 1315/2013. Við breytingu á I. hluta I. viðauka við þessa reglugerð skal framkvæmdastjórnin tryggja:

- a) að líklega megi koma verkefnum sem þjóna sameiginlegum hagsmunum í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1315/2013 til framkvæmda í heild eða að hluta innan fjárhagsrammans til margra ára fyrir árin 2014-2020,
- b) að breytingarnar séu í samræmi við viðmiðanir varðandi aðstoðarhæfi sem eru settar fram í 7. gr. þessarar reglugerðar,
- c) að því er I. hluta I. viðauka við þessa reglugerð varðar, að allir þættir taki til verkefna á sviði grunnvirkja þegar framkvæmd þeirra kallar á að þau sé felld undir vinnuáætlun til margra ára skv. 3. mgr. 17. gr. þessarar reglugerðar, án þess að breyta aðlögun helstu leiðareina grunnnetsins.

2. Framkvæmdastjórnin skal hafa vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 26. gr. þessarar reglugerðar til að breyta helstu skilmálum, skilyrðum og málsmeðferðarreglum, sem mælt er fyrir um í III. hluta I. viðauka við þessa reglugerð, um framlag Sambandsins til hvernar fjármögnunarleiðar sem er komið á fót innan lánarammans eða eiginfjárramman, sem er mælt fyrir um í III. hluta I. viðauka við þessa reglugerð, í samræmi við niðurstöður bráðabirgðaskýrslunnar og óháðs og ítarlegs mats á prófunaráfanga framtaksverkefnis um verkefnisskuldabréf innan Evrópu 2020, sem er komið á samkvæmt ákvörðun nr. 1639/2006/EB og reglugerð (EB) nr. 680/2007, og í því skyni að taka tillit til breytinga á markaðsaðstæðum með það í huga að ná bestu mögulegu skipulagningu og framkvæmd fjármögnunarleiða samkvæmt þessari reglugerð.

Við breytingu á III. hluta I. viðauka við þessa reglugerð skal framkvæmdastjórnin, í þeim tilvikum sem eru sett fram í fyrstu undirgrein, sjá til þess á öllum tímum að:

- a) breytingarnar séu gerðar í samræmi við þær kröfur sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB, KBE) nr. 966/2012, þ.m.t. fyrirframmatið sem um getur í f-lið 2. mgr. 140. gr. og
- b) breytingarnar takmarkist við:
 - i. breytingu á viðmiðunarmörkum fjármögnunar fyrir vikjandi lán eins og um getur í a- og b-lið 1. liðar í I. lið III. hluta I. viðauka við þessa reglugerð, með það í huga að ná geirabundnum fjölbreytileika og landfræðilegu jafnvægi milli aðildarríkjanna í samræmi við 15. gr.,

- ii. breytingu á viðmiðunarmörkum fjármögnunar hvað varðar forgangslán eins og um getur í a-lið 1. liðar í I. lið III. hluta I. viðauka við þessa reglugerð, með það í huga að ná geirabundnum fjölbreytileika og landfræðilegu jafnvægi milli aðildarríkjanna í samræmi við 15. gr.,
- iii. sambland við aðrar leiðir til fjármögnunar eins og um getur í 3. lið I. liðar og 3. lið II. liðar í III. hluta I. viðauka,
- iv. val á ábyrgum aðilum eins og um getur í 4. lið I. liðar og 4. lið II. liðar í III. hluta I. viðauka og
- v. verðlagningu, áhættu og tekjuskiptingu eins og um getur í lið 6. lið I. liðar og 6. lið II. liðar í III. hluta I. viðauka.

3. Í flutningageiranum skal framkvæmdastjórninni veitt vald, innan ramma almennta markmiða, sem eru sett fram í 3. gr., og sértækra markmiða, sem um getur í 2. mgr. 4. gr., til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 26. gr. þar sem sett er fram nákvæm lýsing á forgangsverkefnum til fjármögnunar sem endurspeglar á í þeim vinnuáætlunum sem um getur í 17. gr. á starfstíma sjóðsins fyrir samtengda Evrópu hvað varðar aðstoðarhæfar aðgerðir skv. 2. mgr. 7. gr. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framselda gerð eigi síðar en 22. desember 2014.

4. Framkvæmdastjórninni skal veitt vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 26. gr. til að hækka þau mörk sem sett eru fram í 2. mgr. 14. gr. upp í 20% enda hafi eftirfarandi skilyrði verið uppfyllt:

- i. mat á prófunaráfanga framtaksverkefnisins um verkefnis-skuldabréf sem fram fer á árinu 2015 er jákvætt og
- ii. nýting fjármögnunarleiða fer yfir 8% með tilliti til samningsskuldbindinga vegna verkefnis.

5. Ef nauðsynlegt reynist að víkja frá úthlutun til sértæks markmiðs á sviði flutninga um meira en fimm prósentustig skal framkvæmdastjórninni falið vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 26. gr. til að breyta leiðbeinandi hundraðshlutum sem settir eru fram í IV. hluta I. viðauka.

6. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 26. gr. til að breyta skránni yfir almenn stefnumið í V. hluta I. viðauka sem taka verður tillit til þegar úthlutunarviðmiðanir eru ákveðnar til að endurspeglar áfangauttekt á þessari reglugerð eða ályktanir sem dregnar eru af framkvæmd hennar. Þetta skal gert með þeim hætti að samrýmist viðkomandi geirabundnum viðmiðunarreglum.

22. gr.

Ábyrgð aðstoðarþega og aðildarríkjanna

Aðstoðarþegar og aðildarríki skulu, hver innan síns ábyrgðarsviðs og með fyrirvara um skuldbindingar sem aðstoðarþegar gangast undir samkvæmt þeim skilyrðum sem gilda um styrki, gera sitt ítrasta til að koma til framkvæmda verkefnum sem þjóna sameiginlegum hagsmunum og njóta fjárhagsaðstoðar Sambandsins sem er veitt samkvæmt þessari reglugerð.

Aðildarríki skulu hafa tæknilegt og fjárhagslegt eftirlit með aðgerðum í nánu samstarfi við framkvæmdastjórnina og votta að útgjöldin, sem stofnað hefur verið til hvað varðar verkefni eða hluta þeirra, hafi verið innt af hendi og að greiðslan hafi verið í samræmi við viðeigandi reglur. Aðildarríki geta beðið framkvæmdastjórnina um að taka þátt í vettvangseftirliti og skoðunum.

Aðildarríki skulu upplýsa framkvæmdastjórnina á hverju ári, ef við á, um gagnvirk land- og tækniupplýsingakerfi, um það hvernig miðar framkvæmd verkefna sem þjóna sameiginlegum hagsmunum og fjárfestingum í þessu skyni, þ.m.t. umfang stuðnings sem er nýttur með það í huga að ná markmiðum sem tengjast loftslagsbreytingum. Á þeim grundvelli skal framkvæmdastjórnin birta og uppfæra a.m.k. árlega upplýsingar um sértæk verkefni innan ramma sjóðsins fyrir samtengda Evrópu.

23. gr.

Fylgni við stefnur og lög Sambandsins

Einungis aðgerðir, sem eru í samræmi við lög Sambandsins og viðeigandi stefnur Sambandsins, skulu fjármagnaðar samkvæmt þessari reglugerð.

24. gr.

Verndun fjárhagslegra hagsmuna Sambandsins

1. Framkvæmdastjórnin skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja vernd hagsmuna Sambandsins þegar gripið er til aðgerða, sem fjármagnaðar eru samkvæmt þessari reglugerð, með því að beita aðgerðum til að fyrirbyggja svik, spillingu og hvers konar annað ólöglegt athæfi, með því að beita skilvirku eftirliti og ef í ljós koma misfellur, með því að endurheimta fjárhæðir sem hafa verið greiddar með óréttmætum hætti og, eftir því sem við á, með fjárhagslegum og stjórnsýslulegum viðurlögum sem eru skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og letjandi.

2. Framkvæmdastjórnin eða fulltrúar hennar og Endurskoðunarrétturinn skulu hafa heimild til endurskoðunar, á grundvelli gagna og á vettvangi, á aðgerðum allra aðstoðarþega, framkvæmdaraðila, verktaka og undirverktaka sem þegið hafa fjármuni frá Sambandinu innan ramma þessarar reglugerðar.

3. Evrópuskrifstofan um aðgerðir gegn svikum getur gert athuganir, þ.m.t. eftirlit og athuganir á vettvangi, í samræmi við ákvæði og verklagsreglur sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 883/2013⁽²³⁾ og reglugerð ráðsins (KBE, EB) nr. 2185/96⁽²⁴⁾, til að ganga úr skugga um hvort um svik, spillingu og annað ólöglegt athæfi hafi verið að ræða sem hefur áhrif á fjárhagslega hagsmuni Sambandsins í tengslum við styrksamning, styrkávörðun eða samning sem er fjármagnaður samkvæmt þessari reglugerð.

⁽²³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 883/2013 frá 11. september 2013 um rannsóknir Evrópuskrifstofunnar um aðgerðir gegn svikum (OLAF) og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1073/1999 og reglugerð ráðsins (KBE) nr. 1074/1999 (Stjtið. ESB L 248, 18.9.2013, bls. 1).

⁽²⁴⁾ Reglugerð ráðsins (KBE, EB) nr. 2185/96 frá 11. nóvember 1996 um vettvangseftirlit og athuganir sem framkvæmdastjórnin framkvæmir til þess að vernda fjárhagslega hagsmuni Evrópubandalaganna gegn svikum og öðrum brotum (Stjtið. EB L 292, 15.11.1996, bls. 2).

4. Með fyrirvara um 1., 2. og 3. mgr. skulu samstarfssamningar við þriðju lönd og alþjóðastofnanir, samningar, styrksamningar og styrkákvarðanir ásamt samningum sem leiðir af framkvæmd þessarar reglugerðar innihalda ákvæði sem veita framkvæmdastjórninni, Endurskoðunarréttinum og Evrópuskrifstofunni um aðgerðir gegn svikum beina heimild til að framkvæma slíkar endurskoðanir og rannsóknir í samræmi við valdheimildir hvers þeirra um sig.

II. BÁLKUR

ALMENN ÁKVÆÐI OG LOKAÁKVÆÐI

25. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar samræmingarnefndar sjóðsins fyrir samtengda Evrópu. Þessi nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.
2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.
3. Nefndin skal tryggja þverlægt yfirlit yfir vinnuáætlanirnar, sem um getur í 17. gr., til að tryggja samkvæmni þeirra og að samlegðaráhrif milli flutninga-, fjarskipa- og orkugeiranna séu greind, nýtt og metin. Hún skal einkum leitast við að samræma þessar vinnuáætlanir með það í huga að opna fyrir möguleika á auglýsingar eftir tillögum sem taka til margra geira.

26. gr.

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, sbr. þó skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari grein.
2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, sem um getur í 21. gr., frá 1. janúar 2014 til 31. desember 2020.
3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla framsal valds sem um getur í 21. gr. Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endi á framsal valdsins sem tilgreint er í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi.
4. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.
5. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 21. gr., skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða, ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þetta tímabil skal framlengt um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

27. gr.

Mat

1. Eigi síðar en 31. desember 2017 skal framkvæmdastjórnin, í samstarfi við aðildarríkin og viðkomandi aðstoðarþega, taka saman matsskýrslu, sem framkvæmdastjórnin leggur fyrir Evrópuþingið og ráðið, um hvernig miðar að ná markmiðum allra ráðstafana (að því er varðar árangur og áhrif), skilvirka nýtingu tilfanga og evrópskan virðisauka af sjóðnum fyrir samtengda Evrópu, í því skyni að ákveða hvort endurnýja eigi ráðstafanirnar, breyta þeim eða fella þær niður. Í matinu skal einnig fjalla um svigrúm til einföldunar, innra og ytra samhengi ráðstafananna, hvort öll markmið eigi áfram við og hvernig þær hafa stuðlað að forgangsmálum Sambandsins um snjallhagvöxt, sjálfbæran hagvöxt og hagvöxt fyrir alla, þ.m.t. áhrif þeirra á efnahagslega og félagslega samheldni og samheldni milli svæða. Í matsskýrslunni skal koma fram mat framkvæmdastjórnarinnar á stærðarhagkvæmni við stjórnun sjóðsins fyrir samtengda Evrópu hvað fjármögnun, tækni og mannaud varðar og, ef við á, á heildarfjölda verkefna sem nýta samlegðaráhrif milli geira. Í matinu skal einnig kanna hvernig unnt er að auka skilvirkni fjármögnunarleiða. Í matsskýrslunni skal taka tillit til niðurstaðna mats á langtímaáhrifum fyrri ráðstafana.
2. Sjóðurinn fyrir samtengda Evrópu skal hafa hliðsjón af óháðu og ítarlegu mati á framtaksverkefni Evrópu 2020 um verkefnisskuldabréf sem skal fara fram 2015. Á grundvelli þess mats skulu framkvæmdastjórnin og aðildarríkin meta hvort framtaksverkefni Evrópu 2020 um verkefnisskuldabréf eigi við og áhrif þess með hliðsjón af aukningu í umfangi fjárfestinga í forgangsverkefnum og bættri skilvirkni í fjárnotkun Sambandsins.
3. Framkvæmdastjórnin skal láta fara fram eftirámat í náinni samvinnu við aðildarríkin og aðstoðarþega. Í eftirámatinu skal kanna áhrif og skilvirkni sjóðsins fyrir samtengda Evrópu og áhrif hans á efnahagslega og félagslega samheldni og samheldni milli svæða, svo og framlag hans til forgangsverkefna Sambandsins hvað varðar snjallhagvöxt, sjálfbæran hagvöxt og hagvöxt fyrir alla og umfang og árangur af nýttum stuðningi með það í huga að ná markmiðum sem tengjast loftslagsbreytingum.
4. Í mati skal hafa hliðsjón af framvindu eins og hún er mæld út frá frammistöðuvísunum eins og um getur í 3. og 4. gr.
5. Framkvæmdastjórnin skal senda upplýsingar um niðurstöður matsins til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndarinnar og svæðanefndarinnar.
6. Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin geta, með aðstoð annarra mögulegra aðstoðarþega, gert úttekt á aðferðum við framkvæmd verkefna og áhrifum af framkvæmd þeirra, í þeim tilgangi að meta hvort markmiðunum, þ.m.t. þeim sem lúta að umhverfisvernd, hafi verið náð.
7. Framkvæmdastjórnin getur farið fram á að aðildarríki, sem verkefni sem þjóna sameiginlegum hagsmunum varðar, leggi fram sérþæka úttekt á aðgerðum og tengdum verkefnum, sem eru fjármögnuð samkvæmt þessari reglugerð, eða, eftir því sem við á, láti henni í té upplýsingar og aðstoð sem nauðsynleg er til að úttekt á slíkum verkefnum geti farið fram.

28. gr.

Upplýsingar, miðlun og kynning

1. Aðstoðarþegar og, ef við á, viðkomandi aðildarríki skulu sjá til þess að aðstoð, sem veitt er samkvæmt þessari reglugerð, fái viðeigandi kynningu með gagnsæjum hætti til að upplýsa almenning um hlutverk Sambandsins í framkvæmd verkefna.

2. Framkvæmdastjórnin skal koma til framkvæmda upplýsinga- og miðlunaraðgerðum í tengslum við verkefni og niðurstöður innan ramma sjóðsins fyrir samtengda Evrópu. Það fjármagn sem er úthlutað til miðlunaraðgerða samkvæmt 2. mgr. 5. gr. skal einnig stuðla að upplýsingamiðlun stofnana um pólitísk forgangsatriði Sambandsins að svo miklu leyti sem þau tengjast þeim almennu markmiðum sem um getur í 3. gr.

29. gr.

Breyting á reglugerð (ESB) nr. 913/2010

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á reglugerð (ESB) nr. 913/2010:

Í stað viðaukans við reglugerð (ESB) nr. 913/2010 komi texti II. viðauka við þessa reglugerð. Af þeim sökum skulu endurskoðaðar leiðareinar fyrir vöruflutninga á járnbrautum vera með fyrirvara um ákvæði reglugerðar (ESB) nr. 913/2010.

30. gr.

Umbreytingarákvæði

Þessi reglugerð skal ekki hafa áhrif á framhald eða breytingu, þ.m.t. afturköllun að hluta eða í heild, á viðkomandi verkefnum, þar til þeim lýkur, eða á fjárhagsaðstoð framkvæmdastjórnarinnar, sem er veitt samkvæmt reglugerðum (EB) nr. 680/2007 og (EB) nr. 68/2010 eða annarri löggjöf sem gildir um þá aðstoð 31. desember 2013, sem skal áfram gilda um viðkomandi aðgerðir þar til þeim lýkur.

31. gr.

Niðurfelling

Reglugerð (EB) nr. 680/2007 og reglugerð (EB) nr. 67/2010 eru felldar úr gildi frá og með 1. janúar 2014, sbr. þó 30. gr. þessarar reglugerðar.

32. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2014.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 11. desember 2013.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

forseti.

M. SCHULZ

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

V. LEŠKEVIČIUS

I. VIÐAUKI

I. HLUTI

SKRÁ YFIR FORGREIND VERKEFNI Á GRUNNETI FLUTNINGAGEIRANS

1. Þverlæg forgangsmál

Nýstárleg stjórnun og þjónusta	Samevrópskt loftrými – SESAR-kerfið
Nýstárleg stjórnun og þjónusta	Kerfi fjarvirknibúnaðar fyrir vegi, járnbrautir, skipgengar vatnaleiðir og skip (skynvætt flutningakerfi (ITS), evrópskt stjórnunarkerfi fyrir járnbrautar-umferð (ERTMS), upplýsingaþjónusta um ár (RIS) og eftirlits- og upplýsingakerfi fyrir umferð á sjó (VTMIS))
Nýstárleg stjórnun og þjónusta	Hafnir á grunnneti, hraðbrautir hafsins og flugvellir, örugg og áreiðanleg grunnvirki
Tækninýjungar og nýsköpun	Tækninýjungar og nýsköpun í samræmi við a- til d-lið 333. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1315/2013

2. Leiðareinar grunnnets

Eystrasaltið – Adríahaf

LEID:

Gdynia – Gdańsk – Katowice/Ślasków

Gdańsk – Warszawa – Katowice

Katowice – Ostrava – Brno – Wien

Szczecin/Świnoujście – Poznań – Wrocław – Ostrava

Katowice – Žilina – Bratislava – Wien

Wien – Graz – Villach – Udine – Trieste

Udine – Venezia – Padova – Bologna – Ravenna

Graz – Maribor – Ljubljana – Koper/Trieste

FORGREINDIR KAFLAR, Þ.M.T. VERKEFNI:

Gdynia - Katowice	Járnbrautir	Verk
Gdynia, Gdańsk	Hafnir	Samtengingar milli hafna, (frekari) þróun miðstöðva fyrir fjölþætta flutninga
Warszawa - Katowice	Járnbrautir	Verk
Wrocław – Poznań – Szczecin/Świnoujście	Járnbrautir	Verk
Świnoujście, Szczecin	Höfn	Samtenging milli hafna
Bielsko Biala – Žilina	Vegir	Verk
Katowice - Ostrava - Brno - Wien & Katowice - Žilina - Bratislava - Wien	Járnbrautir	Verk, á tilteknum köflum sem ná yfir landamæri milli PL-CZ, CZ-AT, PL-SK og SK-AT, Brno-Přerov-brautin; (frekari) þróun miðstöðva fyrir fjölþætta flutninga og samtengingar milli flugvalla og járnbrauta

Wien - Graz - Klagenfurt - Udine - Venezia - Ravenna	Járnbrautir	Framkvæmdir á hluta nýrra brauta (Semmering-aðalgöngin og Koralm-járnbrautarleiðin), endurnýjun járnbrauta; yfirstandandi verk; (frekari) þróun miðstöðva fyrir fjölþætta flutninga; endurnýjun á fyrirbyggjandi tveggja spora braut milli Udine - Cervignano og Trieste
Graz - Maribor - Pragersko	Járnbrautir	Rannsóknir og verk vegna annars spors
Trieste, Venezia, Ravenna, Koper	Hafnir	Samtenging hafna; (frekari) þróun miðstöðva fyrir fjölþætta flutninga

Norðursjór – Eystrasaltið

LEIÐ:

Helsinki – Tallinn – Rīga

Ventspils – Rīga

Rīga – Kaunas

Klaipėda – Kaunas – Vilnius

Kaunas – Warszawa

Landamæri Hvíta-Rússlands – Warszawa – Poznań – Frankfurt/Oder – Berlin – Hamburg

Berlin – Magdeburg – Braunschweig – Hannover

Hannover – Bremen – Bremerhaven/Wilhelmshaven

Hannover – Osnabrück – Hengelo – Almelo – Deventer – Utrecht

Utrecht – Amsterdam

Utrecht – Rotterdam – Antwerpen

Hannover – Köln – Antwerpen

FORGREINDIR KAFLAR, Þ.M.T. VERKEFNI:

Helsinki - Tallinn	Hafnir, hraðbraut hafsins	Samtengingar hafna; (frekari) þróun miðstöðva fyrir fjölþætta flutninga og samtengingar þeirra; ísbrotsgeta; hraðbraut hafsins
Tallinn - Rīga - Kaunas - Warszawa	Járnbrautir	(Ítarlegar) rannsóknir á nýjum, að fullu rekstrarsamhæfðum brautum með UIC-sporvidd; verk vegna nýrrar brautar á að hefjast fyrir 2020; endurnýjun og ný braut á yfirráðasvæði PL; samtengingar milli járnbrauta og flugvalla/hafna, járnbrautarstöðva, hraðbrautar hafsins
Ventspils – Rīga	Járnbrautir	Endurnýjun, samtenging hafna, hraðbraut hafsins
Klaipėda – Kaunas	Járnbrautir	Endurnýjun, samtenging hafna, hraðbraut hafsins
Kaunas – Vilnius	Járnbrautir	Endurnýjun, samtenging flugvalla, járnbrautarstöðvar
Via Baltica-leiðareinin	Vegir	Verk á köflum sem liggja yfir landamæri (EE, LV, LT, PL)
Hvítrússnesku landamærin - Warszawa - Poznań - Þýsku landamærin	Járnbrautir	Verk á fyrirbyggjandi línun, rannsóknir vegna háhraða-járnbrauta

Pólsku landamærin - Berlin - Hannover - Amsterdam/Rotterdam	Járnbrautir	Rannsóknir og endurnýjun á nokkrum köflum (Amsterdam – Utrecht – Arnhem; Hannover – Berlin)
Wilhelmshaven – Bremerhaven – Bremen	Járnbrautir	Rannsóknir og verk
Berlin – Magdeburg – Hannover, Mittellandkanal, skurðir í vesturhluta Þýskalands, Rín, Waal, Noordseekanaal, IJssel, Twentekanaal	Skipgengar vatnaleiðir	Rannsóknir, verk til að auðvelda siglingar og endurnýjun vatnaleiða og skipastiga
Skipastigar í Amsterdam & Amsterdam – Rijnkanaal	Skipgengar vatnaleiðir	Yfirstandandi rannsóknir á skipastigum; höfn: samtengingar (rannsóknir og verk, þ.m.t. endurnýjun á Beatrix-skipastiganum)

Miðjarðarhafid

LEID:

Algeciras – Bobadilla – Madrid – Zaragoza – Tarragona

Sevilla – Bobadilla – Murcia

Cartagena – Murcia – Valencia – Tarragona

Tarragona – Barcelona – Perpignan – Marseille/Lyon – Torino – Novara – Milano – Verona – Padova – Venezia – Ravenna/Trieste/Koper - Ljubljana – Budapest

Ljubljana/Rijeka – Zagreb – Budapest – úkraínsku landamærin

FORGREINDIR KAFLAR, Þ.M.T. VERKEFNI:

Algeciras - Madrid	Járnbrautir	Yfirstandandi rannsóknir, verk sem hefja á fyrir 2015 og vera lokið 2020
Sevilla – Antequera – Granada – Almería – Cartagena – Murcia – Alicante - Valencia	Járnbrautir	Rannsóknir og verk
Madrid – Zaragoza – Barcelona	Járnbrautir	Endurnýjun á fyrirbyggjandi brautum (sporvidd, hliðarspor, brautarpallar)
Valencia – Tarragona – Barcelona	Járnbrautir	Framkvæmdir frá 2014 til 2020
Barcelona	Höfn	Samtengingar járnbrauta við höfn og flugvöll
Barcelona – Perpignan	Járnbrautir	Kaflir sem liggur yfir landamæri, yfirstandandi verk, lokið við nýja braut eigi síðar en 2015, endurnýjun á fyrirbyggjandi braut (sporvidd, hliðarspor, brautarpallar)
Perpignan – Montpellier	Járnbrautir	Hliðarbrautin Nîmes - Montpellier verður tekin í notkun 2017, Montpellier - Perpignan 2020
Lyon	Járnbrautir	Ráðin bót á flöskuhálsinum við Lyon: rannsóknir og verk
Lyon – Avignon – Marseille	Járnbrautir	Endurnýjun
Lyon – Torino	Járnbrautir	Kaflir sem liggur yfir landamæri, verk vegna aðalganga; rannsóknir og verk við tengileiðir
Milano – Brescia	Járnbrautir	Endurnýjun að hluta til og ný háhraðabraut að hluta til
Brescia – Venezia – Trieste	Járnbrautir	Verk hefjast fyrir 2014 á nokkrum köflum, samræmt endurnýjun á leiðum sem skarast, eins og á leiðareininni Eustrasalt-Adriahaf
Milano – Cremona- Mantova – Porto Levante/Venezia – Ravenna/Trieste	Skipgengar vatnaleiðir	Rannsóknir og verk

Cremona, Mantova, Venezia, Ravenna, Trieste	Hafnir við vatnaleiðir	Samtengingar milli hafna, (frekari) þróun miðstöðva fyrir fjölþætta flutninga
Trieste - Divača	Járnbrautir	Rannsóknir og endurnýjun að hluta til standa yfir; lokið verður við kafla sem liggur yfir landamæri eftir 2020
Koper - Divača - Ljubljana – Pragersko	Járnbrautir	Rannsóknir og endurnýjun/að hluta til, ný braut
Rijeka – Zagreb – Budapest	Járnbrautir	Rannsóknir og verk (þ.m.t. framkvæmdir við nýtt spor og annað spor milli Rijeka og ungersku landamæranna)
Rijeka	Höfn	Endurnýjun og þróun grunnvirkja, þróun miðstöðva fyrir fjölþætta flutninga og samtenginga
Ljubljana – Zagreb	Járnbrautir	Rannsóknir og verk
Hnútpunkturinn Ljubljana	Járnbrautir	Járnbrautahnútpunkturinn Ljubljana, þ.m.t. miðstöð fyrir fjölþætta flutninga; samtenging milli járnbrauta og flugvallar
Pragersko – Zalău	Járnbrautir	Kafla sem liggur yfir landamæri: rannsóknir, verk hefst fyrir 2020
Lendava – Letenye	Vegir	Endurnýjun við landamæri
Boba- Székesfehérvár	Járnbrautir	Endurnýjun
Budapest-Miskolc – úkraínsku landamærin	Járnbrautir	Endurnýjun
Vásárosnamény – úkraínsku landamærin	Vegir	Endurnýjun við landamæri

Austurlönd/Austur-Miðjarðarhaf

LEIÐ:

Hamburg – Berlin

Rostock – Berlín – Dresden

Bremerhaven/Wilhelmshaven – Magdeburg – Dresden

Dresden – Ústí nad Labem – Mělník/Prag - Kolín

Kolín – Pardubice – Brno – Wien/Bratislava – Budapest – Arad – Timișoara – Craiova – Calafat – Vidin – Sofia

Sofia – Plovdiv – Burgas

Plovdiv – tyrknesku landamærin

Sofia – Thessaloníki – Athína – Piraeus – Lemesos – Lefkosía

Athína – Patras/Igoumenítsa

FORGREINDIR KAFLAR, Þ.M.T. VERKEFNI:

Dresden - Praha	Járnbrautir	Rannsóknir á háhraðajárnbrautum
Praha	Járnbrautir	Prag
Hamburg – Dresden – Praha – Pardubice	Skipgengar vatnaleiðir	Rannsóknir er varða Elbe og Vltava, verk til að auðvelda siglingar og endurnýjun
Skipaskurðir við Děčín	Skipgengar vatnaleiðir	Rannsóknir

Praha – Brno – Břeclav	Járnbrautir	Endurnýjun, þ.m.t. járnbrautahnútpunkturinn Brno og miðstöð fyrir fjölþætta flutninga
Břeclav – Bratislava	Járnbrautir	Endurnýjun við landamæri
Bratislava – Hegyeshalom	Járnbrautir	Endurnýjun við landamæri
Mosonmagyaróvár – slóvakísku landamærin	Vegir	Endurnýjun við landamæri
Tata – Biatorbágy	Járnbrautir	Endurnýjun
Budapest – Arad – Timișoara – Calafat	Járnbrautir	Endurnýjun í Ungverjalandi næstum lokið, stendur enn yfir í Rúmeníu
Vidin – Sofia – Burgas/tyrknesku landamærin	Járnbrautir	Rannsóknir og verk við Vidin – Sofia – Thessaloníki – Athína; endurnýjun á leiðinni Sofia – Burgas/tyrknesku landamærin
Sofía – Thessaloníki – Athína/Piraeus		
Vidin – Craiova	Vegir	Endurnýjun við landamæri
Thessaloníki, Igoumenítsa	Höfn	Endurnýjun og þróun grunnvirkja, fjölþættar samtengingar
Athína/Piraeus/Heraklion – Lemesos	Höfn, hraðbraut hafsins	Afkastageta hafnar og fjölþættar samtengingar
Lemesos – Lefkosía	Hafnir, fjölþættir flutningar	Endurnýjun á fjölþættum samtengingum, þ.m.t. suðursporbraut við Lefkosía, rannsóknir og verk, umferðarstjórnunarkerfi
Lefkosía – Larnaca	Miðstöðvar fyrir fjölþætta flutninga	Fjölþættar samtengingar og kerfi fjarvirknibúnaðar
Patras	Höfn	Samtengingar milli hafna, (freakari) þróun fjölþættra flutninga
Athína - Patras	Járnbrautir	Rannsóknir og verk, samtengingar hafna

Skandinavía – Miðjarðarhafíð

LEID:

Rússnesku landamærin – Hamina/Kotka – Helsínki – Turku/Naantali – Stockholm – Malmö

Oslo – Göteborg – Malmö – Trelleborg

Malmö – København – Kolding/Lübeck – Hamburg – Hannover

Bremen – Hannover – Nürnberg

Rostock – Berlin – Leipzig – München

Nürnberg – München – Innsbruck – Verona – Bologna – Ancona/Firenze

Livorno/La Spezia - Firenze – Roma – Napoli – Bari – Taranto – Valletta

Napoli – Gioia Tauro – Palermo/Augusta – Valletta

FORGREINDIR KAFLAR, Þ.M.T. VERKEFNI:

Hamina/Kotka – Helsínki	Höfn, járnbraut	Samtengingar milli hafna, endurnýjun járnbrautar, ísbrotsgeta
Helsínki	Járnbrautir	Tenging milli flugvallar og járnbrautar
Rússnesku landamærin – Helsínki	Járnbrautir	Verk stendur yfir

Helsinki – Turku	Járnbrautir	Endurnýjun
Turku/Naantali – Stockholm	Hafnir, hraðbraut hafsins	Samtengingar milli hafna, ísbrotsgeta
Stockholm – Malmö (norræni þríhyrningurinn)	Járnbrautir	Verk stendur yfir á tilteknum svæðum
Trelleborg – Malmö – Göteborg – norsku landamærin	Járnbraut, höfn, hraðbraut hafsins	Verk, miðstöðvar fyrir fjölþætta flutninga og hafnar-tenging við upplandið
Fehmarn	Járnbrautir	Rannsóknir standa yfir, hefja á verk við föstu leiðina yfir Fehmarn-sundið 2015
Köbenhavn – Hamburg via Fehmarn: tengileiðir	Járnbrautir	Ljúka á tengileiðum í Danmörku eigi síðar en 2020, tengileiðum í Þýskalandi í tveimur þrepum: rafvæðingu eins spors þegar lokið er við föstu tenginguna og tveggja spora sjö árum síðar
Rostock	Hafnir, hraðbraut hafsins	Samtengingar milli hafna og járnbrauta; ferjur sem losa lítið kolefni; ísbrotsgeta
Rostock – Berlin – Nürnberg	Járnbrautir	Rannsóknir og endurnýjun
Hamburg/Bremen – Hannover	Járnbrautir	Rannsóknir standa yfir
Halle – Leipzig – Nürnberg	Járnbrautir	Verk stendur yfir og á að vera lokið eigi síðar en 2017
München – Wögl	Járnbrautir	Aðgangur að aðalgöngum Brenner og kafli sem liggur yfir landamæri: rannsóknir
Aðalgöng Brenner	Járnbrautir	Rannsóknir og verk
Fortezza – Verona	Járnbrautir	Rannsóknir og verk
Napoli – Bari	Járnbrautir	Rannsóknir og verk
Napoli – Reggio Calabria	Járnbrautir	Endurnýjun
Verona – Bologna	Járnbrautir	Endurnýjun stendur yfir
Ancona, Napoli, Bari, La Spezia, Livorno	Hafnir	Samtengingar milli hafna, (frekari) þróun miðstöðva fyrir fjölþætta flutninga
Messina – Catania – Augusta/Palermo	Járnbrautir	Endurnýjun (á þeim svæðum sem eftir standa)
Palermo/Taranto – Valletta/Marsaxlokk	Hafnir, hraðbraut hafsins	Samtenging milli hafna
Valletta – Marsaxlokk	Höfn, flugvöllur	Endurnýjun á fjölþættum samtengingum, þ.m.t. Marsaxlokk-Luqa-Valletta
Bologna – Ancona	Járnbrautir	Endurnýjun

Rín – Alþarnir

LEID:

Genova – Milano – Lugano – Basel

Genova – Novara – Brig – Bern – Basel – Karlsruhe – Mannheim – Mainz – Koblenz – Köln

Köln – Düsseldorf – Duisburg – Nijmegen/Arnhem – Utrecht – Amsterdam

Nijmegen – Rotterdam – Vlissingen

Köln – Liège – Bruxelles/Brussel – Gent

Liège – Antwerpen – Gent – Zeebrugge

FORGREINDIR KAFLAR, Þ.M.T. VERKEFNI:

Genova	Höfn	Samtenging milli hafna
Genova – Milano/Novara – svissnesku landamærin	Járnbrautir	Rannsóknir; verk hefst fyrir 2020
Basel – Antwerpen/Rotterdam – Amsterdam	Skipgengar vatnaleiðir	Verk til að auðvelda siglingar
Karlsruhe - Basel	Járnbrautir	Verk stendur yfir
Frankfurt - Mannheim	Járnbrautir	Rannsóknir standa yfir
Liège	Járnbrautir	Járnbrautartenging milli hafnar og flugvallar
Rotterdam – Zevenaar	Járnbrautir	Rannsóknir standa yfir, endurnýjun
Zevenaar – Emmerich – Oberhausen	Járnbrautir	Verk stendur yfir
Zeebrugge – Gent – Antwerpen – þýsku landamærin	Járnbrautir	Endurnýjun

Atlantshaf

LEID:

Algeciras – Bobadilla – Madrid

Sines / Lisboa – Madrid – Valladolid

Lisboa – Aveiro – Leixões/Porto

Aveiro – Valladolid – Vitoria – Bergara – Bilbao/Bordeaux – Paris – Le Havre/Metz – Mannheim/Strasbourg

FORGREINDIR KAFLAR, Þ.M.T. VERKEFNI:

Háhraðajárnbrautin Madrid	Sines/Lisboa –	Járnbrautir, hafnir	Rannsóknir og verk standa yfir, endurnýjun á fjölþættum samtengingum hafna við Sines/Lisboa
Háhraðajárnbrautin	Porto - Lisboa	Járnbrautir	Rannsóknir standa yfir
Járnbrautatengingin Salamanca – Medina del Campo	Aveiro –	Járnbrautir	Landamæri: verk stendur yfir
Járnbrautatengingin Sebastián - Bayonne	Bergara - San	Járnbrautir	Gert er ráð fyrir lokum á Spáni eigi síðar en 2016, í Frakklandi eigi síðar en 2020
Bayonne - Bordeaux		Járnbrautir	Samráð við almenning stendur yfir
Bordeaux - Tours		Járnbrautir	Verk stendur yfir
Paris		Járnbrautir	Syðri háhraðahjáleið
Frankfurt - Mannheim		Járnbrautir	Endurnýjun
Baudrecourt - Strasbourg		Járnbrautir	Verk stendur yfir og á að vera lokið eigi síðar en 2016
Le Havre - Paris		Skipgengar vatnaleiðir	Endurnýjun
Le Havre - Paris		Járnbrautir	Rannsóknir, endurnýjun
Le Havre		Höfn, járnbraut	Rannsóknir og verk í tengslum við afkastagetu hafnar, hraðbrautar hafsins og samtenginga

Norðursjór – Eyrstrasaltið

LEID:

Belfast – Baile Átha Cliath/Dublin – Corcaigh/Cork

Glasgow/Edinburgh – Liverpool/Manchester – Birmingham

Birmingham – Felixstowe/London /Southampton

London – Lille – Brussel/Bruxelles

Amsterdam – Rotterdam – Antwerpen – Brussel/Bruxelles – Luxembourg

Luxembourg – Metz – Dijon – Macon – Lyon – Marseille

Luxembourg – Metz – Strasbourg – Basel

Antwerpen/Zeebrugge – Gent – Dunkerque/Lille – Paris

FORGREINDIR KAFLAR, Þ.M.T. VERKEFNI:

Corcaigh/Cork – Dublin – Baile Átha Cliath/Belfast	Járnbrautir	Rannsóknir og verk; Baile Átha Cliath/Dublin samtengingin (DART);
Belfast	Höfn, fjölpættar tengingar	Endurnýjun
Glasgow – Edinburgh	Járnbrautir	Endurnýjun
Manchester – Liverpool	Járnbrautir	Endurnýjun og rafvæðing, þ.m.t. á Northern Hub
Birmingham – Reading – Southampton	Járnbrautir	Endurnýjun vöruflutningabrautar
Baile Átha Cliath/Dublin, Corcaigh/Cork, Southampton	Hafnir, járnbrautir	Rannsóknir og verk í tengslum við afkastagetu hafnar, hraðbrautar hafsins og samtenginga
Dunkerque	Höfn	Frekari þróun miðstöðva fyrir fjölpætta flutninga og samtenginga
Calais – Paris	Járnbrautir	Forrannsóknir
Bruxelles/Brussel	Járnbrautir	Rannsóknir og verk (norður-suður tenging fyrir hefðbundnar lestir og háhraðalestir)
Felixstowe – Midlands	Járnbraut, höfn, miðstöðvar fyrir fjölpætta flutninga	Endurnýjun járnbrautar, samtengingar milli hafnar og miðstöðva fyrir fjölpætta flutninga
Maas, þ.m.t. Maaswerken	Skipgengar vatnaleiðir	Endurnýjun
Albertkanaal/Canal Bocholt-Herentals	Skipgengar vatnaleiðir	Endurnýjun
Rhine-Scheldt leiðareinin: Volkeraklock og Kreekaklock, Krammerlock og Lock Hansweert	Skipgengar vatnaleiðir	Skipastigar: rannsóknir standa yfir
Terneuzen	Siglingar	Skipastigar: rannsóknir standa yfir; verk
Terneuzen – Gent	Skipgengar vatnaleiðir	Rannsóknir, endurnýjun
Zeebrugge	Höfn	Skipaskurðir: rannsóknir, samtengingar (rannsóknir og verk)

Antwerpen	Sjóferðir, höfn, járnbraut	Skipastigar: rannsóknir standa yfir; höfn: samtengingar (þ.m.t. aðgangur að öðru spori til hafnarinnar í Antwerpen)
Rotterdam – Antwerpen	Járnbrautir	Endurnýja á járnbrautarspor til vöruflutninga
Canal Seine Nord; Seine – Escaut	Skipgengar vatnaleiðir	Rannsóknir og verk; endurnýjun, þ.m.t. tengingar yfir landamæri og milli fjölpættra flutningaleiða
Dunkerque – Lille	Skipgengar vatnaleiðir	Rannsóknir standa yfir
Antwerpen, Bruxelles/Brussels, Charleroi	Skipgengar vatnaleiðir	Endurnýjun
Endurnýjun vatnaleiða í Wallonia	Skipgengar vatnaleiðir	Rannsóknir, endurnýjun, tengingar milli flutningaleiða
Brussel/Bruxelles – Luxembourg – Strasbourg	Járnbrautir	Verk standur yfir
Antwerpen – Namur – lúxemborgísku landamærin – frönsku landamærin	Járnbrautir	Endurnýjun járnbrautarspors til vöruflutninga
Strasbourg - Mulhouse - Basel	Járnbrautir	Endurnýjun
Járnbrautartengingar Luxembourg – Dijon – Lyon (TGV Rhin – Rhône)	Járnbrautir	Rannsóknir og verk
Lyon	Járnbrautir	Eystri hjáleið: rannsóknir og verk
Canal Saône – Moselle/Rhin	Skipgengar vatnaleiðir	Forrannsóknir standa yfir
Rhône	Skipgengar vatnaleiðir	Endurnýjun
Höfn í Marseille-Fos	Höfn	Samtengingar og miðstöðvar fyrir fjölpætta flutninga
Lyon - Avignon – Port de Marseille – Fos	Járnbrautir	Endurnýjun

Rín – Dóná

LEID:

Strasbourg – Stuttgart – München – Wels/Linz

Strasbourg – Mannheim – Frankfurt – Würzburg – Nürnberg – Regensburg – Passau – Wels/Linz

München/Nürnberg – Praha – Ostrava/Přerov – Žilina – Košice – úkraínsku landamærin

Wels/Linz – Wien – Bratislava – Budapest – Vukovar

Wien/Bratislava – Budapest – Arad – Braşov/Craiova – Bucureşti – Constanţa – Sulina

FORGREINDIR KAFLAR, Þ.M.T. VERKEFNI:

Járnbrautartenging Strasbourg - Kehl Appenweier	Járnbrautir	Verk samtenging Appenweier
Karlsruhe - Stuttgart - München	Járnbrautir	Rannsóknir og verk standa yfir
Ostrava/Přerov – Žilina – Košice – úkraínsku landamærin	Járnbrautir	Endurnýjun, miðstöðvar fyrir fjölpætta flutninga
Zlín – Žilina	Vegir	Vegakafli við landamæri
München – Praha	Járnbrautir	Rannsóknir og verk
Nürnberg – Praha	Járnbrautir	Rannsóknir og verk

München – Mühldorf – Freilassing – Salzburg	Járnbrautir	Rannsóknir og verk standa yfir
Salzburg – Wels	Járnbrautir	Rannsóknir
Nürnberg – Regensburg – Passau – Wels	Járnbrautir	Rannsóknir og verk
Járnbrautatenging Wels – Wien	Járnbrautir	Lok áætluð eigi síðar en 2017
Wien – Bratislava / Wien – Budapest / Bratislava – Budapest	Járnbrautir	Rannsóknir á háhraðajárnbraut (þ.m.t. samræming tenginga milli borganna þriggja)
Budapest – Arad	Járnbrautir	Rannsóknir á háhraðaneti milli Budapest og Arad
Komárom – Komárno	Skipgengar vatnaleiðir	Rannsóknir og verk vegna brúar yfir landamærin
Arad – Braşov – Bucureşti – Constanţa	Járnbrautir	Endurnýjun á tilteknum köflum; rannsóknir vegna háhraðalesta
Main – Main-Donau-Canal	Skipgengar vatnaleiðir	Rannsóknir og verk á nokkrum svæðum og flöskuhálsnum; hafnir við skipgengar vatnaleiðir; fjölþættar samtengingar við járnbrautir
Slavonski Brod	Höfn	Rannsóknir og verk
Giurgiu, Galaţi	Höfn	Frekari þróun miðstöðva fyrir fjölþætta flutninga og tenginga við upplandið: rannsóknir og verk
Danube (Kehlheim – Constanţa/Midia/Sulina)	Skipgengar vatnaleiðir	Rannsóknir og verk á nokkrum svæðum og flöskuhálsnum; hafnir við skipgengar vatnaleiðir; fjölþættar samtengingar
Sava	Skipgengar vatnaleiðir	Rannsóknir og verk á nokkrum svæðum og flöskuhálsnum (þ.m.t. brú yfir landamæri)
Bucureşti – Dunăre Canal	Skipgengar vatnaleiðir	Rannsóknir og verk
Constanţa	Höfn, hraðbraut hafsins	Samtengingar við höfn, hraðbraut hafsins (þ.m.t. ísbrotspjónusta)
Craiova – Bucureşti	Járnbrautir	Rannsóknir og verk

3. Önnur svæði á grunnnetinu

Sofia að makedónsku landamærunum	Landamæri	Járnbrautir	Rannsóknir standa yfir
Sofia að serbnesku landamærunum	Landamæri	Járnbrautir	Rannsóknir standa yfir
Timişoara – serbnesku landamærin	Landamæri	Járnbrautir	Rannsóknir standa yfir
Wrocław – Praha	Landamæri	Járnbrautir	Rannsóknir
Nowa Sól – Hradec Králové	Landamæri	Vegir	Verk
Brno – austurrísku landamærin	Landamæri	Vegir	Endurnýjun
Budapest – Zvolen	Landamæri	Vegir	Endurnýjun
Budapest – serbnesku landamærin	Landamæri	Járnbrautir	Rannsóknir
Leiðareinin við Helsingjaboutn: Luleå – Oulu	Landamæri	Járnbrautir	Rannsóknir og verk

Iaşi- moldóvsku landamærin	Landamæri	Járnbrautir	Rannsóknir og verk standa yfir
Suceava-úkraínsku landamærin	Landamæri	Járnbrautir	Rannsóknir og verk
Forgangsverkefni eins og þau eru skilgreind í III. viðauka við ákvörðun nr. 661/2010/ESB (Prag - Linz, ný afkastamikil lest: Miðlæga tengingin yfir Pýreneafjöllin, "Iron Rhine" (Rheidt-Antwerpen))	Landamæri	Járnbrautir	Rannsóknir standa yfir
Târgu Neamt–Ungheni	Landamæri	Vegir	Endurnýjun
Marijampolè-Kybartai (landamæri Litháen og Rússlands)	Landamæri	Vegir	Endurnýjun
Vilnius-landamæri Litháen og Hvíta-Rússlands	Landamæri	Vegir	Endurnýjun
Ioannina – Kakavia (landamæri Grikklands og Albaníu)	Landamæri	Vegir	Rannsóknir
Kleidi – Polikastro – Evzonoí (landamæri Grikklands og Makedóníu)	Landamæri	Vegir	Endurnýjun
Serres – Promahonas – landamæri Grikklands og Búlgaríu	Landamæri	Vegir	Verk stendur yfir
Alexandroupoli – Kipoi landamæri Grikklands og Tyrklands	Landamæri	Vegir	Rannsóknir og verk
Dubrovnik – landamæri Króatíu og Svartfjallalands	Landamæri	Vegir	Verk
Kędzierzyn Koźle – Chałupki-granica	Landamæri	Járnbrautir	Verk
A Coruña – Vigo –Palencia Gijón – Palencia	Flöskuháls	Járnbraut, hraðbraut hafsins	Verk standa yfir (þ.m.t. hafnir og miðstöðvar fyrir fjölþætta flutninga)
Frankfurt – Fulda – Erfurt – Berlin	Flöskuháls	Járnbrautir	Rannsóknir
Rail Egnatia	Flöskuháls	Járnbrautir	Rannsóknir standa yfir
Sundsvall – Umeå – Luleå	Flöskuháls	Járnbrautir	Rannsóknir og verk
Zagreb – serbnesku landamærin	Flöskuháls	Járnbrautir	Rannsóknir og verk
A Coruña – Madrid (farþega-flutningar með háhraðatengingum)	Flöskuháls	Járnbrautir	Verk stendur yfir
Stockholm – Gävle – Sundsvall	Önnur grunnnet	Járnbrautir	Verk
Mjölby – Hallsberg – Gävle	Önnur grunnnet	Járnbrautir	Verk
Bothnian – Kiruna – norsku landamærin	Önnur grunnnet	Járnbrautir	Rannsóknir og verk
Milford Haven – Swansea – Cardiff	Önnur grunnnet	Járnbrautir	Endurnýjun
Járnbrautatenging Sionainn/Shannon Faing/Foynes – Gabhal Luimnigh/Limerick hnútpunkturinn	Önnur grunnnet	Járnbrautir	Rannsóknir
High Speed 2	Önnur grunnnet	Járnbrautir	Rannsóknir og verk fyrir háhraðabrautina London – Midlands

Úkraínsku landamærin – Kraków – Katowice – Wrocław – Dresden	Önnur grunnnet	Járnbrautir	Verk
Riga – landamæri Rússlands og Hvíta-Rússlands	Önnur grunnnet	Járnbrautir	Endurnýjun
Vilnius – hvítússnesku landamærin	Önnur grunnnet	Járnbrautir	Endurnýjun, samtenging flugvalla
Kybartai – Kaunas	Önnur grunnnet	Járnbrautir	Endurnýjun
Tallinn – Tartu – Koidula – rússnesku landamærin	Önnur grunnnet	Járnbrautir	Endurnýjun
Marseille – Toulon – Nice – Ventimiglia – Genova	Önnur grunnnet	Járnbrautir	Rannsóknir vegna háhraðalesta
Bordeaux – Toulouse	Önnur grunnnet	Járnbrautir	Rannsóknir vegna háhraðalesta
Helsinki – Oulu	Önnur grunnnet	Járnbrautir	Endurnýjun kafla
Bilbao – Pamplona – Zaragoza – Sagunto	Önnur grunnnet	Járnbrautir	Rannsóknir og verk
Brunsbüttel – Kiel (Nord-Ostseekanal)	Önnur grunnnet	Skipgengar vatnaleiðir	Bestun aðstöðu til siglinga
Cardiff – Bristol – London	Önnur grunnnet	Járnbrautir	Endurnýjun, þ.m.t. Crossrail
Alba-Iulia – Turda – Dej – Suceava – Pașcani – Iași	Önnur grunnnet	Járnbrautir	Rannsóknir og verk
București – Buzău	Önnur grunnnet	Járnbrautir	Endurbætur og viðgerðir á járnbrautargrunnvirkjum og tengingar við upplandið
Ruhrsvæðið – Münster – Osnabrück – Hamburg	Önnur grunnnet	Járnbrautir	Endurnýjun á svæðinu Münster - Lünen (tvöfalt spor)
Nantes – Tours – Lyon	Önnur grunnnet	Járnbrautir	Rannsóknir og verk
Ploiești-Suceava	Önnur grunnnet	Járnbrautir	Rannsóknir
Heraklion	Önnur grunnnet	Flugvöllur, samtengt flutningagrunnvirki/-kerfi	Rannsóknir og verk, endurnýjun og þróun grunnvirkja, fjölþættar samtengingar
Huelva – Sevilla	Önnur grunnnet	Járnbrautir	Verk stendur yfir
Fredericia-Frederikshavn	Önnur grunnnet	Járnbrautir	Endurnýjun, þ.m.t. rafvæðing
Barcelona – Valencia – Livorno	Önnur grunnnet	Hraðbraut hafsins	Endurnýjun

II. HLUTI

SKRÁ YFIR FORGANGSLEIÐAREINAR OG -SVÆÐI Í ORKUGEIRANUM

1. Forgangsleiðareinar fyrir raforku

- 1) Dreifikerfi í Norðurhöfum („NSOG“): þróun samþætts raforkunets á hafi úti og samtengla þess í Norðursjó, Írlandshafi, Ermarsundi, Eystrasalti og nærliggjandi hafsvæðum til að flytja raforku frá endurnýjanlegum orkugjöfum á hafi úti til svæða fyrir notkun og geymslu og til að auka raforkuviðskipti yfir landamæri.

Hlutaðeigandi aðildarríki: Belgía, Danmörk, Frakkland, Þýskaland, Írland, Lúxemborg, Holland, Svíþjóð, Breska konungsríkið.

- 2) Norður-suður samtengilínur fyrir raforku í Vestur-Evrópu: samtengilínur milli aðildarríkja á svæðinu og við Miðjarðarhafssvæðið, að Pýreneaskaga meðtöldum, einkum til að fella raforku frá endurnýjanlegum orkugjöfum inn í þær og styrkja innri netgrunnvirki til að stuðla að markaðssamþættingu á svæðinu.

Hlutaðeigandi aðildarríki: Austurríki, Belgía, Frakkland, Þýskaland, Írland, Ítalía, Lúxemborg, Holland, Malta, Portúgal, Spánn, Breska konungsríkið.

- 3) Norður-suður samtengilínur fyrir raforku í mið- og suðurluta Austur-Evrópu: samtengilínur og innri línur í norður-suðurátt og austur-vesturátt til að koma endanlega á innri markaðnum og fella framleiðslu frá endurnýjanlegum orkugjöfum inn í þær.

Hlutaðeigandi aðildarríki: Austurríki, Búlgaría, Króatía, Tékkland, Kýpur, Þýskaland, Grikkland, Ungverjaland, Ítalía, Pólland, Rúmenía, Slóvakía, Slóvenía.

- 4) Áætlunin um samtengilínur fyrir raforku á orkumarkaði Eystrasaltssvæðisins: samtengilínur milli aðildarríkja á Eystrasaltssvæðinu og tilsvareandi styrking innri netgrunnvirkja til að binda enda á einangrun Eystrasaltsríkjanna og stuðla að markaðssamþættingu, m.a. með því að vinna að því að fella endurnýjanlega orku á svæðinu inn í þær.

Hlutaðeigandi aðildarríki: Danmörk, Eistland, Finnland, Þýskaland, Lettland, Litháen, Pólland og Svíþjóð.

2. Forgangsleiðareinar fyrir gas

- 1) Norður-suður samtengileiðslur fyrir gas í Vestur-Evrópu: gasgrunnvirki fyrir norður-suður gasflæði í Vestur-Evrópu til að auka frekar fjölbreytni afhendingarleiða og efla afhendingargetu gass til skamms tíma.

Hlutaðeigandi aðildarríki: Belgía, Danmörk, Frakkland, Þýskaland, Írland, Ítalía, Lúxemborg, Malta, Holland, Portúgal, Spánn, Breska konungsríkið.

- 2) Norður-suður samtengileiðslur fyrir gas í mið- og suðurluta Austur-Evrópu: gasgrunnvirki fyrir svæðisbundnar tengingar á Eystrasaltssvæðinu, Adríahafi og Eyjahafi, austurluta Miðjarðarhafs og Svartahafi og innan þessara svæða og til að efla fjölbreytileika og öryggi í afhendingu gass.

Hlutaðeigandi aðildarríki: Austurríki, Búlgaría, Króatía, Kýpur, Tékkland, Þýskaland, Grikkland, Ungverjaland, Ítalía, Pólland, Rúmenía, Slóvakía, Slóvenía.

- 3) Syðri gasleiðareinin: grunnvirki fyrir gasflutninga frá Kaspíahafssvæðinu, Mið-Asíu, Austurlöndum nær og austurluta Miðjarðarhafssvæðisins til Sambandsins til að efla fjölbreytileika í afhendingu gass.

Hlutaðeigandi aðildarríki: Austurríki, Búlgaría, Króatía, Tékkland, Kýpur, Frakkland, Þýskaland, Ungverjaland, Grikkland, Ítalía, Pólland, Rúmenía, Slóvakía, Slóvenía.

- 4) Áætlunin um samtengileiðslur fyrir gas á orkumarkaði Eystrasaltssvæðisins: grunnvirki fyrir gas til að binda enda á einangrun Eystrasaltsríkjanna Þriggja og Finnlands og það hversu háð þau eru einum afhendingaraðila, til að styrkja innri netgrunnvirki í samræmi við það og efla fjölbreytileika og afhendingaröryggi á Eystrasaltssvæðinu.

Hlutaðeigandi aðildarríki: Danmörk, Eistland, Finnland, Þýskaland, Lettland, Litháen, Pólland og Svíþjóð.

3. Forgangshemasvið

- 1) Útbreiðsla snjallneta: upptaka tækni fyrir snjallnet um allt Sambandið til að samþætta atferli og aðgerðir allra notenda, sem eru tengdir raforkunetinu, á skilvirkan hátt, einkum raforkuframleiðsla í miklu magni frá endurnýjanlegum eða dreifðum orkugjöfum og viðbragð við eftirspurn af hálfu neytenda.

Hlutaðeigandi aðildarríki: öll.

- 2) Raforkuhraðbrautir: fyrstu raforkuhraðbrautir eigi síðar en 2020, með það fyrir augum að byggja kerfi slíkra brauta um allt Sambandið, sem er fært um að:

- a) taka við sívaxandi umframframleiðslu vindorku í og kringum Norðursjó og Eyrstrasalt og vaxandi framleiðslu endurnýjanlegrar orku í austur- og suðurhluta Evrópu og einnig Norður-Afríku,
- b) tengja þessar nýju framleiðslumiðstöðvar helstu geymslurýmum á Norðurlöndum, í Alpahéruðunum og á öðrum svæðum þar sem eru stór notkunarsvæði og
- c) ráða við sífellt fjölbreyttara og dreifstýrðara framboð og sveigjanlega eftirspurn eftir raforku.

Hlutaðeigandi aðildarríki: öll.

- 3) Koltvísyringsnet yfir landamæri: þróun grunnvirkis fyrir flutning á koltvísyringi milli aðildarríkja og til og frá aðlægum þriðju löndum með fyrir augum að taka upp föngun og geymslu koltvísyrings.

Hlutaðeigandi aðildarríki: öll.

III. HLUTI

SKILMÁLAR, SKILYRÐI OG MÁLSMEÐFERÐ Í TENGLUM VIÐ FJÁRMÖGNUNARLEIÐIR

Markmið og rökstuðningur

Markmið fjármögnunarleiða innan ramma sjóðsins um samtengda Evrópu er að greiða fyrir aðgangi verkefna á sviði grunnvirkja að verkefnafjármögnun og fyrirtækjafjármögnun með því að nota fjármögnun Sambandsins sem vogarafli.

Fjármögnunarleiðirnar skulu aðstoða við að fjármagna verkefni sem þjóna sameiginlegum hagsmunum og fela í sér skýran evrópskan virðisauka, auk þess að greiða fyrir ríkari þátttöku einkageirans í langtímafjármögnun slíkra verkefna á sviði flutninga-, fjarskipta- og orkumála, þ.m.t. breiðbandsneti.

Fjármögnunarleiðirnar skulu gagnast verkefnum með fjármögnunarfærir til meðallangs og langs tíma og leiða til aukins hagræðis hvað varðar markaðsáhrif, stjórnsýslulegar skilvirkni og nýtingu tilfanga.

Þær skulu sjá hagsmunaaðilum á sviði grunnvirkja, s.s. fólki í fjármálagéiranum, opinberum yfirvöldum, stjórnendum grunnvirkja, fyrirtækjum í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð og rekstraraðilum fyrir samræmdum markaðsmiðuðum tækjum innan ramma fjárhagsaðstoðar Sambandsins.

Fjármögnunarleiðirnar skulu samanstanda af:

- a) leið vegna lána og ábyrgða, með stuðningi áhættuhlutdeildarleiðar, þ.m.t. kerfi til að bæta lánshæfi verkefnis-skuldabréfa („lánsfjárleið“) og
- b) leið vegna eigin fjár („eiginfjárleið“),

sem skal aðstoða við að yfirvinna markaðshömlur með því að bæta fjármögnunar- og/eða áhættulýsingar á fjárfestingum í grunnvirkjum. Þetta skal þannig efla aðgang fyrirtækja og annarra aðstoðarþega að lánnum, ábyrgðum, eigin fé og öðrum formum fjárfestinga einkaaðila.

Þar til skipulagningu lánsfjár- og eiginfjárleiða lýkur skal framkvæmdastjórnin annast fyrirframmat í samræmi við reglugerð (ESB, KBE) nr. 966/2012. Úttekt á fyrirliggjandi, sambærilegum fjármögnunarleiðum skal, þar sem við á, vera framlag til þessa fyrirframmats.

I. Lánsfjárleið

1. Almenn ákvæði

Markmið lánsfjárleiðarinnar skal vera að aðstoða við að yfirvinna annmarka evrópskra lánsfjármarkaða með því að bjóða áhættuhlutdeild við lánsfjármögnun. Ábyrgir aðilar eða sérhæfðar fjárfestingarleiðir skulu láta í té lánsfjármögnun í formi forgangslána eða -ábyrgða og víkjandi lána eða ábyrgða.

Lánsfjárleiðin skal samanstanda af áhættuhlutdeildarleið vegna lána og ábyrgða og framtaksverkefninu um verkefnisskuldabréf. Skipuleggjendur verkefna geta enn fremur leitað eftir fjármögnun eigin fjár innan ramma eiginfjárleiðarinnar.

a. Áhættuhlutdeildarleið vegna lána og ábyrgða

Áhættuhlutdeildarleiðin vegna lána og ábyrgða skal þannig úr garði gerð að mynda getu til aukinnar áhættu hjá ábyrgum aðilum. Þetta skal gera ábyrgum aðilum kleift að láta í té fjármögnuð og ófjármögnuð víkjandi lán eða forgangslán til verkefna og fyrirtækja í því skyni að auðvelda aðgang skipuleggjenda að fjármögnun hjá bönkum. Ef lánsfjármögnun er víkjandi skal hún ganga aftur forgangsláni en framar eigin fé og fjármögnun er tengist eigin fé.

Ófjármagnaða víkjandi lánsfjármögnunin skal ekki fara yfir 30% af heildarfjárhæð útgefins forgangsláns.

Forgangslánsfjármögnunin sem látin er í té innan ramma lánsfjárleiðarinnar skal ekki fara yfir 50% af heildarfjárhæð allrar forgangslánsfjármögnunar sem ábyrgur aðili eða sérhæfðar fjárfestingarleiðir láta í té.

b. Framtaksverkefni um verkefnisskuldabréf

Áhættuhlutdeildarleiðin til verkefnisskuldabréfa skal skipulögð sem víkjandi lánsfjármögnun til þess að greiða fyrir fjármögnun til verkefnastarfsemi sem aflar forgangslána í formi skuldabréfa. Þessi fjármögnunarleið til að bæta lánshæfi skal miða að því að aðstoða við öflun lánshæfismats í fjárfestingarflokki fyrir forgangslán.

Það skal ganga aftur forgangsláni en framar eigin fé og fjármögnun er tengist eigin fé.

Fjármögnun víkjandi láns skal ekki fara yfir 30% af heildarfjárhæð útgefna forgangslánsins.

2. Fjárhagslegir mæliþættir og vogunaráhrif

Ákvarða skal mæliþætti fyrir áhættu- og tekjuhlutdeild þannig að ná megi sértækum stefnumiðum, þ.m.t. þeim sem beinast að tilteknum verkefnaflokkum, og halda jafnframt markaðsdrifinni nálgun lánsfjárleiðarinnar.

Áætluð vogun lánsfjárleiðarinnar - skilgreind sem heildarfjármögnun (þ.e. framlag Sambandsins að viðbættu framlagi frá öðrum), deilt í með framlagi Sambandsins - skal vera frá 6 til 15, eftir því um hvers konar aðgerðir er að ræða (áhættustig, fyrirhugaðir aðstoðarþegar og viðkomandi lánsfjárleið).

3. Blandað saman við fjármagn frá öðrum

Blanda má fjármögnun frá lánsfjárleiðinni saman við önnur aðgreind framlög af fjárlögum, sem eru sett fram hér á eftir, samkvæmt þeim reglum sem er mælt fyrir um í reglugerð (ESB, KBE) nr. 966/2012 og viðeigandi lagagrunni:

- a) aðra hluta sjóðsins fyrir samtengda Evrópu,
- b) aðrar fjármögnunarleiðir, áætlanir og liði á fjárlögum Sambandsins,
- c) aðildarríki, þ.m.t. svæðis- og staðaryfirvöld, sem óska eftir því að leggja til eigið fjármagn eða fjármagn sem fyrir liggur í sjóðum innan ramma samheldnistefnunar án þess að breyta eðli fjármögnunarleiðarinnar.

4. Framkvæmd

Ábyrgir aðilar

Velja skal ábyrga aðila í samræmi við reglugerð (ESB, KBE) nr. 966/2012.

Framkvæmd innan ramma óbeins stjórnunarmáta getur verið í formi beins umboðs til ábyrgra aðila. Að því er fjármögnunarleiðir innan ramma beins umboðs (þ.e. innan óbeins stjórnunarmáta) varðar skulu ábyrgir aðilar stjórna framlagi Sambandsins til lánsfjárleiðarinnar og deila áhættunni.

Enn fremur má líta til þess að koma á fót sérhæfðri fjárfestingarleið til þess að samnýta framlög frá mörgum fjárfestum. Setja má framlag Sambandsins aftar framlögum annarra fjárfesta.

Skipulagning og framkvæmd

Laga skal skipulagninguna að almennum ákvæðum um fjármögnunarleiðir sem eru sett fram í reglugerð (ESB, KBE) nr. 966/2012.

Mæla skal fyrir um ítarlega skilmála og skilyrði fyrir framkvæmd lánsfjárleiðarinnar, þ.m.t. vöktun og eftirlit, í samningi milli framkvæmdastjórnarinnar og viðkomandi ábyrgs aðila með hliðsjón af þeim ákvæðum sem mælt er fyrir um í þessum viðauka og reglugerð (ESB, KBE) nr. 966/2012.

Fjárvörslureikningur

Ábyrgur aðili skal stofna fjárvörslureikning fyrir framlag Sambandsins og tekjur sem verða til á grundvelli framlags Sambandsins.

5. Nýting framlags Sambandsins

Nýta skal framlag Sambandsins:

- a) til að mæta áhættutengdum afskriftum,
- b) til að mæta þóknunum og kostnaði í tengslum við stofnun og stjórnun lánsfjárleiðarinnar, þ.m.t. aðgerðir hennar vegna mats og stuðnings, sem ákveðnar hafa verið í samræmi við reglugerð (ESB, KBE) nr. 966/2012 og markaðsvenjur. Stjórnsýslu- og árangurstengdar þóknarir, sem greiða ber ábyrga aðilinum, skulu ekki fara yfir 2% og 3%, eftir því sem við á, af framlagi Sambandsins sem er í reynd notað til einstakra aðgerða á grundvelli aðferðafræði, sem byggist á kostnaðargrundvelli og er samþykkt milli framkvæmdastjórnarinnar og ábyrgu aðilanna,
- c) til stuðningsaðgerða sem tengjast beint.

6. Verðlagning, skipting áhættu og tekna

Lánsfjárleiðin skal bera verð sem aðstoðarþeganum ber að greiða í samræmi við viðeigandi reglur og viðmiðanir ábyrgu aðilanna eða sérhæfðu fjárfestingarleiðanna og í samræmi við bestu markaðsvenjur.

Að því er bein umboð ábyrga aðila varðar skal áhættuhlutdeildarmynstrið endurspeglast í viðeigandi skiptingu áhættuþóknunar sem ábyrgi aðilinn krefst af lántökum sínum milli Sambandsins og ábyrga aðilans.

Að því er sérhæfðar fjárfestingarleiðir varðar skal áhættuhlutdeildarmynstrið endurspeglast í viðeigandi skiptingu áhættuþóknunar sem sérhæfða fjárfestingarleiðin krefst af lántökum sínum milli Sambandsins og hinna fjárfestanna.

Óháð vali á áhættuhlutdeildarmynstri skal ábyrgi aðilinn alltaf deila hluta af skilgreindri áhættu og ætíð taka á sig eftirstæða áhættulagið að fullu.

Fjárlög Sambandsins skulu taka til að hámarki 50% af áhættu af markaðri lánsfjárlýsingu innan ramma lánsfjárleiðarinnar. Hámarksáhættuþak að 50% skal gilda um marktærð sérhæfðra fjárfestingarleiða.

7. Málsmeðferð við umsóknir og samþykki

Umsóknum skal beint til ábyrga aðilans eða sérhæfðu fjárfestingarleiðarinnar, eftir því sem við á, í samræmi við staðlað umsóknarferli. Ábyrgu aðilarnir og sérhæfðu fjárfestingarleiðirnar skulu samþykkja verkefnið í samræmi við innri málsmeðferðarreglur sínar.

8. Gildistími lánsfjárleiðarinnar

Framkvæmdastjórnin skal greiða síðustu hlutagreiðsluna af framlagi Sambandsins til lánsfjárleiðarinnar eigi síðar en 31. desember 2020. Ljúka skal við eiginlega samþykkt lánsfjármögnunar af hálfu ábyrgu aðilanna eða sérhæfðu fjárfestingarleiðanna eigi síðar en 31. desember 2022.

9. *Gildistok*

Endurgreiða skal fjárframlag Sambandsins til lánsfjárleiðarinnar inn á viðkomandi fjárvörslureikning þegar lánsfjármögnun lýkur eða er endurgreidd. Á fjárvörslureikningi skal halda nægilegu fjármagni til að mæta þóknunum eða áhættu í tengslum við lánsfjárleiðina þar til hún fellur úr gildi.

10. *Skýrslugjöf*

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja aðferðir við skýrslugjöf um framkvæmd lánsfjárleiðarinnar í samningi og ábyrgi aðilinn í samræmi við reglugerð (ESB, KBE) nr. 966/2012.

Framkvæmdastjórnin skal að auki, með stuðningi ábyrgu aðilanna, gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu á hverju ári fram til ársins 2023 um framkvæmd, ríkjandi markaðsaðstæður vegna notkunar leiðarinnar, uppfærð verkefni og verkefni í undirbúningi, þ.m.t. upplýsingar um verkefni á ólíkum stigum ferlisins, en virða jafnframt trúnað og viðkvæmar markaðsupplýsingar í samræmi við 8. gr. 140. gr. reglugerðar (ESB, KBE) nr. 966/2012.

11. *Vöktun, eftirlit og mat*

Framkvæmdastjórnin skal fylgjast með framkvæmd lánsfjárleiðarinnar, þ.m.t. með eftirliti á vettvangi eftir því sem við á, og skal annast sannpröfun og eftirlit í samræmi við reglugerð (ESB, KBE) nr. 966/2012.

12. *Stuðningsaðgerðir*

Styðja má við framkvæmd lánsfjárleiðarinnar með ýmiss konar fylgirádstöfununum. Þær geta, meðal annarra ráðstafana, verið tækni- og fjárhagsaðstoð, ráðstafanir til að auka vitund fjármagnseigenda og fjármagnskerfi til að laða að einkafjárfesta.

Fjárfestingarbanki Evrópu skal, að beiðni framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins eða viðkomandi aðildarríkja, láta í té tækniástoð, m.a. með hliðsjón af fjárhagslegri skipan verkefna sem þjóna sameiginlegum hagsmunum, þ.m.t. þau sem eru til framkvæmdar leiðareinum grunnnetsins eins og skráð er í I. hluta. Slík tækniástoð skal einnig taka til stuðnings við stjórnvaldseiningar til þess að þróa viðeigandi getu stofnana.

II. **Eiginfjárgerningur**

1. *Almenn ákvæði*

Markmið eiginfjárleiðarinnar skal vera að aðstoða við að yfirvinna anmarka evrópskra fjármagnsmarkaða með því að bjóða fjárfestingar í eigin fé og ígildi eigin fjár.

Hámarksfjárhæðir framlags Sambandsins skulu takmarkaðar sem hér segir:

- 33% af markaðri stærð eigin fjár eða
- sameiginleg fjárfesting Sambandsins í verkefni skal ekki fara yfir 30% af samanlögðu eigin fé í fyrirtæki.

Skipuleggjendur verkefnisins geta enn fremur leitað eftir fjármögnun lánsfjár innan ramma lánsfjárleiðarinnar.

2. *Fjárhagslegir mæliþættir og vogunaráhrif*

Setja skal mæliþætti fyrir fjárfestingu fram þannig að ná megi sértækum stefnumiðum, þ.m.t. að ná til tiltekinn flokka verkefna á sviði grunnvirkja og halda jafnframt markaðsmiðaðri nálgun þessarar fjármögnunarleiðar.

Telja skal að áætluð vogun eiginfjárleiðarinnar — skilgreint sem heildarfjármögnun (þ.e. framlag Sambandsins auk allra framlaga frá öðrum fjárfestum), deilt í með framlagi Sambandsins — liggja að meðaltali á bilinu 5 til 10, háð markaðssérkennum.

3. *Blandað saman við fjármagn frá öðrum*

Blanda má fjármögnun frá eiginfjárleiðinni saman við önnur aðgreind framlög af fjárlögum, sem eru sett fram hér á eftir, samkvæmt þeim reglum sem er að finna í reglugerð (ESB, KBE) nr. 966/2012 og viðeigandi lagagrunni:

- a) aðra hluta sjóðsins fyrir samtengda Evrópu,
- b) aðrar fjármögnunarleiðir, áætlanir og liði á fjárlögum Sambandsins og

- c) aðildarríki, þ.m.t. svæðis- og staðaryfirvöld, sem óska eftir því að leggja til eigið fjármagn eða fjármagn sem fyrir liggur í sjóðum innan ramma samheldnistefunnar án þess að breyta eðli fjármögnunarleiðarinnar.

4. Framkvæmd

Ábyrgir aðilar

Velja skal ábyrga aðila í samræmi við reglugerð (ESB, KBE) nr. 966/2012.

Framkvæmd innan ramma óbeins stjórnunarmáta getur verið í formi beins umboðs til ábyrgra aðila innan óbeins stjórnunarmáta. Að því er fjármögnunarleiðir innan ramma beins umboðs (þ.e. innan óbeins stjórnunarmáta) varðar skulu ábyrgir aðilar stjórna framlagi Sambandsins til eiginfjárleiðarinnar.

Enn fremur má líta til þess að koma á fót sérhæfðri fjárfestingarleið til þess að samnýta framlög frá mörgum fjárfestum. Setja má framlag Sambandsins aftar framlögum annarra fjárfesta.

Í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum getur ábyrgur aðili sett framlag Sambandsins til sértæks verkefnis sem sameiginlega fjárfestingu, í því skyni að ná sértækum stefnumiðum.

Skipulagning og framkvæmd

Laga skal skipulagninguna að almennum ákvæðum um fjármögnunarleiðir sem eru sett fram í reglugerð (ESB, KBE) nr. 966/2012.

Mæla skal fyrir um ítarlega skilmála og skilyrði fyrir framkvæmd eiginfjárleiðarinnar, þ.m.t. vöktun og eftirlit, í samningi milli framkvæmdastjórnarinnar og viðkomandi ábyrgs aðila með hliðsjón af þeim ákvæðum sem mælt er fyrir um í þessum viðauka og í reglugerð (ESB, KBE) nr. 966/2012.

Fjárvörslureikningur

Ábyrgur aðili skal stofna fjárvörslureikning fyrir framlag Sambandsins og tekjur sem verða til á grundvelli framlags Sambandsins.

5. Nýting framlags Sambandsins

Nýta skal framlag Sambandsins:

- a) til hlutfjárþátttöku,
- b) til að mæta samþykktum gjöldum og kostnaði í tengslum við stofnun og stjórnun eiginfjárleiðarinnar, þ.m.t. vegna mats, sem ákveðin hafa verið í samræmi við reglugerð (ESB, KBE) nr. 966/2012 og markaðsvenjur, og
- c) til stuðningsaðgerða sem tengjast beint.

6. Verðlagning, skipting áhættu og tekna

Eiginfjárþóknunin skal samanstanda af hefðbundnum tekjubáttum sem renna til eiginfjárfjáfesta og skal háð árangri af undirliggjandi fjárfestingum.

7. Málsmeðferð við umsóknir og samþykki

Umsóknum skal beint til ábyrga aðilans eða sérhæfðu fjárfestingarleiðarinnar, eftir því sem við á, í samræmi við staðlað umsóknarferli. Ábyrgu aðilarnir og sérhæfðu fjárfestingarleiðirnar skulu samþykkja verkefnið í samræmi við innri málsmeðferðarreglur sínar.

8. Gildistími eiginfjárleiðarinnar

Framkvæmdastjórnin skal greiða síðustu hlutagreiðsluna af framlagi Sambandsins til eiginfjárleiðarinnar eigi síðar en 31. desember 2020. Ljúka skal við eiginleg samþykkt hlutabréfafjárfestinga af hálfu ábyrgu aðilanna eða sérhæfðu fjárfestingarleiðanna eigi síðar en 31. desember 2022.

9. Gildislok

Endurgreiða skal framlag Sambandsins til eiginfjárleiðarinnar inn á viðkomandi fjárvörslureikning þegar fjárfestingum er lokið eða þær gjaldfalla. Á fjárvörslureikningi skal halda nægilegu fjármagni til að mæta þóknunum eða áhættu í tengslum við eiginfjárleiðina þar til hún fellur úr gildi.

10. *Skýrslugjöf*

Framkvæmdastjórnin og ábyrgi aðilinn skulu samþykkja aðferðir við árlega skýrslugjöf um framkvæmd eiginfjárleiðarinnar í samningi í samræmi við reglugerð (ESB, KBE) nr. 966/2012.

Framkvæmdastjórnin skal að auki, með stuðningi ábyrgu aðilanna, gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um framkvæmd á hverju ári fram til ársins 2023 í samræmi við 8. mgr. 140. gr. reglugerðar (ESB, KBE) nr. 966/2012.

11. *Vöktun, eftirlit og mat*

Framkvæmdastjórnin skal fylgjast með framkvæmd eiginfjárleiðarinnar, þ.m.t. með eftirliti á vettvangi eftir því sem við á, og skal annast sannpröfun og eftirlit í samræmi við reglugerð (ESB, KBE) nr. 966/2012.

12. *Stuðningsaðgerðir*

Styðja má við framkvæmd eiginfjárleiðarinnar með ýmiss konar fylgiráðstöfununum. Þær geta, meðal annarra ráðstafana, verið tækni- og fjárhagsaðstoð, ráðstafanir til að auka vitund fjármagnseigenda og fjármagnskerfi til að laða að einkafjárfesta.

IV. HLUTI

LEIÐBEINANDI HUNDRADSHLUTAR VEGNA TILTEKINNA MARKMIÐA Á SVIÐI FLUTNINGA

Fjárveitingunum, sem um getur í a-lið 1. mgr. 5. gr., þó ekki þeim sem er úthlutað til aðgerða til stuðnings áætluninni, skal skipt á milli flutningstengdu markmiðanna eins og skilgreint er í 2. mgr. 4. gr. sem hér segir:

- til að vinna á flöskuhálsum, efla rekstrarsamhæfi jámbrauta, koma á tengingum sem vantar og, einkum og sér í lagi, bæta kafla sem liggja yfir landamæri - 80%,
- til að tryggja sjálfbærni og skilvirkni flutningakerfa til lengri tíma með undirbúning fyrir væntanlegt umferðarflæði í framtíðinni í huga, og einnig gera öllum flutningsmátum kleift að draga úr kolefnislosun með því að færa sig yfir í nýja flutningatækni sem losar lítið af kolefnum og er orkunýtin, jafnframt því að ná besta mögulega öryggi - 5%,
- til að hámarka samþættingu og samtengingu flutningsmáta og efla rekstrarsamhæfi flutningsþjónustu, jafnframt því að tryggja aðgengileika samgöngugrunnvirkja og hafa hliðsjón af innbyggðum þáttum kerfis rannsókna og þróunar á sviði rekstrarstjórnunar flugumferðar í samevrópska loftrýminu (SESAR), upplýsingaþjónustu um ár (RIS), eftirlits- og upplýsingakerfisins fyrir umferð á sjó (VTMIS) og skynvædds flutningakerfis (ITS) fyrir vegageirann sem um getur í vi. lið b-liðar 2. mgr. 10. gr. - 15%.

Fjárhæðina 11 305 500 000 evrur, sem er flutt frá Samheldnisjóðnum, skal einungis setja til verkefna til að koma grunnnetinu í framkvæmd eða verkefna og þverlægra forgangsverkefna sem eru tilgreind í I. hluta þessa viðauka.

V. HLUTI

SKRÁ YFIR ALMENN STEFNUMIÐ SEM Hafa ÞARF HLIÐSJÓN AF VIÐ ÁKVÖRÐUN ÚTHLUTUNARVIÐMIÐANA

Hafa skal hliðsjón af a.m.k. eftirfarandi almennum stefnumiðum við ákvörðun úthlutunarviðmiðana í samræmi við 5. mgr. 17. gr.:

- þroskastigi aðgerðarinnar í þróun verkefnisins,
- traustleika fyrirhugaðrar framkvæmdaáætlunar,
- örvandi áhrifum af stuðningi Sambandsins á fjárfestingar opinberra aðila og einkaaðila, þegar við á,
- þörf á að yfirvinna fjárhagslegar hindranir, s.s. skort á markaðsfjármagni,
- ef við á, efnahagslegum, félagslegum, loftslagstengdum og umhverfistengdum áhrifum og aðgengileika,
- þáttum sem ná yfir landamæri, ef við á.

II. VIÐAUKI

„VIÐAUKI

SKRÁ YFIR UPPHAFLEGAR LEIÐAREINAR FYRIR VÖRUFLOTNINGA

	Aðildarríki	Helstu leiðir ⁽¹⁾	Leiðareinum fyrir vöruflutninga komið á:
„Rín-Alparnir“	NL, BE, DE, IT	Zeebrugge-Antwerpen/Amsterdam/Vlissingen(+)/Rotterdam-Duisburg-[Basel]-Milano- Genova	Eigi síðar en 10. nóvember 2013
„Norðursjór – Miðjarðarhafið“	NL, BE, LU, FR, UK ⁽²⁾	Glasgow(+)/Edinburgh(+)/Southampton(+)/Felixstowe(+)-London(+)/Dunkerque(+)/Lille(+)/Liège(+)/Paris(+)/Amsterdam(+)-Rotterdam-Zeebrugge(+)/Antwerpen-Luxembourg-Metz-Dijon-Lyon/[Basel]-Marseille(+)	Eigi síðar en 10. nóvember 2013
„Skandinavía – Miðjarðarhafið“	SE, DK, DE, AT, IT	Stockholm/[Oslo](+)/Trelleborg(+)-Malmö-Köbenhavn-Hamburg-Innsbruck-Verona-La Spezia(+)/Livorno(+)/Ancona(+)/Taranto(+)/Augusta(+)/ Palermo	Eigi síðar en 10. nóvember 2015
„Atlantshaf“	PT, ES, FR, DE(+)	Sines-Lisboa/Leixões — Madrid-Medina del Campo/ Bilbao/San Sebastian-Irun- Bordeaux-Paris/Le Havre/Metz – Strasbourg(+)/Mannheim(+) Sines-Elvas/Algeciras	Eigi síðar en 10. nóvember 2013
„Eystrasaltið – Adriaahaf“	PL, CZ, SK, AT, IT, SI	Swinoujscie(+)/Gdynia-Katowice-Ostrava/Žilina-Bratislava/Wien/Klagenfurt-Udine-Venezia/ Trieste/ Bologna/Ravenna Graz-Maribor-Ljubljana-Koper/Trieste	Eigi síðar en 10. nóvember 2015
„Miðjarðarhafið“	ES, FR, IT, SI, HU, HR(+)	Almería-Valencia/Algeciras/Madrid-Zaragoza/Barcelona-Marseille-Lyon-Turin-Milano-Verona-Padova/Venezia-Trieste/Koper- Ljubljana-Budapest Ljubljana(+)/Rijeka(+)-Zagreb(+)-Budapest-Zahony (landamæri Ungverjalands og Úkraínu)	Eigi síðar en 10. nóvember 2013
„Austurlönd/ Austur-Miðjarðarhaf“	CZ, AT, SK, HU, RO, BG, EL, DE(+)	— Bucureşti-Constanţa Bremerhaven(+)/Wilhelmshaven(+)/Rostock(+)/Hamburg(+)-Praha-Vienna/Bratislava-Budapest — Vidin-Sofia-Burgas(+)/Svilengrad(+) ⁽³⁾ (landamæri Búlgaríu og Tyrklands)/ Promachonas-Thessaloniki-Athína-Patras(+)	Eigi síðar en 10. nóvember 2013
„Norðursjór – Eystrasalt“ ⁽⁴⁾	DE, NL, BE, PL, LT, LV(+), EE(+)	Wilhelmshaven(+)/Bremerhaven/Hamburg(+)/Amsterdam(+)/Rotterdam/Antwerpen-Aachen/Berlin-Warsaw-Terespol (landamæri Póllands og Hvíta-Rússlands)/Kaunas-Riga(+)-Tallinn(+)	Eigi síðar en 10. nóvember 2015

	Aðildarríki	Helstu leiðir ⁽¹⁾	Leiðareinum fyrir vöruflutninga komið á:
„Rín-Dóná“ ⁽²⁾	FR, DE, AT, SK, HU, RO, CZ	Strasbourg-Mannheim-Frankfurt-Nürnberg-Wels Strasbourg-Stuttgart-München-Salzburg-Wels-Wien-Bratislava-Budapest-Arad-Braşov/Craiova-Bucureşti-Constanţa Čierna og Tisou (landamæri Slóvakíu og Úkraínu)-Košice-Žilina-Horní Lideč-Praha-München/Nürnberg	Eigi síðar en 10. nóvember 2020

⁽¹⁾ „/“ merkir aðrar leiðir. Í samræmi við leiðbeiningar varðandi samevrópskt flutninganet ætti að ljúka leiðareinum við Atlantshaf og Miðjarðarhaf með flutningameginæðinni Sines/Algeciras-Madrid-Paris sem fer yfir miðhluta Pýreneafjalla um göng í lítilli hæð.

⁽²⁾ Leiðir merktar með + skulu taka til viðkomandi leiðareina eigi síðar en þremur árum eftir daginn sem þeim er komið á eins og sýnt er í þessari töflu. Breyta skal fyrirbyggjandi skipulagi skv. 8. gr. og 1. mgr. 13. gr. þessarar reglugerðar með þátttöku fleiri aðildarríkja og stjórnenda grunnvirkja á viðkomandi leiðareinum. Þessir innfelledu þættir skulu byggjast á markaðsrannsóknnum og taka tillit til fyrirbyggjandi farþega- og vöruflutninga í samræmi við 3. mgr. 14. gr. þessarar reglugerðar.

^(*) Leiðir merktar með * skulu taka til viðkomandi leiðareina eigi síðar en fimm árum eftir daginn sem þeim er komið á eins og sýnt er í þessari töflu. Breyta skal fyrirbyggjandi skipulagi skv. 8. gr. og 1. mgr. 13. gr. þessarar reglugerðar með þátttöku fleiri aðildarríkja og stjórnenda grunnvirkja á viðkomandi leiðareinum. Þessar viðbætur skulu byggjast á markaðsrannsóknnum og taka tillit til fyrirbyggjandi farþega- og vöruflutninga í samræmi við 3. mgr. 14. gr. þessarar reglugerðar.

⁽³⁾ Þar til Rail Baltic línan með 1435 mm nafnvídd spors verður að veruleika skal taka tillit til sérkenna ólíkra sporvídarkerfa þegar þessari leiðarein er komið á fót og við rekstur hennar.

⁽⁴⁾ Þegar þessari leiðarein er komið á fót skal byggja á markaðsrannsóknnum og taka tillit til fyrirbyggjandi farþega- og vöruflutninga í samræmi við 3. mgr. 14. gr. þessarar reglugerðar. Koma skal kaflanum „Čierna og Tisou (landamæri Slóvakíu og Úkraínu)-Košice-Žilina-Horní Lideč-Praha“ á fót eigi síðar en 10. nóvember 2013.“